


KJÓSUM MEÐ

ÍSLANDSHREYFINGIN lifandi land



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. apríl 2007 — 107. tölublað — 7. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Peningar kaupa ekki smekk



Pólski stílistinn Agnieszka Baranowska hefur vakið athygli á götum Reykjavíkur fyrir glæsileika.

HELGARVIÐTAL 34

### Stál í stál



Deila Kristjáns Hreinssonar og Sveins Rúnars Sigurðssonar er aftur komin í hnút.

FÓLK 56

### Fátækraskattar

„Slæm staða flestra heimila á Íslandi stafar meðal annars af því hvernig skattkerfið hefur þróast á undanförnum árum,“ skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 18

### Ísbað í fiskikari



Það er ekkert grín að vera leikmaður undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar eins og leikmenn ÍA hafa fengið að reyna í vetur.

ÍÞRÓTTIR 60

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST NORÐVESTAN TIL** - Í dag verða norðaustan 13-20 m/s á Vestfjörðum annars mun hægari. Snjókoma eða él á Vestfjörðum, skúrir eða él nyrðra annars rigning eða skúrir. Hiti 0-10 stig, mildast á landinu sunnanverðu.

VEÐUR 4

# Metbiðlistar á BUGL

**Um 170 börn bíða nú eftir að fá pláss hjá BUGL en þar eru sautján dag- og legupláss í boði. Yfirlæknirinn segist ekki vita til þess að biðin hafi áður verið svo löng en hún er um eitt og hálft ár nú. Móðir segir reynsluna af biðinni gíslingu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta er lengsti biðlisti sem ég man eftir, og hef ég verið þarna í um tíu ár,“ segir Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL).

Um 170 börn bíða eftir að fá hjálp á BUGL. Meðalbiðtími þeirra sem ekki eru talin þurfa á bráðaþjónustu að halda er eitt og hálft ár, samkvæmt Ólafi.

Ólafur segir biðlistann hafa lengst meira síðastliðið ár en árin á undan. Plássum hafi auk þess fækkað úr 21 í sautján frá árinu 2004. Álag á starfsmönnum deildarinnar sé mikið og fjöldi af reyndu fólki hafi horfið frá störfum þess vegna. „Það tekur á að sinna börnum sem eiga í miklum vanda, oft í sjálfsvígshættu. Við höfum reynt eins og við getum að halda bráðaþjónustunni óskertri. Hins vegar höfum við ekki getað tekið börn á biðlistum inn frá því um áramót, nema málin hafi orðið þeim mun alvarlegri,“ segir Ólafur. Bráðatilvik segir hann flokkuð samkvæmt reglum deildarinnar, í þeim tilvikum séu einkennin oft upp á líf og dauða.

„Þetta þýðir að veikum börnum og fjölskyldum þeirra er haldið í gíslingu í langan tíma,“ segir Margrét Ómarsdóttir, móðir og stjórnarmaður Barnageðs.

„Þegar ég beið með barnið mitt var ástandið orðið þannig að ég gat hvergi unnið. Barnið mitt var orðið of veikt til að fara í skóla og taka þátt í samfélaginu en ekki nógu veikt til að komast inn á stofnun,“ segir hún um eigin reynslu af biðlistum.

„Miðað við það sem við heyrum frá foreldrum nú hefur ástandið aldrei verið jafnslæmt. Barnadeildinni verður líka lokað yfir sumartímann og þá versnar ástandið enn frekar,“ segir hún.

Margrét segir eina af ástæðunum fyrir því hvernig málin hafa þróast vera að meðferðartími barnanna hefur lengst. „Mörg börn þarna inni eru stopp, framhaldsúrræðin eru engin en ekki er hægt að útskrifa,“ segir hún. Venjulega sé miðað við að börn séu ekki lengur en sex vikur innlögð á BUGL. Staðan nú sé hins vegar sú að mörg börn hafi dvalist þar í sex til átta mánuði.

„Okkur vantar fjármagn, Landspítalinn bendir á heilbrigðisráðuneytið, það bendir svo á fjármálaráðuneytið en lítið fæst að gert,“ segir Ólafur.

- kdk



**LEIKARAEFNI BÍÐA ÞOLINMÓÐ** Áheyrnarpróf vegna leikritsins Óvita, sem sett verður upp hjá Leikfélagi Akureyrar, var haldið í gær. Rúmlega 450 börn skráðu sig til leiks. Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri var ánægður með viðbrögðin. MYND/HEIÐA.IS

Rúmlega 450 börn skráðu sig í áheyrnarprufur fyrir Óvita hjá Leikfélagi Akureyrar:

# Viðbrögðin framar öllum vonum

**LEIKHÚS** Rúmlega 450 börn á aldrinum 7 til 14 ára skráðu sig í áheyrnarprufur fyrir leiksýninguna Óvita eftir Guðrúnu Helgadóttur hjá Leikfélagi Akureyrar í gær. Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar, er ánægður með viðbrögðin sem hann segir vonum framar. „Það er ótrúlega ánægjulegt að verða var við þennan mikla áhuga á leikhúsinu og leiklist yfir höfuð,“ segir Magnús og bætir við að mikil vakning hafi orðið í leikhúslífinu fyrir norðan. „Meðalaldur leikhúsgesta hefur lækkað mikið og leiklistarnámskeiðin hafa verið gífurlega vel sótt. Þetta helst allt í hendur,“ segir Magnús og bætir við að um fimmtán hlutverk verði í boði í Óvitunum en leikritið verður frumsýnt 15. september í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar. Prufurnar fara fram á næstu vikum og valið verður í hlutverk fyrir miðjan maí þegar æfingar hefjast.

- iáh



**ÍSLANDSVINUR** Abramovíts er hér annar frá vinstri á fundi með forseta Íslands í október síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkir Rússar á lista Forbes:

## Abramovíts enn auðugastur

**RÚSSLAND** Roman Abramovíts, sem nú er þekktastur fyrir að vera eigandi enska knattspyrnuliðsins Chelsea, er enn auðugasti maður Rússlands. Þetta kemur fram í nýjum lista bandaríska tímaritsins Forbes yfir milljarðamæringa í Rússlandi, mælt í bandaríkjadölum.

Auðæfi Abramovíts eru metin á 19,2 milljarða dala, andvirði um 1.250 milljarða króna. Samkvæmt mati Forbes eiga 60 Rússar sem svarar einum milljarði dala eða meira. 16 ný nöfn eru á þeim lista. Ein kona er á listanum, Jelena Baturina sem er sögð eiga 3,1 milljarð dala. Hún er eiginkona borgarstjóra Moskvu.

- aa

Sjálfshjálparbók fyrir karla:

## Þorgrímur nýtir reynslu sína

**FÓLK Þorgrímur Þráinsson er að leggja lokahöndina á bók sem heitir því skemmtilega nafni „Hvernig á að gera konuna þína hamingjusama?: Skemmtilegra kynlíf, fallegri samskipti, meira sjálfsöryggi“.**

**Þorgrímur vildi lítið tjá sig um efnislegt innihald en sagðist nýta sína eigin persónulegu reynslu auk þess sem hann tæki góð ráð úr öllum áttum. „Ég hef orðið nokkuð góða reynslu eftir tuttugu ára sambúð,“ segir Þorgrímur og bætir því við að kona hans hafi ekki tekið illa í hugmyndina. „Enda er hjónabandið það sterkt að það þolir nánast hvað sem er.“**

**- fgg / sjá nánar á síðu 66**


VEIÐIKORTIÐ



2007

Veitir þér aðgang að 29 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins 5000 kr.

Handbók með ítarlegum upplýsingum, kortum o.fl. fylgir frítt með!

*Fæst á N1, í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.is*

SKULDIR ÍSLENSKRA HEIMILA VERÐA AÐ LÆKKA!

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is



SKEMMTUN FYRIR BÖRNIN KL. 14.00

19. - 22. APRÍL

KRAKKADAGAR Í SMÁRALIND

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

## SPURNING DAGSINS



*Pétur, brennur þetta mál á þér?*

„Ekki get ég sagt það en auðvitað skiptir miklu máli hvernig unnið verður úr þessu.“

Pétur H. Ármannsson arkitekt hefur lagt til að húsin sem brunnu við Lækjargötu og Austurstræti verði reist í upprunalegri mynd.

Fulltrúar meindýravarna Reykjavíkurborgar gómuðu mink við sjoppu í Grafarvogi:

# Minkur leitar ætis í Grafarvogi

**MEINDÝR** „Það er þekkt um allan Grafarvog hvað ég framleiði góðan mat á grillinu og minkurinn hefur líklega frétt af því. Hann var á leiðinni hérna inn um dyrnar þegar við komum auga á hann,“ segir Óskar Halldórsson, eigandi Foldaskála í Grafarvogi, en á miðvikudaginn var minkur gómaður fyrir utan sjoppuna hjá honum.

„Við stukkum til og bægðum honum frá dyrunum enda er allt dýrahald bannað í söluskálum. Það vita allir nema minkurinn,“ segir Óskar.

Minkurinn leitaði þá skjóls undir bíl sem stóð fyrir utan skálann og þar náðu starfsmenn að halda honum þangað til fulltrúar frá meindýravörnum Reykjavíkurborgar komu á vettvang.

Ómar F. Dabney, rekstrarfulltrúi meindýravarna Reykjavíkurborgar, segir ekki algengt að minkar séu á ferli í mannabyggð. „Það er mikið af mink hér í kringum bæinn og við veiðum umtalsvert á ári hverju en þeir koma hins vegar sjaldan alveg inn í byggðina,“ segir Ómar og bætir því við að það gerist þó einna helst á þessum árstíma. „Fengitíminn er í mars og apríl og þá fara fressin víða,“ segir Ómar. - þo



**SPENNANDI ELTINGARLEIKUR** Það tók nokkra stund að góma minkinn en hann náðist að lokum og var aflífaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ekki þarf að rífa og endurbyggja Óperu

**Rannsókn lögreglu á eldsupptökum í miðbænum beinist að Fröken Reykjavík og Pravda. Ekkert bendir til að kveikt hafi verið í. Tjónið er talið nema 200 til 400 milljónum króna. Lækjargata 2 er mun minna skemmd en talið var í fyrstu.**

**ELDSVOÐI** „Við erum að skoða svæðið á milli Fröken Reykjavík og Pravda. Eldurinn á mjög greiða leið frá Kebabhúsinu, yfir í Fröken Reykjavík, hornið sem var Kaffi Ópera og Pravda. Þetta er allt sama holloftið og þess vegna æðir eldurinn um allt. Það sem skemmir svo fyrir okkur brunarannsóknina er að þakið var fjarlægt af Austurstræti 22,“ segir Benedikt Lund hjá Rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Átta manns sinna rannsókn á eldsupptökum stórbrunans í miðbænum á miðvikudag. Lögregla hefur ekkert haldbært en grunur beinist enn að ljósi í söluturninum Fröken Reykjavík. Engar vísbendingar hafa fundist um að kveikt hafi verið í húsunum. „Satt að segja sjáum við ekki hag nokkurs manns í því að kveikja hér í. Það er ekki sannleikanum samkvæmt að við séum að skoða eldsupptökin í því ljósi frekar en öðru,“ segir Benedikt.

Bæði húsin, Lækjargata 2 og Austurstræti 22, voru tryggð hjá Vátryggingafélagi Íslands. Ásgeir Baldursson, forstjóri VÍS, segir tjónið nema á bilinu 200 til 400 milljónum króna. „Þessar tölur geta þó verið hærri þar sem rannsókn er nýhafin.“

Borgaryfirvöld tilkynntu VÍS og eigendum húsanna í gær að þeim væri óheimilt að hefja niðurrif að svo stöddu. Um hádegi var boðað til skyndifundar borgarinnar með fulltrúum Minjaverndar, Árbæjarsafns og Húsafriðunarnefndar ríkisins. Þar var rætt hvernig tryggja mætti að frekari skemmdir yrðu ekki á húsunum. Einnig hvernig frágangi yrði best háttað þann tíma sem uppbyggingarstarfið stendur. Ljóst er að flestir hallast að því að byggja reitinn upp í sinni upprunalegu mynd. Engar hugmyndir hafa komið fram um annað en helst er horft til garðs á bak við húsin til breytinga eða frekari uppbyggingar.

Einar Skúli Hjartarson, húsasmíðameistari hjá húsafriðunarnefnd, skoðaði húsin í gær. Hann segir Lækjargötu 2 ekki illa farna og þar verði um að ræða viðgerð. Engin þörf sé á því að rífa húsið til endurbyggingar. „Þetta gæti hins vegar verið tækifæri til að gera nauðsynlegar breytingar til að endurheimta upprunalegt útlit.“ Um Austurstræti 22 segir Einar að hafa megi í huga að hús á heimsminjaskrá hafi verið rifin og endurbyggð. Ekkert mæli á móti því að endurbyggja gömul hús til að endurheimta menningarsögulegt gildi.



**BREITT YFIR RÚSTIRNAR** Sigurjón Hendriksson slökkviliðsmaður strengdi í gær net yfir rústir hússins þar sem skemmtistaðurinn Pravda var. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

svavar@frettabladid.is / sjá síðu 40



**LÆKJARGATA 2** Bókunarmiðstöðin var til húsa syðst í húsinu, næst Iðuhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ferðaskrifstofa í vanda:

## Starfsemin háð staðsetningu

**BRUNI** „Það kviknaði ekki í hjá okkur en húsnæðið er þó nokkuð skemmt eftir brunann,“ segir Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Visitors, sem rak bókunarmiðstöð í suðurenda Lækjargötu 2 en ekki í húsnæði Fröken Reykjavík eins og missagt var í Fréttablaðinu á fimmtudag.

„Þótt skemmdirnar hjá okkur séu ekki miklar getum við ekki rekið okkar starfsemi í húsinu,“ segir Ásberg og bætir því við að þetta komi upp á versta tíma ársins. „Við erum að sigla inn í mesta háannatímann í ferðaþjónustunni og reksturinn er algjörlega háður þessari staðsetningu,“ segir Ásberg. - þo

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fíkniefnahundur á Selfossi

Lögreglan á Selfossi fékk í vikunni afhendan fíkniefnaleitarhund. Hundurinn, sem heitir Bea, hefur verið í strangri þjálfun á Eskifirði síðustu mánuði en hundurinn kemur hingað frá Englandi. Þjálfari Bea á Selfossi verður Jóhanna Eyvindsdóttir lögreglumaður.



**ASNALEG RÉTTARHÖLD** Buddy var hinn rólegasti þegar hann var teymdur inn í réttarsalinn. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

Spakur asni leiddur fyrir rétt:

## Engin asnalæti í réttarsalnum

**DALLAS, AP** Gregory Shamoun brást ókvæða við ásökunum þess efnis að asninn hans væri of hávær, og leiddi asnann fyrir dómara til að bera vitni.

Asninn Buddy mætti fyrir rétt á miðvikudag. Hann gekk rakleiðis að bekknum og starði hljóðlátur á kviðdóminn, sem sá gæfa og vel upp alda skepnu fyrir framan sig, en ekki hið árásargjarna og háværa dýr sem Buddy var sakaður um að vera.

Nágranni Shamouns hafði kvartað við borgaryfirvöld vegna kofa sem Shamoun var að reisa. Shamoun hefndi sín með því að sækja asna af búgarði sínum og koma honum fyrir í garðinum. Carrell kvartaði yfir hávaða og því að ólykt væri af asnaskítnum.

Málinu lyktaði hins vegar með samningi milli mannanna tveggja. - sh

Meintur kynferðisglæpamaður:

## Ákæra níðing

**LÖGREGLUMÁL** Búið er að gefa út ákæru á hendur tæplega þrítugum karlmanni fyrir kynferðisbrot gegn fjórum stúlkum á aldrinum fimm til tólf ára. Maðurinn er meðal annars ákærður fyrir að hafa haft kynferðismök við fimm ára stúlku og fyrir vörslu barnakláms. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Brotin áttu sér stað í Vogahverfinu í lok síðasta árs og byrjun þessa árs.

BÍLL DAGSINS
PEUGEOT 406
Nýskr. 11.01 - Sjálfskiptur - Ekinn 81 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Börnum í borginni Yuba í Kaliforníu var haldið innandyra vegna morðhótana:

# Hótaði fjöldamorðum í skóla

**BANDARÍKIN** Mikill ótti greip um sig meðal íbúa í borginni Yuba í Kaliforníu á fimmtudag þegar maður nokkur hótaði fjöldamorðum. Maðurinn sagðist hafa á sér sprengiefni og hótaði því að fjöldamorðin í Virginia Tech-háskólanum myndu líta út sem smámunir í samanburði við árás hans. Maðurinn gaf sig fram við lögreglu um kvöldið.

Hafdís Hafsteinsdóttir Miller býr í Yuba og kennir í grunnskóla í borginni. Hún var ásamt öðru starfsfólki og nemendum skólans lokuð inni í skólanum allan skóladaginn. „Skömmu eftir að skólinn byrjaði var öllum dyrum læst og gluggum lokað. Það þorði enginn að fara út á skólalóðina og börnin máttu ekki koma nálægt gluggunum,“ segir Hafdís.

Maðurinn sem hótaði árásinni gaf ekki til kynna hvaða skóla hann hygðist ráðast á svo mikill viðbúnaður var í öllum skólum á svæðinu. Um 23 þúsund nemendum var haldið innandyra og allir skólar voru lokaðir í gær, föstudag.

„Börnin voru hrædd því að þau skynjuðu hvað var að gerast. Í gegnum netið gátum við fylgst með fréttum af málinu og eldri krakkarnir fengu að horfa á fréttirnar í sjónvarpinu,“ segir Hafdís og bætir því við að vegna atburðanna í Virginíu á mánudag hafi fólk verið skelkað. „Fyrir nokkrum árum síðan réðst maður inn í skóla hér í borginni og drap nokkra nemendur áður en hann skaut sjálfan sig. Þetta var ein fyrsta árásin af þessu tagi og hún er íbúum hér enn í fersku minni,“ segir Hafdís.

Maðurinn, sem er 28 ára, var handtekinn að kvöldi fimmtudags. Hann á yfir höfði sér þungan dóm. - þo



**HAFDÍS HAFSTEINSDÓTTIR MILLER**


SUMAR
Nýjungar og frábær tilboð um helgina
weber Q
Weber línan 2007 er komin - hágæða grill á hagstæðu verði
116.980
Genesis 5310
3000258
102.950
Genesis E310
3000254
189.900
Summit S42055
3000257
54.950
Q 300
3000253
20% afsláttur
Lín Design - glös
20% afsláttur
Lín Design - matarstell
20% afsláttur
Lín Design - grill línan
25% afsláttur
Smedbo - baðvörur
Mikið úrval
20% afsláttur
Francins - kaffivélar
Margir litir
12.700
Borðstofustólar
4200364
19.695
Cor Muler - loftljós
2900108
59.000
Sjónvarpsskápur
4200420
EGG
SMÁRATORGI

## GENGIÐ 20.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,41 | 64,71 |
| Sterlingspund | 129,06 | 129,68 |
| Evra | 87,61 | 88,11 |
| Dönsk króna | 11,75 | 11,818 |
| Norsk króna | 10,804 | 10,868 |
| Sænsk króna | 9,527 | 9,583 |
| Japanskt jen | 0,5429 | 0,5461 |
| SDR | 98,23 | 98,81 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

118,8043

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Garrí Kasparov yfirheyrður af rússnesku leyniþjónustunni FSB:

# Borið á brýn að hvetja til öfga

**RÚSSLAND, AP** Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák og núverandi forystumaður í röðum stjórnarandstæðinga í Rússlandi, var í gær yfirheyrður af fulltrúum rússnesku leyniþjónustunnar FSB, arftaka sovésku leyniþjónustunnar KGB, í Moskvu. Tilefnið er mótmæli stjórnarandstæðinga um síðustu helgi í Moskvu og Sankti Pétursborg, sem lögregla batt enda á með valdi.

Kasparov upplýsti að FSB-menn hefðu spurt sig út í nýleg ummæli sem hann lét falla í útvarpsviðtali og greinar í blaði sem stjórnarandstöðuhreyfing hans gefur út, þar sem fólk var hvatt til að taka þátt í mótmælunum.

„Þeir voru að fiska eftir öfgaummælum eða vísbendingum um öfgaaðgerðir,“ tjáði Kasparov fréttamönnum eftir nærri fjögurra tíma dvöl í höfuðstöðvum FSB. „Þetta er fullkomlega úr lausu lofti gripið. Allar okkar yfirlýsingar miða að friðsamlegum framförum,“ sagði hann.

„Þeir hafa engar forsendur til að sækja okkur til saka, en við vitum að í Rússlandi dagsins í dag er enginn öruggur,“ bætti Kasparov við.

- aa



**HANDTEKINN** Kasparov í höndum lögreglu í Moskvu síðastliðinn laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Svindlað á norska kerfinu:

# Sálfræðingur og læknir ákærðir

**NOREGUR, AP** Læknir og sálfræðingur hafa verið ákærðir í umfangsmesta svikamáli í almannatryggingum sem um getur í Noregi. Sakborningarnir eru sakaðir um að hafa aðstoðað sjúklinga við að svíkja sem nemur 1.650 milljónum króna út úr almanna- og sjúkratryggingakerfinu, að því er talsmaður efnahagsbrotadeildar norsku lögreglunnar upplýsti.

Samkvæmt ákærunni þáðu sakborningarnir þóknanir frá sjúklingum fyrir að sjá þeim fyrir fölsuðum og ýktum læknisvottorðum, sem hægt var að nota til að fá ýmsar velferðargreiðslur út úr kerfinu.

- aa



**Á REKI** Lögregla dreifði þessari mynd af bátnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðgáta í Ástralíu:

# Mannlaus bátur finnst á reki

**ÁSTRALÍA, AP Tólf metra langur seglbátur fannst á reki nærri Great Barrier Reef, um 170 km undan norðausturströnd Ástralíu með seglin uppi, vélina í gangi og mat á borðum, en mannlaus. Ástralska strandgæslan og björgunarsveitir hófu í gær umfangsmikla leit að hinni týndu áhöfn bátsins.**

**Komið hafði verið auga á bátinn í eftirlitsflugi strandgæslunnar á miðvikudag, en strandgæslumenn komust fyrst um borð í bátinn í gærmorgun og gátu staðfest að hann var mannlaus. Neyðarsendir bátsins og björgunarvesti voru á sínum stað um borð, að því er Jon Hall, talsmaður almannavarnamiðstöðvar Queensland, greindi frá.**

- aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Eldur í þvottahúsi á Kleppi

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út aðfaranótt föstudagsins vegna elds á Kleppsspítala. Eldurinn var í þvottahúsi en þar hafði kviknað í út frá þurrkara. Tveir reykkafarar fóru inn í þvottahúsið og náðu að slökkva eldinn á örfáum mínútum.

## LEIÐRÉTTINGAR

Veitingastaðurinn Litli andarunginn er opinn í dag en ranglega var hermt í blaðinu í gær að þar yrði lokað fram á mánudag.

# Læknar sagðir hafa farið út fyrir sitt svið

**Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari sagði lækna fara langt út fyrir sérfræðisvið sitt í matsgerð sem unnin var fyrir mál ákæruvaldsins gegn Jónasi Garðarssyni. Kristján Stefánsson lögmaður krefst þess að Jónas verði sýknaður.**

**DÓMSMÁL** „Hann [Jónas Garðarsson] á að hafa flogið yfir stóla og innstokksmuni, rekið síðan hökuna í skáliggjandi rúðu, því einu áverkar hans í andliti voru á hökunni. Þetta er í einu orði sagt ómögulegt, og fer gegn öllum lögmálum, og getur ekki hafa átt sér stað ,“ sagði Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari í málflutningi sínum í Hæstarétti í gær. Hún sagði það „ómögulegt“ að einhver annar en Jónas hefði verið við stýrið er skemmtibáturinn Harpa steytti á Skarfaskeri aðfaranótt 10. september 2005, með þeim afleiðingum að Matthildur V. Harðardóttir og Friðrik Á. Hermannsson létust. Jónas heldur því fram að Matthildur hafi verið við stýrið og ítrekaði Kristján Stefánsson, lögmaður Jónasar, þá frásögn í Hæstarétti. Sagði Kristján það líklegt að Jónas hefði kastast á rúðu aftarlega í bátnum með þeim afleiðingum að hún brotnaði. „Vitnisburður skipaverkfræðinga styður þessa kenningu,“ sagði Kristján.

Jónas var dæmdur í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi 6. júní í fyrra en það er þyngsti dómur sem fallið hefur hér á landi fyrir þess háttar brot. Var hann einnig dæmdur fyrir að hafa verið undir áhrifum áfengis.

Sigríður gerði kröfu um að dómur héraðsdóms yrði staðfestur og sagði hann „síst of þungan“.

Matsgerð læknanna Sigurðar Thorlacius og Torfa Magnússonar, sérfræðinga í heila- og taugasjúkdómum, var til umræðu hjá lögmönnum en í matsgerð þeirra, sem barst til lögmanna fyrr í vikunni, kemur fram að þeir telji að Jónas hafi ekki verið „fær um að að taka rökréttar ákvarðanir“ fyrst í kjölfar slyssins, meðal annars vegna höfuðhöggs. Byggja röksemdir læknanna fyrir þessari niðurstöðu meðal annars á upptökum af símtölum til Neyðarlínunnar af vettvangi slyssins.



**JÓNAS Í DÓMNUM** Lögmenn tókust á í Hæstarétti í gær en héraðsdómur dæmdi Jónas Garðarsson, fyrrverandi formann Sjómannafélags Reykjavíkur, í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi í júní í fyrra. Jónas er annar frá hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigríður sagði læknana fara „langt út fyrir sitt sérfræðisvið“ með matsgerðinni og hún leiddi ekkert fram með óyggjandi hætti sem væri til þess að fallið að hrekja niðurstöðu héraðsdóms. Sagði hún það jafnframt athyglisvert að læknarnir hafi ekki farið betur yfir það hvaða áhrif áfengisdrykkja Jónasar hefði haft á breytni hans á slysstað. „Það eru dómarar sem eiga að meta vitnisburð fyrir dómi og upptökur sem spilaðar eru til þess að varpa ljósi á málsatvik. Ekki læknismenntaðir matsmenn.“

Kristján sagði mat læknanna sýna að Jónas hefði ekki verið í „sakhæfu ástandi“ skömmu eftir ákeyrsluna og því bæri að sýkna Jónas. Auk þess sagði Kristján merkingu með baujum á þeim slóðum þar sem slysið varð hafa verið ranga og því til þess fallna að „skapa hættu“, og kort sem lægju til grundvallar í málinu væru röng. „Það þarf að taka tillit til þessara þátta.“

magnush@frettabladid.is



**UNGIR UMHVERFISSINNAR** Nemendur í Víkurskóla eru vanir að huga að umhverfismálunum en allur úrgangur sem fellur til í skólanum er flokkaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grænn dagur í grunnskólum:

# Umhverfisvitund nemenda efld

**MENNTAMÁL Í gær var grænn dagur í nokkrum grunnskólum borgarinnar. Markmið grænna daga er að auka umhverfisvitund nemenda.**

**Í Laugarnesskóla og Engjaskóla notuðu nemendur daginn til þess að hreinsa til á skólalóðinni. Hið sama var upp á teningnum í Víkurskóla sem er „grænfána skóli“. Þar er starfrækt sérstakt umhverfisráð nemenda, kennara og foreldra og allt rusl frá skólanum er flokkað.**

**Menntaráð Reykjavíkurborgar samþykkti á dögunum að efna til tveggja umhverfisdaga á ári í grunnskólum borgarinnar. Þeir eru skilgreindir sem grænir dagar á skóladagatali.**

- þo

Kvenréttindasamband Íslands:

# Jafnrétti hjá lífeyrissjóðum

**JAFNRÉTTI** Kvenréttindafélag fagnar því að nú er kynjahlutfall jafnt í stjórnum þriggja lífeyrissjóða. Þeir eru Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar og Stapi – lífeyrissjóður.

Á stjórnarfundum Kvenréttindafélags Íslands hefur oft verið rætt um slaka stöðu kvenna í stjórnum íslenskra lífeyrissjóða sem og í öðrum íslenskum fjármálafyrirtækjum. Því fagnar félagið þessum tímamótum og sendir sjóðunum árnaðaróskir.

- þo




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HAUSTAÐI SNEMMA?**

Mönnum fannst sumarið stutt. Glampandi sól sumardaginn fyrsta og svo ekki söguna meir. Þetta eru setningar sem ég fékk að heyra í gær. Staðreyndin er sú að harða vetur er í kortunum fyrir norðvestanvert landið í dag. En sé litið nokkuð lengra í kortin bendir fátt til annars en hlýnandi fari á norðurhlutalandsins á mánudag en það þarf þó ekki að þýða að kraftur sé í sumrinu.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Austan 5-8 m/s. Skúrir. Hiti 4-7 stig.

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C hálfskýjað | London | 18°C hálfskýjað | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Billund | 10°C hálfskýjað | París | 22°C hálfskýjað | Mallorca | 19°C skúrir |
| Osló | 11°C hálfskýjað | Frankfurt | 19°C alskýjað | Basel | 22°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 9°C heiðskírt | Friedrichshafen | 26°C heiðskírt | Eindhoven | 16°C léttskýjað |
| Gautaborg | 9°C hálfskýjað | Berlín | 22°C heiðskírt | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




Varðan - út í lífið

**VEISTU SVARIÐ?**



*Á að endurreisa húsin sem brunnu á fimmtudag í sömu mynd?*

| | |
|---|---|
| Já | 57,1% |
| Nei | 42,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga íslensk stjórnvöld að koma á eðlilegum samskiptum við þjóðstjórn Palestínu?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vátryggingafélag Íslands bætir tjónið sem varð vegna heitavatnslekans á Vitastíg:

# Orkuveitan er bótaskyld

**LEKI** Orkuveita Reykjavíkur er bótaskyld vegna tjónsins sem varð á Vitastíg og Laugavegi á miðvikudagskvöld þegar heitavatnsæð gaf sig. Vátryggingafélag Íslands, tryggingafélag Orkuveitunnar, bætir tjónið.

„Okkar menn hafa verið á vettvangi síðan atvikið átti sér stað. Nú hefur verið farið yfir málin og við metum það svo að tjónið sé bótaskylt,“ segir Ásgeir Baldurs, forstjóri VÍS. Hann segir að tjónið hafi verið talsvert en það nemi þó ekki tugum milljóna. Mesta tjónið varð í tölvuverslun við Vitastíg en einnig varð tjón á fleiri stöðum.

Helgi Pétursson, almannatengslafulltrúi hjá Orkuveitunni, segir að rörið hafi rofnað vegna tæringar og erfitt sé að koma í veg fyrir slíkt. „Hitaveiturörið er í steyptum stokki sem á að hindra að það komist væta að rörinu. Hér hefur eitthvað gerst sem veldur því að sprunga kemur í stokkinn og þar með kemst væta að rörinu svo það byrjar að tærast,“ segir Helgi og bætir því við að erfitt sé að spá fyrir um vandamál af þessu tagi.

Sjóðandi heitt vatnsflóð flæddi niður Vitastíg og Laugaveg þegar æðin gaf sig svo loka þurfti götunum fyrir umferð. Nokkrir vegfarendur brenndust. - þo



**TALSVERT TJÓN** Flóðið olli talsverðum skemmdum sem Vátryggingafélagið bætir að fullu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Slys á Látrasrönd:

## Þyrlan sótti vélsleðamann

**SLYS Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gær slasaðan vélsleðamann norður í land.**

**Maðurinn var á sleða á Látraströnd norðan við Kaldbak ásamt tveimur öðrum þegar hann fór fram af snjóhengju og féll tíu metra.**

**Maðurinn var nokkuð lemstraður eftir fallið svo ákveðið var að kalla eftir aðstoð þyrlunnar. Hún lagði af stað frá Reykjavík klukkan 17.15 og var komin á slysstað um klukkan 19.**

**Maðurinn var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og að sögn lækna þar eru meiðsli hans ekki alvarleg. - þo**



**KALKÞÖRUNGUM LANDAÐ** Talsverð umsvif fylgja nýju verksmiðjunni á Bíldudal.

Kalkframleiðsla á Bíldudal:

## Verksmiðjan komin í gang

**IÐNAÐUR Byrjað er að framleiða kalk í nýrri verksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal.**

**Kalkið, sem er unnið úr kalkþörungum úr Arnarfirði, verður notað til fóðurframleiðslu.**

**Verksmiðjan er að stærstum hluta í eigu írsks fyrirtækis.**

**Guðmundur Valur Magnússon verksmiðjustjóri segir fimm starfa við verksmiðjuna nú um stundir en að stöðugildin verði tíu innan tíðar.**

**Um aðra helgi verður formleg gangsetning verksmiðjunnar og hefur þingmönnum Norðvesturkjördæmis verið boðið til athafnarinnar. - shá**

Rannsókn á vímuefnaneyslu:

## Hefur minnkað stöðugt í tíu ár

**HEILBRIGÐI** Vímuefnaneysla unglinga hefur minnkað nær stöðugt ár frá ári síðan mælingar rannsóknamiðstöðvarinnar Rannsóknar og greiningar hófust árið 1997.

Árið 1998 sögðust til að mynda 42 prósent unglinga hafa orðið drukkin á síðustu þrjátíu dögum. Nú segjast tuttugu prósent þeirra hafa orðið drukkin.

Dagreykingar tóbaks hafa minnkað á sama tíma. Tíu prósent unglinga reykja nú daglega en voru 23 prósent árið 1998. Sama ár sögðust sautján prósent unglinga hafa prófað hass, en í ár segjast sjö prósent hafa reynt það. - kóþ

# Á fimmta þúsund flytja í Urriðaholt

**Félag í eigu Oddfellowa og Hagkaupsbræðra stendur að nýju íbúða- og atvinnuhverfi í Urriðaholti í Garðabæ. Allt að tíu þúsund manns munu búa eða starfa í hverfinu sem sagt er munu skara fram úr í umhverfismálum.**

**SKIPULAGSMÁL** Einkahlutafélagið í eigu Oddfellow-reglunnar og Sigurðar Gísla Pálmasonar og Jóns Pálmasonar hefur samið við bæjaryfirvöld í Garðabæ um uppbyggingu nýs hverfis í Urriðaholti.

„Metnaður félagsins og Garðabæjar stendur til þess að hér í Garðabæ myndist fyrirmyndarsamfélag sem verður eftirsótt að búa í og ala upp börn í nánum tengslum við þá dýrðlegu náttúru sem hér er,“ sagði Erling Ásgeirsson, formaður bæjarráðs Garðabæjar, í gær þegar fulltrúar Urriðaholts ehf. og Garðabæjar undirrituðu samkomulag um uppbygginguna í Urriðaholti.

Gert er ráð fyrir því að um 4.400 manns búi í 1.625 íbúðum í Urriðaholti. Að auki verða þar um 150 þúsund fermetrar af atvinnu- og þjónustuhúsnæði. Alls er reiknað með að á bilinu átta til tíu þúsund manns annaðhvort búi eða starfi í Urriðaholti. Forðast á einsleitni með fjölbreyttum húsagerðum. Byggðin verður á bilinu 30 til 85 metra yfir sjávarmáli.

Sextíu félagsmenn í Oddfellow keyptu Urriðaholt árið 1946, meðal annars undir sumarbústaði. Ellefu árum síðar gáfu þeir reglunni jörðina. Á henni hafa Oddfellowar byggt upp golfvöll sem ekki verður snertur.

„Við erum því viðbúin að framkvæmdir hér á þessu viðkvæma svæði gætu sætt gagnrýni umhverfissinna og hefur í raun örlað á slíku nú þegar. Þetta er sameiginlegt verkefni okkar allra sem hér stöndum. Hér er um tímamótaverk að ræða hvað varðar alla hönnun og allan undirbúning þar sem náttúran nýtur vafans. Unnið verður á forsendum sjálfbærrar þróunar og stefnt að því að Urriðaholt skari fram úr í umhverfismálum,“ sagði Erling. Meðal þess sem hann vísaði þar til er að að tryggja á náttúrulegan vatnsbúskap í Urriðavatni með því að úrkoma er ekki látin renna í hefðbundin niðurföll heldur beint ofan í jarðveginn.

Erling sagði samninginn marka mikil tímamót. „Urriðaholt ehf. mun taka virkan þátt í uppbyggingu svæðisins hvað varðar skóla-, íþrótta- og menningarmannvirki,“ sagði Erling með tilvísan í að félagið skuldbindur sig til að leggja fram 1.338 milljónir króna í þau verkefni.

Urriðaholt ehf. selur sjálft byggingarrétt að lóðum á svæðinu. Salan á að hefjast 15. maí næstkomandi. gar@frettabladid.is



**URRIÐAHOLT** Uppdráttur að nýja hverfinu í Urriðaholti.



**SAMNINGAR UNDIRRITAÐIR** Erling Ásgeirsson, formaður bæjarráðs Garðabæjar, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Geir Zoëga, stjórnarformaður Urriðaholts ehf. og Ingjaldur Ástvaldsson frá Oddfellowreglunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**STAÐSETNINGIN** Urriðaholt er ofan Reykjanesbrautar, sunnan við Vífilsstaði og ofan við IKEA.

Kofi Annan í Noregi:

## Loftslagsmálin mesta ógnin

**NOREGUR, AP** Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lýsti því yfir í ræðu í Ósló í gær, að loftslagsbreytingar væru mesta ógnin sem mannkynið stæði frammi fyrir.



**KOFI ANNAN**

Annan bar einnig lof á áform norskra stjórnvalda um að koma nettólosun gróðurhúsaloftegunda í Noregi niður í núll fyrir árið 2050.

„Ef okkur tekst ekki að ná stjórn á loftslagsmálunum, ef við gerum ekki það sem hægt er fyrir umhverfið, þá kann öllu öðru að verða svipt til hliðar,“ sagði Annan á blaðamannafundi. - aa

Átökin í Sómalíu:

## Mikið mannfall í Mógadisjú

**SÓMALÍA, AP Að minnsta kosti 113 óbreyttir borgarar hafa látið lífið vegna átaka í Mógadisjú, höfuðborg Sómalíu, síðastliðna þrjá daga og því er þarlend mannréttindasamtök fullyrða. Hundruð manna hafa særst.**

**„Við fordæmum báða aðila átakanna og skorum á þá að stöðva tafarlaust fjöldamorðin í borginni,“ sagði Sudan Ali Ahmed, talsmaður Elman-mannréttindasamtakanna.**

**Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna kvaðst í gær telja að um 321.000 íbúar Mógadisjú hefðu flúið borgina í vikunni.**

**Átökin geisa milli skæruliða íslamista og hermanna bráðabirgðastjórnarinnar og eþíópískra vopnabræðra þeirra. - aa**


Hugleikur á tilboði

Hugleikur Dagsson og tríóið Flís koma fram í Bókabúð Máls og menningar laugardaginn 21.apríl kl 17:00.



Af því tilefni verða bækur Hugleiks á sérstöku tilboði.

opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18


Ný skýrsla Amnesty International um dauðarefsingar í Írak:

# Fáar þjóðir taka fleiri af lífi

**ÍRAK, AP** Írak er komið í hóp þeirra landa þar sem langflestum dauðarefsingum er framfylgt. Þetta upplýstu alþjóðlegu mannréttindasamtökin Amnesty International í gær.

Írösk yfirvöld tóku minnst 65 manns af lífi á árinu 2006, þar á meðal tvær konur. Aðeins í Kína, Íran og Pakistan er fleira fólk líflátið á ári hverju.

„Þetta er mjög stórt skref afturábak,“ segir í skýrslunni. „Það ætti ekki að líta framhjá því bara vegna þess að miklu fleira fólk lætur lífið í átökunum sem standa yfir í landinu.“

Dauðarefsing var afnumin um tíma fyrst eftir að Írak var hersetið af innrásarliði Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra árið 2003. En þegar íraska bráðabirgðastjórnin komst á laggirnar í ágúst 2004 var hún tekin upp að nýju. Síðan þá hafa yfir 270 manns verið dæmdir til dauða og minnst hundrað líflátnir, að því er segir í skýrslunni.

Erfitt er að bera saman dauðarefsingar fyrir og eftir fall ríkisstjórnar Saddams Hussein, þar sem upplýsingar um fjölda dauðadæmdra og líflátinna frá stjórnartíð Saddams eru mjög óáreiðanlegar. - aa



**MARGIR LÍFLÁTNIR** Minnst 65 manns voru teknir af lífi í Írak í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Skósprengja!
Yfir 80 önnur tilboð í gangi
1.299 kr
Verð áður 2.999,-
1.999 kr
Verð áður 3.999,-
Verð áður 4.999,-
2.999 kr
Verð áður 3.999,-
Verð áður 5.999,-
3.999 kr
Ekta leður
Verð áður 4.999,-
Verð áður 5.999,-
Verð áður 4.999,-
Verð áður 6.999,-
Gildir til 1. maí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Stjórnarskrárkreppa Evrópusambandsins:

# Ekki þjóðaratkvæði

**BRETLAND, AP** Þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja uppfærslu stofnsáttmála Evrópusambandsins, sem koma myndi í staðinn fyrir strandaðan stjórnarskrársáttmála þess, verður ekki haldin í Bretlandi. Þetta sagði Tony Blair forsætisráðherra í viðtali sem birt var í Financial Times og fleiri evrópskum dagblöðum í gær.

Blair sagðist vænta þess að leiðtogar ESB-ríkjanna 27 kæmu sér saman um nýja, takmarkaðri stofnsáttmálauppfærslu á leiðtogafundi í júní. Djúpstæður ágreiningur ríkir þó enn um það hvernig sambandinu skuli stýrt út úr stjórnarskrárkreppunni. **- aa**



**TONY BLAIR** Boðar takmarkaða uppfærslu stofnsáttmála ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**REYKINGASKÝLI** Aðstandendur geðsjúkra gagnrýna harðlega að reykingaaðstaða sjúklinga hafi ekki verið færð þrátt fyrir að stjórn LSH hafi samþykkt það fyrir rúmu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Erfitt að eiga við eiturlyfjasmygl á LSH

**Reykingaskýli við inngang geðdeildar Landspítalans er notað til fíkniefnaviðskipta. Stjórn spítalans samþykkti að færa aðstöðuna fyrir rúmu ári. Aðstandendur geðsjúkra vilja framkvæmdir strax.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Erfitt er að koma í veg fyrir að sjúklingar smygli fíkniefnum inn á Landspítalann. Aðstandendafélag geðsjúkra hefur ítrekað mælst til að reykingaraðstaða við inngang geðdeildar Landspítalans verði flutt. Ein ástæðan er hversu auðvelt það er fyrir fíkniefnasala að nálgast sjúklinga í skýlinu. Færsla reykingaaðstöðunnar var samþykkt af stjórn spítalans fyrir rúmu ári.

> „Á það hefur verið bent að skýlið sé ákjósanlegt fyrir eiturlyfjasala sem geta séð fyrrverandi viðskiptavini gegnum glerið og lagt fyrir þá freistingar.
>
> **AUÐUR STYRKÁRSDÓTTIR,**
> TALSMAÐUR AÐSTANDENDA GEÐHJÁLPAR

Auður Styrkársdóttir, talsmaður aðstandenda Geðhjálpar, segir að sjúklingar, aðstandendur og starfsfólk geðdeildar LSH hafi margoft farið fram á að skýlið verði fært frá innganginum og því komið fyrir á öðrum stað þar sem sjúklingar yrðu ekki hafðir „eins og til sýnis fyrir gesti og gangandi“. „Á það hefur verið bent að skýlið sé ákjósanlegt fyrir eiturlyfjasala sem geta séð fyrrverandi viðskiptavini gegnum glerið og lagt fyrir þá freistingar, en margir sjúklinganna koma einmitt á geðdeild vegna skipbrots í fíkniefnamálum. Yfirvöld spítalans hafa samþykkt færslu skýlisins fyrir löngu, en skort hefur framkvæmdir. Aðstandendur og aðrir eru orðnir langþreyttir á þessari töf og krefjast aðgerða nú þegar.“

Aðalsteinn Pálsson, sviðsstjóri byggingarsviðs LSH, segir að unnið sé að því að færa reykingaaðstöðu sjúklinga frá inngangi spítalans í ljósi nýrrar reglugerðar heilbrigðisráðherra um takmarkanir á tóbaksreykingum. „Við ætlum að setjast með okkar tæknimönnum og útfæra hvernig koma má fyrir lokaðri reykingaaðstöðu. En þó að við bætum þann aðbúnað þá eigum við allt hitt eftir. Þeir sem eiga við fíkniefnavanda að stríða geta einfaldlega leitað fyrir næsta húshorn og átt sín viðskipti þar.“

Aðalsteinn segir að til að koma í veg fyrir að fíkniefnum sé smyglað inn á spítalann sé nauðsynlegt að hólfa deildir frekar af. „Þetta hefur verið gert í nágrannalöndum okkar. Þar er ekki hægt að ganga eins frítt um og það verður að vera hægt að loka deildum á kvöldin og á nóttunni.“

Þrír öryggisverðir eru á vakt á hverjum tíma á LSH og þar af einn við inngang geðdeildarinnar. Mun fleiri koma þó að öryggismálum á spítalanum, taka þátt í eftirliti og bregðast við tilfellum þar sem öryggi starfsmanna og sjúklinga er ógnað. „Aðskilnaður hópa sem eru í húsinu er mikilvægastur,“ segir Aðalsteinn.

**svavar@frettabladid.is**

**Eftir að hafa selt yfir 2 milljónir pizzur á Grensásveginum, höfum við flutt okkur um set í nýtt glæsilegt húsnæði í Skeifunni 17.**




# Opnunarhátíð Domino's Skeifunni 17 í dag kl. 14-16

## Boðið verður upp á pizzusneiðar, brauð-stangir, kók og frostpinna frá Emmessís
## Birta og Bárður mæta á svæðið
## Hoppukastali
## Andlitsmálun
## Blöðrufólkið




**58·12345**

Skeifan 17 · dominos.is

# RÁÐSTEFNA UM EINKAFRAMKVÆMDIR

MÁNUDAGINN 23. APRÍL 2007 Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK
OFANLEITI 2, STOFA 131 B

## Eru einkaframkvæmdir framtíðin á Íslandi?

**Ráðstefna um einkaframkvæmdir á Íslandi verður haldin í Háskólanum í Reykjavík mánudaginn 23. apríl kl. 15:30 - 18:15.**

Markmið ráðstefnunnar er að vekja athygli á möguleikum einkaframkvæmda á Íslandi í nánustu framtíð og kynna hugmyndir að framtíðarsýn. Ráðstefnunni er ennfremur ætlað að vera vettvangur umræðna um tækifærin á Íslandi, hvað hefur tekist vel erlendis, hvaða víti ber að varast og hver eru lykilatriði þess að ná árangri.

### Dagskrá:

| | |
|---|---|
| 15:15 – 15:30 | Skráning |
| 15:30 – 15:40 | Setning og kynning |
| 15:40 – 15:50 | Árni Mathiesen, fjármálaráðherra: *Einkaframkvæmdir á Íslandi í næstu framtíð* |
| 15:50 – 16:10 | Davíð Þorláksson, lögfræðingur: *Ný skýrsla Viðskiptaráðs: Opinberar fasteignir* |
| 16:10 – 16:30 | KPMG í Bretlandi kynnir skýrslu um árangur einkaframkvæmda í Bretlandi 1997-2005 |
| 16:30 – 16:50 | Kaffi |
| 16:50 – 17:10 | Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Inpro ehf.: *Einkaframkvæmdir í heilbrigðismálum* |
| 17:10 – 17:30 | Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla: *Einkaframkvæmdir í menntamálum* |
| 17:30 – 17:50 | Halldór Benjamín Þorbergsson, hagfræðingur *Einkaframkvæmdir í samgöngumálum* |
| 17:50 – 18:15 | Pallborðsumræður<br>Auk frummælenda sitja í pallborði:<br>Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi<br>Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi og læknir |
| 18:15 – 18:45 | Kokteill |

**Ráðstefnan er öllum opin. Aðgangur er ókeypis.**
Fundarstjóri er Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.
**Skráning er hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 599 6200 og skraning@ru.is.**

*Samstarfsaðilar:*
*Háskólinn í Reykjavík, Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð, KPMG, Glitnir, Þyrping, Nýsir, ÍAV, Seltjarnarnesbær, Baugur, Sjóvá og Milestone.*

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is


Þróunarsamvinnustofnun:

# Heilsugæslustöð í Malaví

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Þróunarsamvinnustofnun Íslands afhenti malavískum yfirvöldum endurnýjaða heilsugæslustöð með formlegum hætti á dögunum.

Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ, segir að stöðin hafi verið illa farin fyrir ári síðan, en hún er önnur tveggja ríkisrekinna heilsugæslustöðva í héraðinu.

„Allar aðstæður eru nú gjörbreyttar frá því sem áður var,“ segir Sighvatur.

Marjorie Ngaunje, heilbrigðisráðherra Malaví, var meðal þeirra sem voru í forsvari fyrir Malava við afhendingarathöfnina. - kóþ



**FRÁ ATHÖFNINNI** Marjorie Ngaunje heilbrigðisráðherra sést hér ásamt Sigríði Snæbjörnsdóttur, verkefnisstjóra í Monkey Bay. MYND/GUNNAR SALVARSSON

Karlmaður fékk 60 daga skilorðsbundið fangelsi:

# Með hlaðna byssu

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var á þriðjudag dæmdur til 60 daga skilorðsbundinnar fangelsisvistar fyrir að hafa við handtöku haft í fórum sínum skammbyssu, maceúða, tæp 100 grömm af hassi, einn skammt af LSD og rúm þrettán grömm af amfetamíni. Auk þess ók hann á móti rauðu ljósi.

Maðurinn var handtekinn í byrjun október í fyrra eftir að lögreglan hafði stöðvað för bifreiðar sem hann ók. Þegar lögreglumenn komu upp að bifreiðinni neitaði maðurinn í fyrstu að koma út úr henni og harðlæsti hurðum hennar. Að lokum kom hann þó út.



**BYSSUR** Maðurinn var með hlaðna skammbyssu falda í buxum sínum þegar hann var handtekinn. Hann sagðist bera hana til að verja sig eftir að hafa verið laminn illa skömmu áður.

Við leit í bifreiðinni fannst lítil brún taska sem innihélt 95 grömm af hassi, tæp 13 grömm af amfetamíni, einn skammt af LSD og grammavog. Auk þess fannst heimatilbúin sprengja, sprengiefni, skammbyssuskot og hleðsluborvél í bifreiðinni. Þegar leitað var á manninum kom svo í ljós hlaðin Taurus 365 Magnum skammbyssa. Maðurinn hafði ekki leyfi fyrir byssunni en sagði við yfirheyrslur hafa hana sér til varnar vegna þess að hann hefði verið laminn mjög illa skömmu áður með felgulykli, hafnaboltakylfu, járnkertastjaka og haglabyssu. - þsj




Undirskriftasöfnun BSRB:

## Til varnar samfélagsþjónustunni

**FÉLAGSMÁL Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) hefur hafið undirskriftaherferð til þess að efla almannaþjónustu. Herferðin er samvinnuverkefni evrópskra verkalýðshreyfinga og er markmiðið að safna meira en einni milljón undirskriftum.**

**Í fréttatilkynningu frá BSRB segir að sótt sé að samfélagsþjónustu af „einkafyrirtækjum sem vilja í vaxandi mæli hasla sér völl á vettvangi heilbrigðismála, menntamála og raforkumála“.**

**Bandalagið segir einkafyrirtæki hafa aðra hagsmuni en opinberir aðilar.** - þsj

Samgönguráðuneytið kannar leigubílaskort á höfuðborgarsvæðinu að kvöld- og næturlagi um helgar:

# Óeðlileg bið eftir leigubílum um helgar

**SAMGÖNGUR** Talið er að fjöldi leigubíla á höfuðborgarsvæðinu sé ekki nægur. Um þetta segist samgönguráðuneytið hafa fengið ábendingar og óskar nú eftir sjónarmiðum sveitarfélaganna á svæðinu.

„Ábendingar sem ráðuneytinu hafa borist snúa fyrst og fremst að því að mjög erfitt geti verið að fá leigubifreið á helstu álagstímum, að kvöld- og næturlagi um helgar. Biðtími sé óeðlilega langur, jafnvel klukkustundir, og komi jafnvel fyrir að engar leigubifreiðir fáist. Á þetta við þegar leigubifreið er sérstaklega pöntuð af stöð en einnig sé erfitt að fá leigubifreið með öðrum hætti,“ segir í bréfi sem samgönguráðuneytið hefur sent til allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Í bréfinu segist ráðuneytið vera að sinna eftirlitsskyldu sinni með þessum málaflokki og óskar eftir sjónarmiðum sveitarfélaganna um það hvort fjöldi leigubíla sé nægur. Ef þau telji vera leigubílaskort á svæðinu þá komi þau með tillögur til úrbóta.

Á svæði sem afmarkast af Reykjavík, nágrannasveitarfélögunum og Suðurnesjum er heimilt að gefa út 560 leyfi fyrir leigubíla. Leyfin munu nánast öll vera í notkun. - gar



**BEÐIÐ Í LÆKJARGÖTU** Samgönguráðuneytið segir það helst vera að kvöld- og næturlagi um helgar sem mjög erfitt geti verið að fá leigubíl. MYND/HARI

Eldflaugavarnir í Evrópu:

## Pólland gæti orðið skotmark

**PÓLLAND, AP** Að koma upp búnaði fyrir bandarískt eldflaugavarnakerfi í Póllandi gæti orðið valdstjórnarlegu Rússlandi tilefni til að hlaða upp vígbúnaði við þröskuld NATO og gert Pólland að skotmarki fyrir hugsanlegar árásir frá Íran í framtíðinni. Þetta segir Radek Sikorski, fyrrverandi varnarmálaráðherra Póllands og þingmaður.

„Þið eruð að leggja til að koma hér upp búnaði til að verja okkur fyrir löndum sem eru ekki óvinir okkar,“ sagði Sikorski í pallborðs-umræðum í Varsjá sem yfirmaður bandarísku stofnunarinnar sem annast uppbyggingu eldflaugavarnakerfisins og aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna tóku einnig þátt í. - aa

Margrét Sverrisdóttir:

## Fellst á flugvöll á Hólmsheiði

**SAMGÖNGUR Margrét Sverrisdóttir borgarfulltrúi segir ásættanlegt að Reykjavíkurflugvöllur verði á Hólmsheiði, „að öllum skilyrðum uppfylltum“.**



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

**Margrét var í kjöri til borgarstjórnar fyrir Frjálslynda flokkinn fyrir ári en eitt helsta stefnumál flokksins var að flugvöllurinn yrði áfram í Vatnsmýri.**

**Margrét, sem hefur sagt sig úr Frjálslynda flokknum, upplýsti um þessa afstöðu sína á fundi borgarstjórnar í gær.**

**Hún gegnir störfum borgarfulltrúa í fjarveru Ólafs F. Magnússonar.** - bþs

### BANDARÍKIN

**Örlög Wolfowitz óráðin** Stjórn Alþjóðabankans skipaði í gær nefnd til að ræða hvort Paul Wolfowitz, forstjóra bankans, sé stætt á að sitja í embætti eftir að upp komst að hann beitti áhrifum sínum til að útvega ástkonu sinni stöðu- og launahækkun. Hin sérskipaða nefnd myndi koma saman strax. Þrýst hefur verið á Wolfowitz að segja af sér, en hann vill sitja áfram.

### GRÆNLAND

**Þyrla brotlenti** Þyrla frá grænlenska flugfélaginu Air Greenland brotlenti í bænum Ilulissat (Jakobshöfn) á Vestur-Grænlandi á fimmtudag. Vél þyrlunnar stöðvaðist í lendingu með þessum afleiðingum. 24 manns voru um borð þegar þyrlan skall niður á klappirnar við lendingarstaðinn, en engan sakaði.




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.850 **+0,24%** **Fjöldi viðskipta:** 527 **Velta:** 10.357 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | +3,68% | **FL Group** | -1,00% |
| **Össur** | +3,63% | **Eimskipafélagið** | -0,59% |
| **Mosaic** | +2,35% | **Landsbankinn** | -0,58% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,51 +0,00% ... Actavis 79,00 +1,28% ... Alfesca 4,70 +0,00% ... Atlantic Petroleum 696,00 +0,14% ... Atorka 7,02 +1,59% ... Bakkavör 69,50 +0,73% ... Eimskipafélagið 33,80 -0,59% ... FL Group 29,60 -1,00% ... Glitnir 26,90 -0,37% ... Kaupþing 1.090 +0,46% ... Landsbankinn 34,50 -0,58% ... Marel 76,00 +3,68% ... Mosaic Fashions 17,40 +2,35% ... Straumur-Burðarás 20,90 +0,00% ... Össur 128,50 +3,63%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Köngulærnar koma**

Viðskiptalífið verður sífellt flóknara eftir því sem það verður stærra og umfangsmeira. Ef mönnum finnst eignarhald á íslenskum félögum vera óskýrt þá batnar ekki ástandið þegar erlendir fjárfestar koma til landsins með sína köngulóarvefi. Eftirfarandi tilkynning birtist um viðskipti íranska kaupsýslumannsins Roberts Tchenguiz í Existu: „Glenalla Properties Limited er að færa hlutabréf sín í Exista til dótturfélagsins Castel (Luxembourg) S. a.r.l., sem er í 100% eigu þess. Glenalla Properties er 95% í eigu Investec Trust (Guernsey) Limited fyrir hönd (e. trustee) Tchenguiz Family Trust. Robert Tchenguiz, Violet Tchenguiz og Vincent Tchenguiz eru rétthafar (e. beneficiary) sjóðsins.“




**Dato heltist úr lestinni**

Fækkað hefur um eitt blað á dönskum fríblaðamarkaði. Dato kom út í síðasta sinn í fyrradag, en hefur verið sameinað blaðinu Urban. Útgáfufélag beggja blaða er Berlinske Officin. Þar á bæ segja menn ljóst að ekki hafi verið markaður fyrir Dato sem fríblað dreift á heimili, en klárlega væri pláss fyrir blað sem dreift væri á förnum vegi og þar stæði Urban sterkt. Fjallað var um samrunann í dönskum miðlum í gær og kom þar fram að ekki hefði gengið sem skyldi í auglýsingasölu hjá Dato, en útgáfu blaðsins var haldið úti um átta mánaða skeið.

Haft er eftir David Trads, ritstjóra Nyhedsavisen, sem Dagsbrún Media gefur út, að hann hafi búist við að Dato yrði lagt niður og áhrifin á Nyhedsavisen væru engin; þar á bæ héldi útgáfan áfram eftir sem áður.

## MARKAÐSPUNKTAR ...

Launavísitala í mars 2007 er 313,2 stig og hækkaði um 0,3 prósent frá fyrra mánuði. Þetta sýna nýjar tölur frá Hagstofunni. Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 9,7 prósent.

Vísitala byggingarkostnaðar, reiknuð eftir verðlagi um miðjan apríl, er 370,3 stig samkvæmt tölum Hagstofunnar. Hún hækkar um 0,35 prósent frá fyrra mánuði. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitalan hækkað um 12,4 prósent.

Asíuver Íslands hefur hlotið styrk frá Glitni upp á eina milljón króna á ári í þrjú ár. Verður styrkurinn nýttur til að standa straum af framkvæmdum versins, viðburðum og námskeiðshaldi.

# Kröftug útgáfa krónubréfa í ár

Í liðinni viku voru krónubréf gefin út fyrir þrettán milljarða króna samkvæmt upplýsingum frá Greiningu Glitnis. Krónubréf, eða jöklabréf, eru skuldabréf gefin út af erlendum aðilum í íslenskum krónum. Útgefendur voru þýska sambandslandið Norðurrín Vestfalía, Evrópski fjárfestingabankinn, þýski bankinn Rentenbank, Rabobank í Hollandi og þýski þróunarsjóðurinn EBRD.

Heildarútgáfa krónubréfa í mánuðinum nemur nú átján milljörðum króna. Apríl er þriðji stærsti mánuður ársins hvað varðar uppgreiðslur á krónubréfum. Krónubréf að nafnvirði 14,75 milljarðar króna eru á gjalddaga í mánuðinum.

Mikið líf hefur verið í krónubréfaviðskiptum það sem af er ári. Alls hafa verið gefin út bréf fyrir 134 milljarða króna til samanburðar við 166,5 milljarða króna allt árið í fyrra. Útgáfa krónubréfa styður við gengi krónunnar sem hefur styrkst um tæplega sex prósent frá áramótum. **- hhs**



**KFW Í FRANKFURT** Þýski fjárfestingarbankinn KFW er stærsti útgefandi krónubréfa.

# Íslenskir fjárfestar eiga helmingshlut í Ticket

**Rekstrarhagnaður (EBIT) jókst um 40 prósent á milli ára og velta um helming.**

Íslendingar eiga orðið allt að helming alls hlutafjár í sænsku ferðaskrifstofukeðjunni Ticket Travel Group. Útlendingar, aðallega Íslendingar, fóru með tæp 48 prósent hlutafjár í félaginu um áramótin. Hlutur Íslendinga, sem hefur vaxið frá áramótum, er metinn á um 1,6-1,7 milljarða.

Stærsti hluthafinn er eftir sem áður Northern Travel Holding, félag í eigu Fons, FL Group og Sunds, með 29,2 prósenta hlut en Kaupthing Bank Luxembourg er nú orðinn annar stærsti eigandinn í félaginu með um 13,2 prósent um áramót. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru bréfin bæði í eigu bankans sjálfs sem og viðskiptavina sem mestmegnis eru íslenskir fjárfestar.



**LENNART KÄLL, FORSTJÓRI TICKET** Síðasti ársfjórðungur var sá langbesti í sautján ára sögu félagsins.

Forsvarsmenn félagsins, stjórnarformaðurinn Matthías Páll Imsland og forstjórinn Lennart Käll, greindu frá því á aðalfundi Ticket í Stokkhólmi í vikunni að rekstrarhagnaður (EBIT) félagsins á fyrsta ársfjórðungi hefði aukist um fjörutíu prósent á milli ára og velta um 48 prósent. Þetta er langbesti ársfjórðungur í sautján ára sögu Ticket. Félagið birtir fjórðungsuppgjör í næstu viku.

Ticket starfar í Svíþjóð og Noregi og sérhæfir sig í sölu á ferðum til einstaklinga sem og viðskiptaferðum. Áætlanir í upphafi árs gerðu ráð fyrir að félagið myndi velta um 45-50 milljörðum. Gengi hlutabréfa í Ticket tók kipp við fréttirnar og hefur hækkað um sex prósent eftir aðalfundinn. **- eþa**





**ROBERT MUGABE** Stjórnvöld í Simbabve hafa frestað birtingu verðbólgutalna. Óttast er að verðbólgan geti farið í 5.000 prósent undir lok árs.

# Verðlag hækkar í Simbabve

Stjórnvöld í Afríkuríkinu Zimbabve hafa ákveðið að fresta birtingu verðbólgutalna. Verðbólga mældist 1.730 prósent í febrúar, og er ein sú mesta í veröldinni. Gert er ráð fyrir að hún liggi öðru hvorum megin við 2.000 prósent í nýjustu mælingunni. Sérfræðingar segja verðbólguna eiga eftir að rjúka upp bregðist ríkisstjórn Roberts Mugabe, forseta landsins, ekki við ástandinu.

Upphaflega stóð til að birta tölurnar í síðustu viku en stjórnvöld eru sögð skella skollaeyrum við miklum verðhækkunum á milli mánaða. **- jab**

# Sætaskipti á lista yfir ríka

Mexíkóski auðmaðurinn Carlos Slim er sagður hafa laumað sér hljóðlaust upp í annað sætið á lista yfir auðugustu einstaklinga í heimi og tryggt sér pláss á milli bandaríska auðkýfingsins Bill Gates, stofnanda og stjórnarformanns Microsoft, og Warren Buffett. Nokkur nýlunda þykir að sjá Buffett í þriðja sæti á listanum en hann hefur vermt annað sætið um árabil.



**CARLOS SLIM**

Á lista Forbes yfir ríkustu menn í heimi sem birtur var í byrjun mars eru eignir Carlos Slim metnar á 49 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 3.219 milljarða íslenskra króna, og sat hann þá í þriðja sætinu. Breska dagblaðið Guardian benti á um helgina að auður Slims hafi vaxið um rúma fjóra milljarða dala frá því listinn var birtur og nemi þær nú 53,1 milljarði dala, jafnvirði 3.488 milljarða króna. **- jab**

# Segja Glitni vera bestan

Glitnir hefur verið valinn besti bankinn hér á landi árið 2007 í vali tímaritsins Global Finance. Tímaritið kynnir árlega úthlutun verðlauna sinna til bestu banka heims á þróuðum mörkuðum, en um valið er fjallað í aprílhefti þess.

Í umfjöllun blaðsins segir að vinningshafarnir í ár séu þeir bankar sem sinnt hafi þörfum viðskipta vina sinna af kostgæfni og náð öfundsverðum árangri ásamt því að leggja grunninn að árangri í framtíðinni. **- óká**


KVENFRELSI

1. Afnemum launaleynd; hún viðheldur kynbundnum launamun.

2. Hækkum laun þeirra stétta þar sem konur eru fjölmennar.

3. Stóreflum Jafnréttisstofu. Aukum fjárframlög til hennar og heimilum henni að beita viðurlögum ef fyrirtæki og stofnanir mismuna fólki í launum á grundvelli kynferðis.

4. Breytum lögum þannig að kaupendur vændis sæti ábyrgð, fórnarlömb mansals njóti verndar og lagaákvæði um klám verði skilvirk.

5. Tryggjum kynfrelsi kvenna með lögum.

6. Tökum á heimilisofbeldi og öðru kynbundnu ofbeldi með virku nálgunarbanni. Tryggjum að þeir sem beita ofbeldi verði fjarlægðir af heimilum en ekki fórnarlömb þeirra.

7. Bjóðum upp á kennslu í kynjafræðum á öllum skólastigum og fræðslu um þau á vinnumarkaði.

8. Aukum framlög til rannsókna í kynjafræðum.

9. Hleypum kynjasjónarmiðum að í heilbrigðiskerfinu og gefum konum aukið val um fæðingarþjónustu.

10. Vinnum að því að jafna kynjahlutfall í stjórnum skráðra fyrirtækja og annarra almenningshlutafélaga og í stjórnum, nefndum og ráðum hjá hinu opinbera þannig að a.m.k. 40% fulltrúa verði af hvoru kyni.

11. Styrkjum starfsumhverfi íslensku kvennahreyfingarinnar.

12. Tryggjum kynjasjónarmiðum viðeigandi sess í stjórnarskrá og vinnum að jöfnu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi og í sveitar

Kynntu þér málið
á www.VG.is

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

ALLT ANNAÐ LÍF!
- með vinstri grænum









Fíton/SÍA

**N1** ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR **N1** VERSLANIR **N1** BÍLAÞJÓNUSTA **N1** FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA




SÍMI 440 1100
WWW.N1.IS

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Við höfum 115 afgreiðslustaði land allt, auk öflugrar fyrirtækjaþjónustu sem byggir á áratuga reynslu í þjónustu og ráðgjöf við sjávarútveginn. Við erum alls staðar í leiðinni með fjölbreyttar lausnir. **N1 – Meira í leiðinni**

# Í platónsku ástarsambandi við vetni

**Í vikunni var tilkynnt að Þorsteinn I. Sigfússon, prófessor við Háskóla Íslands, hlyti alþjóðlegu Global-orkuverðlaunin. Að baki verðlaununum liggur margra ára starf, en Þorsteinn hóf störf við raunvísindadeild árið 1983. Hann reifar hér rannsóknir sínar og hugðarefni.**

Þorsteinn rekur forsögu þess að hann hlýtur verðlaunin allar götur aftur til áttunda áratugarins, þegar vetnisrannsóknir hófust við Háskóla Íslands.

„Frumherji vetnisrannsókna á Íslandi er Bragi Árnason prófessor. Eftir að ég kom að skólanum og fór að vinna að þessu vildi ég nálgast þetta með nýrri hugsun og beitti ég mér fyrir stofnun sprotafyrirtækis sem heitir Íslensk NýOrka. Ég var stjórnarformaður NýOrku þegar við fórum út í þetta mikla verkefni með Daimler-Chrysler, Shell Hydrogen og Norsk Hydro og fengum vetnisstrætisvagnana til Íslands, með aðstoð utanríkisþjónustunnar. Í ársbyrjun 2003 var reist vetnisstöð við Vesturlandsveg og þá var kominn vísir að vetnissamfélagi.“

Íslenska vetnisverkefnið leiddi af sér annað stærra verkefni. Í nokkrum borgum heimsins var gerð svipuð tilraun. Þar keyrðu þrjátíu strætisvagnar á vetni sem var framleitt með mismunandi aðferðum, eftir löndum. Síðan hefur leiðin verið greið í vetnisrannsóknum Þorsteins og félaga.

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

### Platónskt ástarsamband

Rannsóknirnar hafa átt huga Þorsteins síðustu áratugi. Hann líkir þessum áhuga við platónskt ástarsamband og fer létt með að rifja upp hin fyrstu kynni.

„Ég kynntist vetni fyrst í Járnblendifélaginu. Þar veltum við því fyrir okkur hvernig vetni úr raka í andrúmsloftinu varð hluti af málmkökunni með ýmsum afleiðingum. Síðan fór ég að hugsa hvort ekki væri hægt að virkja betur eiginleika vetnisins og láta það vinna sem orkubera.

„Í seinni tíð er ég farinn að velta meira fyrir mér hvernig við getum notað ferli vetnis sem unnið er úr vatni til þess að minnka útsleppingu gróðurhúsagasa á Íslandi og þess vegna hef ég beint sjónum mínum að þeim áhrifum sem minnkandi notkun jarðefnaeldsneytis gæti haft á orkuhreinleika okkar. Það er heillandi framtíðarsýn að Ísland gæti orðið fyrsta land í heiminum sem byggði eitt hundrað prósent á endurnýjanlegri orku.“

### Vetnið tamið

Vetni er minnsta atómið í alheiminum og er afar hvarfgjarnt; girnist að komast í samband við önnur efni. Því er erfitt að „temja“ það, segir Þorsteinn. „Ég er einmitt að skrifa bók sem út mun koma út samtímis í Oxford og Reykjavík í haust á ensku og íslensku. Vinnuheiti hennar er „Vetnið tamið“.

Hann tekur dæmi um „tamninguna“ af verkefni sem Íslendingar stóðu að um vetnisdrifna strætisvagna. „Þriðjungur af þaksvæði vagnanna, sem keyrðu um Reykjavík, var fylltur af vetnisflöskum sem voru undir 350 loftþyngdar þrýstingi. Það þýðir að loftþrýstingurinn í kringum okkur er margfaldaður 350 sinnum inni í stálflöskunum. Með þessu gátum við farið á þriðja hundrað kílómetra í einni ferð.“

Umrædd þjöppun vetnis fer fram í Íslensku vetnisstöðinni. Þar er vatnið klofið í frumeindir sínar. „Við tökum inn vatn og rafmagn og kljúfum vatnið með rafmagninu í svokallaðri rafgreiningu. Við leysum úr læðingi súrefnið og sleppum því út í andrúmsloftið og þjöppum saman vetninu. Þegar þú aftur keyrir strætisvagninn læturðu vetnið hvarfast við súrefni loftsins og skilar aftur rafeindinni, rafmagninu sem fór í að kljúfa það. Þetta rafmagn knýr svo bílinn. Þarna er hringrásin, þarna er endurnýjanleikinn.“

### Framtíðarland vetnis

Ísland er á margan hátt kjörlendi vetnistilrauna, segir Þorsteinn. „Ég skal taka lýsandi dæmi sem er vetnisvæðing hringvegarins. „Þessi vegur er um 1500 kílómetra langur. Þegar við förum að nálgast það að hafa vetnisstöðvar með 200 kílómetra millibili þá verður unnt að segja að eyjan Ísland hafi lágmarks þéttleika slíkra stöðva til þess að gera vetnisvögnum kleift að fara um landið. Þetta þýðir að með sjö eða átta stöðvum við hringveginn þá er perlufestin fullgerð. Nýtt orkudreifingarkerfi verður til með miklu minni fyrirhöfn en flestar þjóðir þyrftu að hafa. Á þessari leið er verkið nú,“ segir Þorsteinn stoltur.

### Samstarfsfólk og fyrirmyndir

Þorsteini verður tíðrætt um fólkið sem ruddi brautina í hitaveitu- og rafvæðingu Íslands og nefnir Jóhannes heitinn Zoega og Steingrím heitinn Jónsson sem dæmi. Hann vitnar í Newton og segist standa á öxlum risa. Eins talar hann hlýlega um þá sem hafa unnið með honum um árin og lofar háskólastarf með skapandi fólki.

„Ég hef unnið með mörgum stúdentum í framhaldsnámi sem eru og verða alltaf uppsprettan í háskólasamfélagi og það veitir mér mikla gleði að vinna með þeim. Starfið í háskólanum er síungt vegna þessa frábæra fólks. Rannsóknafrelsið í Háskólanum er lykillinn að árangri í vinnu minni. Kristín Ingólfsdóttir rektor hefur góðan skilning á þessu samspili,“ segir Þorsteinn.

klemens@frettabladid.is



**ÞORSTEINN INGI SIGFÚSSON** Þorsteinn er einn virtasti vísindamaður Íslands og var meðal annars sæmdur fálkaorðunni árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## FARSÆLL FERILL EÐLISFRÆÐINGS

Þorsteinn Ingi fæddist í Vestmannaeyjum árið 1954. Hann er stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og lagði stund á nám í Kaupmannahöfn og Cambridge. Frá Háskólanum í Cambridge lauk hann doktorsprófi í eðlisfræði árið 1983. Meðan á námi stóð var Þorsteinn kjörinn Research Fellow við Darwin College og hlaut einnig Clerk-Maxwell verðlaunastyrk fyrir þróun hitasveifluaðferðar árið 1981.

Þorsteinn hóf störf við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands árið 1983 og varð prófessor þar í nýrri stöðu Íslenska járnblendifélagsins árið 1989. Samhliða kennslu og rannsóknum hefur Þorsteinn tekið að sér stjórnarformennsku víða. Hann hefur til dæmis verið formaður stjórnar Raunvísindastofnunar, Háskólabókasafns, Rannís, NýOrku og IPHE (Alþjóðsamtökum um vetnisvæðingu).

Að auki hefur Þorsteinn verið leiðsagnaraðili fjölmargra doktors- og meistarastúdenta og hafa nemendur hans unnið til verðlauna í Nýsköpunarkeppni stúdenta á ýmsum sviðum raunvísinda. Hann er og höfundur hundraða greina og erinda um vísindi og tækni.

Þorsteinn Ingi er kvæntur Bergþóru K. Ketilsdóttur forstöðumanni og eiga þau þrjú börn, Davíð Þór, Dagrúnu Ingu og Þorkel Viktor.




MBA

Frumkvæði, færni, forysta


Árelía


Gylfi


Ingjaldur


Kristján


Þórhallur


Runólfur

Kynningarfundur um MBA-nám í Háskóla Íslands **miðvikudaginn 25. apríl kl. 12.15-13.45** í Námunni, húsi Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7, 107 Reykjavík.

Að hefja MBA-nám er stór ákvörðun. Sá sem lýkur MBA-námi er með nýjar forsendur til að takast á við breytingar og láta áform um starfsframa rætast. Lykillinn að árangrinum felst frumkvæðinu, færninni og forystunni sem einstaklingurinn er fær um að veita að loknu náminu.

Einkunnarorð MBA-námsins í Háskóla Íslands eru frumkvæði, færni, forysta. Á kynningarfundinum munu nokkrir af kennurum námsins gefa innsýn í MBA-námið og þá færni sem nemendur munu fá í náminu. Einnig munu MBA-nemi og útskrifaðir viðskiptafræðingar MBA svara fyrirspurnum frá fundargestum.

Næsti hópur mun hefja nám haustið 2007. **Umsóknarfrestur er til 2. maí 2007.**

Eftirtalin munu gefa innsýn í MBA námið:

**Árelía Eydís Guðmundsdóttir,** lektor: Stjórnun og forysta.
**Gylfi Dalmann Aðalsteinsson,** lektor: Mannauðsstjórnun.
**Ingjaldur Hannibalsson,** prófessor: Rekstrarstjórnun og alþjóðaviðskipti.
**Kristján Jóhannsson,** lektor: Fjármál fyrirtækja.
**Þórhallur Guðlaugsson,** dósent: Markaðsrannsóknir.
**Runólfur Smári Steinþórsson,** prófessor, er fundarstjóri.

Allir velkomnir,
Léttur hádegisverður verður á boðstólnum.

www.mba.is

H2 hönnun

V Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands




KOLVIÐUR

Kolviður er sjóður sem stofnaður er af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd. Markmið Kolviðar er að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt. Bakhjarlar Kolviðar eru ríkisstjórn Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og Kaupþing. Vefsíða Kolviðar er www.kolvidur.is.

ENNEMM / SIA / NM27186

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skýrar og samræmdar reglur verða að gilda um greiðslukort ríkisins.

# Gegnsæ greiðslukort

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Kreditkort eru greiðslumáti nútímans og ekkert um það að segja að ráðherrar hafi slík kort í höndum til þess að greiða kostnað, einkum vegna ferðalaga erlendis.

Fréttablaðið hefur spurst fyrir í ráðuneytum um það hvort ráðherrar hafi slík kort undir höndum og einnig hvort reglur séu um notkun þeirra. Ástæðan er einföld. Ljóst er að notkun greiðslukorta þar sem farið er með almannafé hlýtur að vera viðkvæm og full ástæða er til að fylgt sé skýrum reglum við notkun þeirra.

Í ljós kom að átta ráðherrar nota greiðslukort ríkisins og fjórir ekki. Þeir ráðherrar sem tjá sig um málið í fréttaskýringu blaðsins í gær gera allir skilmerkilega grein fyrir því hvers vegna þeir noti greiðslukort og í hvaða skyni. Sömuleiðis gera nokkrir ráðherrar grein fyrir því hvers vegna þeir nota ekki kortin.

Athygli vekja hins vegar ummæli fjármálaráðherra sem telur fréttaflutninginn ómerkilegan og subbulegan og að verið sé að gera heiðarlegt fólk að skúrkum. „Það er búið að svara öllu í þessu máli og segja frá því mörgum sinnum hvaða reglur gilda um þessi kort,“ segir ráðherrann og neitar að taka þátt í umræðunni. Ummælin vekja ekki síst athygli vegna þess að um fjármálaráðherra er að ræða, þann ráðherra sem ætti í raun að vera mest í mun að meðferð fjármuna ríkisins lúti skýrum reglum og sé gegnsæ.

Það er sérkennilegt í meira lagi að ráðherrann skuli líta svo á að verið sé að gera kreditkortanotkun ráðherranna tortryggilega þótt um hana sé fjallað. Eitt af hlutverkum fjölmiðla er að veita þeim sem fara með almannafé ákveðið aðhald með því að upplýsa lesendur sína. Það vakti fyrir Fréttablaðinu þegar ákveðið var að senda erindi til ráðuneyta og óska eftir upplýsingum um það hvaða ráðherrar hefðu kreditkort ríkisins í sínu nafni og hvaða reglur giltu um notkun þeirra.

Tilgangurinn var ekki að gera neinn tortryggilegan og ekkert bendir heldur til þess að ástæða sé til þess. Í ljós kom hins vegar að reglur um notkun þessara korta eru á reiki, andstætt því sem fjármálaráðherrann heldur þó fram, og full ástæða er til að bæta úr því. Allir hljóta að vera sammála um mikilvægi þess að skýrar verklagsreglur gildi um útgjöld ríkisins og að öll óvissa um þau sé óviðunandi fyrir skattborgarana. Þetta á ekki síst við þegar kemur að ráðherrunum sjálfum og minna má á að erlendis hafa komið upp mál þar sem ráðherrum hefur orðið hált á því að fara frjálslega með greiðslukort ríkisins. Slíkt viljum við ekki að hendi hér.

Skattgreiðendur hljóta að kalla á skýrar og samræmdar reglur um notkun greiðslukorta á vegum ríkisins og minna má á að það eru ekki bara ráðherrar sem hafa slík kort undir höndum heldur einnig ýmsir forstöðumenn ríkisstofnana og aðrir starfsmenn. Heildaryfirlit yfir þessi kort eru hins vegar ekki til. Úr því þarf að bæta.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN VILL AFNEMA NÚGILDANDI KVÓTAKERFI SEM ER ÓRÉTTLÁTT OG FJANDSAMLEGT BYGGÐUM LANDSINS

Við bjóðum ykkur velkomin á kosningaskrifstofu okkar í Hamraborg, Kópavogi.

AFNÁM KVÓTAKERFISINS ER KOSNINGAMÁL



Kolbrún Stefánsdóttir
leiðir lista Frjálslynda flokksins í Suðvesturkjördæmi. Kolbrún býr í Kópavogi og er framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar lsf og ritari Frjálslynda flokksins.



Valdimar Leó Friðriksson
alþingismaður skipar annað sætið í Suðvesturkjördæmi. Valdimar er búsettur í Mosfellsbæ.

Kjóstu F!
forysta fyrir íslenska þjóð

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is Hamraborg | Kópavogur | sími 554 7744

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stríðni í stjórnarráði

Hugmynd Valgerðar Sverrisdóttur um að koma á eðlilegum samskiptum við þjóðstjórn Palestínumanna virðist hafa vakið helsti litla lukku hjá samstarfsflokknum. Í það minnsta gengur fréttamönnum afar illa að fá viðbrögð Geirs Haarde við hugmynd Valgerðar. Gárungar segja enda að hér hafi verið meira en kosningagalsi Valgerðar á ferð. Tillagan sé ekki síst pólitísk ertni í garð flokksins staðfasta, sem samþykkti á landsþingi í sömu vikunni að „hafna hvers kyns stuðningi við ríkisstjórnir sem hryðjuverkahópar eiga aðild að, eða sem fjármagna hryðjuverkasamtök“.



### Guðrún í Glitni

Unnnendur samsæriskenninga lögðu vel við hlustir í gær þegar Glitnir auglýsti bókaupplestur Guðrúnar Helgadóttur í Glitni. Vildu einhverjir halda því fram að þarna væri Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, að hampa tengdamóður sinni. Þeim sem þetta datt í hug er bent á að margir aðrir öndvegis höfundar hafa nú þegar eða munu á næstunni lesa upp í Glitni, til að mynda Þórarinn Eldjárn, Einar Már Guðmundsson og Sigurður Pálsson. Það hlýtur að vera skelfilegt að hafa ekki alist upp við sögur Guðrúnar sem barn. Aðeins því fólki gæti komið í hug að þessi jöfur íslenskra barnabókmennta þyrfti að fá stuðning frá tengdasyni til að fá að lesa upp í bankaútibúi.

### Miðborg Vilhjálms

Það var ekki annað hægt en að dást af framgöngu Vilhjálms borgarstjóra þegar eldur kom upp í miðborginni. Áður en búið var að slökkva í þessum sögufrægu húsum hafði hann tekið af öll tvímæli um að þau yrðu endurbyggð. Því miður er það nú samt svo að þeim mun merkari sögu sem húsin í gömlu miðborginni eiga þeim mun ómerkilegri starfsemi hýsa þau í dag. Nú þegar umræðu um endurbyggingu borgarinnar ber sem hæst mætti vel hugsa upp ráð til að koma strippbúllunum úr hjarta borgarinnar en það eru nú einmitt þær sem fyrstar taka á móti vegafarendum í miðborg Reykjavíkur.



karen@frettabladid.is

# Fátækraskattar



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Efnahagsmál

Því miður eru vísbendingar um það að Íslendingar muni missa af einstöku tækifæri til að skipta um ríkisstjórn í vor. Virðast margir upplifa tilkomu nýrra flokka og framboða sem „glundroða“ þrátt fyrir þá staðreynd að þorri stjórnarandstæðinga muni líklega fylkja sér bak við tvo flokka, Vinstrihreyfinguna – grænt framboð og Samfylkinguna. Á sama tíma tala ríkisstjórnarflokkarnir um nauðsyn þess að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum. Það er raunar seinasta haldreipi þeirra því að ekki geta þeir stært sig af árangri í utanríkismálum, umhverfismálum eða jafnréttismálum.

En hvers eðlis er stöðugleikinn sem við búum við núna? Það sem er vissulega ákveðin regla í vaxandi skuldasöfnun þjóðarbúsins og gríðarlegri skuldsetningu íslenskra heimila. Það er orðið viðvarandi ástand að það sé gríðarlegur viðskiptahalli ár eftir ár þannig að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins nálgast nú eina og hálfa landsframleiðslu. Stærsti hlutinn af þessum viðskiptahalla stafar af umframeyðslu í þjóðfélaginu með tilheyrandi skuldsetningu heimila, fyrirtækja og sveitarfélaga. Skuldir heimilanna á Íslandi eru einhverjar hinar mestu í heimi eða rúmlega 200% af ráðstöfunartekjum. Þetta hlutfall var 20% árið 1980. Þetta er vissulega ein gerð af stöðugleika; skuldasöfnun sem vex jafnt og þétt.

Slæm staða flestra heimila á Íslandi stafar meðal annars af því hvernig skattkerfið hefur þróast á undanförnum árum. Nánast allar skattabreytingar á undanförnum 10-15 árum hafa miðað að því að bæta stöðu fjármagnseigenda og hinna tekjuhærri. Á hinn bóginn hafa persónufrádráttur eða skattleysismörk hvorki fylgt verðlags- né launaþróun. Tekjuskattar hins almenna launamanns hafa hækkað verulega á undanförnum árum vegna þess að skattleysismörk hafa ekki fylgt verðlagi. Gildir þetta um alla þá sem hafa mánaðartekjur undir 250 þúsund krónum eða þar um bil. Skattleysismörkin, sem eru tæpar 80 þúsund krónur, ættu að vera yfir 130 þúsund ef þau hefðu fylgt launaþróun. Það sem hefur lækkað á undanförnum árum er hin almenna skattprósenta í tekjuskatti, en í reynd hafa skattar ekki lækkað heldur hefur skattbyrðin flust til, frá hærri tekjum yfir á þær lægri.

Ýmsar aðrar breytingar á skattkerfinu hníga í sömu átt. Barnabætur hafa verið skertar í tíð þessarar ríkisstjórnar og nemur lækkunin samtals rúmum 10 milljörðum króna á núvirði. Þá hefur húsnæðiskostnaður (húsnæði, rafmagn og hiti í vísitölu neysluverðs) hækkað mun meira en laun. Húsaleigubætur hafa hins vegar ekki hækkað í samræmi við aukinn húsnæðiskostnað.

Um 90% þjóðarinnar borga nú jafn mikinn skatt eða hærri en fyrir 10 árum. Tilfærsla skattbyrðinnar hefur verið frá fyrirtækjum, fjármagnstekjum og eignum yfir í tekjuskatt einstaklinga og innan þess hóps frá tekjuháu fólki yfir á tekjulágt.

Ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa ekki látið þar við sitja. Stórum hluta af kostnaði við velferðarþjónustu hefur verið velt yfir á neytendur og kemur það að sjálfsögðu harðar niður á tekjulægstu hópunum. Árið 1980 var kostnaðarþátttaka sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni 11,8%, en árið 2005 greiddu sjúklingar sjálfir 17,5% af heilbrigðisútgjöldum þjóðarinnar. Þetta er auðvitað ekkert annað en viðbótarskattur á sjúklinga og leggst af sama þunga á alla. Heilbrigðisstarfsfólk heldur því fram að gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu hindri efnalítið fólk í að leita til læknis og að lyfjakostnaður sé því iðulega ofviða. Ríflega 10% grunnskólabarna fara á mis við forvarnastarf í tannheilsu í skólum vegna kostnaðar.

Við þetta bætist að meðal fjölmargra stétta á Íslandi er algengt að vinnuvikan sé að meðaltali 47-50 stundir samanborið við 35-40 á hinum Norðurlöndunum. Stytting vinnuvikunnar er því miður ekki aðalkosningamálið í ár og er ljóst að lítið miðar í átt til fjölskylduvænna samfélags á meðan þetta ástand helst stöðugt. Annað viðvarandi ástand á íslenskum vinnumarkaði er kynbundinn launamunur. Heildarlaun kvenna eru aðeins rúmlega 60% af heildarlaunum karla og hefur það hlutfall ekki aukist í 30 ár. Er hægt að monta sig af slíkum stöðugleika?

Niðurstaðan er því þessi: Það ríkir óstjórn í efnahagsmálum á Íslandi, ekki vegna þess að svo mikið hafi verið gert fyrir tekjulægstu hópana, heldur þvert á móti. Skattar á lágtekjufólk hafa aukist og ofan á það bætist ýmiss konar gjaldtaka af hálfu hins opinbera sem er ekkert annað en dulbúin skattheimta.

Ástandið þarf auðvitað ekki að vera svona. Það er hægt að endurskoða dreifingu skattbyrðarinnar, hvernig sameiginlegum fjármunum þjóðarinnar er ráðstafað og forgangsraða í þágu velferðar fyrir alla. Við getum kosið okkur „allt annað líf“ og eigum að gera það. Að minnsta kosti er engin ástæða til að sleppa því með tilvísun í stöðugleika sem er byggður á sandi.

# Biðlistapólitík Sjálfstæðisflokksins

UMRÆÐAN

Málefni aldraða



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Sjálfstæðisflokkurinn er á flótta undan eigin stefnu og aðgerðaleysi í málefnum aldraðra ef marka má grein Ástu Möller hér í blaðinu á sumardaginn fyrsta. Þar beinir hún spjótum sínum að Reykjavíkurborg en þingmanninum til upplýsingar er það þannig að hjúkrunarheimili verða ekki byggð nema með ákvörðun ríkisins. Bygging hjúkrunarheimila er á ábyrgð ríkisins og þar hefur ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks algerlega brugðist í Reykjavík.

Árið 2002 undirritaði þáverandi borgarstjóri, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, viljayfirlýsingu við Jón Kristjánsson, þáverandi heilbrigðisráðherra, um byggingu tæplega 300 hjúkrunarrýma í Reykjavík á árunum 2003-2007. Þá brá svo við að sjálfstæðismaðurinn og fjármálaráðherrann Geir H. Haarde sagði þetta samkomulag ómerkt og stöðvaði það að fjármunir ríkisins væru settir til verksins. Reykjavíkurborg lagði allan tímann til hliðar fjármuni í verkið, alls 30% eða tvöfalt það hlutfall sem lögbundið er að sveitarfélög leggi til stofnkostnaðar hjúkrunarheimila. Varla þarf að minna Ástu Möller á hvernig ríkisstjórnin hefur farið með Framkvæmdasjóð aldraðra þar sem helmingur af því fé sem greitt hefur verið í sjóðinn hefur farið í önnur verkefni en byggingu hjúkrunarheimila á síðustu 15 árum.

Mér finnst því Ásta Möller býsna ósvífin þegar litið er til fortíðar Sjálfstæðisflokksins í þessum málaflokki því 400 aldraðir bíða nú í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum og um eitt þúsund manns eru í þvingaðri sambúð á fjölbýlum. Má ég líka minna þingmanninn á að ekkert nýtt hjúkrunarrými hefur bæst við á síðasta ári og eina sem gerst hefur er eitt stykki skóflustunga.

Reykjavíkurlistinn þurfti að vinna upp vanrækslu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík árið 1994 og eyða biðlistum eftir leikskólavist. Það sama mun Samfylkingin gera varðandi biðlista aldraða eftir hjúkrunarrýmum. Við munum setja í forgang að byggja 400 ný hjúkrunarrými fyrir aldraða á næstu 18 mánuðum.

*Höfundur er frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi norður.*

# NUDDPOTTA SÝNING

## í dag laugardag




# FRÁBÆRT VERÐ Á NUDDPOTTUM

**Með pottunum fylgja tröppur, auka filter, lyftubúnaður fyrir lokið og heimkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu.**

## NUDDPOTTASÝNING Í LAGNADEILD BYKO

- VÖFFLUR OG KAFFI
- SÉRFRÆÐINGUR Á STAÐNUM
- ALLT AÐ 6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR, (AÐEINS Í DAG)




BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

GLÆSILEG NUDDPOTTASÝNING Í LAGNADEILD BYKO BREIDD, SKEMMUVEGI 2, BLÁ GATA

# Sumarda

# í Norðlingaholti

## Gæðalausnir fyrir húsið og garðinn

Við hjá MEST erum í sumarskapi þessa daga og af því tilefni efnum við til sumarhátíðar í verslun okkar í Norðlingaholti í dag. Hátíðin hefst kl. 10 og stendur til kl. 17.

Frábær skemmtiatriði: Trúður kemur í heimsókn, andlitsmálning fyrir börnin, grill og Coke Zero. Bylgjan verður á svæðinu og útvarpar hátíðinni.

Fjöldi stórra og smárra vinninga verður í boði og þeir sem versla fara í pott og geta unnið stórglæsilegan **heitan pott að andvirði 295.000 kr.**

**Glæsilegir vinningar!**














# gar MEST







BYLGJAN 989

Bylgjan verður á svæðinu

trúður
andlitsmálun








## LANDSLAGSRÁÐGJÖF

**Stanislas Bohic landslagsarkitekt verður á staðnum og gefur góð ráð.**

Nýttu tækifærið og skapaðu draumagarðinn þinn.




MEST
Malarhöfða 10, Reykjavík
Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði
Hrísmýri 8, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði
Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401
mest@mest.is / www.mest.is


mest
– allt til bygginga

Rekstrarvörustyrkir RV 2007

RV veitir árlega styrki til félaga og samtaka sem sinna þörfum samfélagsverkefnum og leggja alúð við umhverfi sitt. Styrkirnir eru í formi vöruúttekta hjá RV sem styrkþegar geta nýtt vegna reksturs eða til fjáröflunar.

Í ár verða veittir fjórir rekstrarvörustyrkir og þurfa umsóknir um þá að berast á netfangið **styrkir@rv.is** fyrir 1. maí nk.

Í umsókn skal gerð grein fyrir þeim félögum sem sækja um styrk og verkefnum sem njóta eiga góðs af styrkveitingu.

**Tilkynnt verður um val á styrkþegum þann 11. maí nk. á heimasíðu fyrirtækisins.**

Nánari upplýsingar á heimasíðu RV:
www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007



*RV er sérhæft dreifingarfyritæki sem sinnir þörfum fyrirtækja og stofnana fyrir almennar rekstrar og hreinlætisvörur. RV leggur sérstaka áherslu á heildarlausn hreinlætis- og öryggismála, svo og hjúkrunarvörur fyrir stofnanir og einstaklinga. Fyrirtækið var stofnað 18.maí 1982. RV á og rekur UNIQUE Rengøringssystemer í Rödekro á Suður-Jótlandi. UNIQUE þjónar viðskiptavinum í Danmörku og Norður-Þýskalandi.*

TUNGLIÐ RV6232

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



xelenta



Nýtt á Íslandi

- steinar - styttur - kristall - ljós - skart -







Opnunartímar:
virka daga kl. 11-18
laugardaga kl. 11-17

Skeifan 7 - 108 Reykjavík - Sími: 553 2882 - xelenta@xelenta.com - www.xelenta.com



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


# *Þeir einir ættu að fiska sem róa*

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegsmál

Hverjir eiga fiskimiðin? Svar: Það á engin íslensku fiskimiðin í þeim skilningi að geta gert tilkall til eignayfirráða yfir þeim, eða hluta þeirra, samkvæmt eignaréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Fiskimiðin tilheyra aðeins íslenska þjóðríkinu einu og löggjafanum ber að fara með forræði yfir þeim.

Svo verður vonandi alltaf. Um þetta ætti ekki að þurfa að ríkja ágreiningur, og meginþorri þjóðarinnar er mjög ákveðið þessarar skoðunar

En því miður ekki allir. Útgerðarmenn vilja að þetta gildi aðeins í orði en ekki á borði.

Þetta kemur glöggt fram í stuttri grein eftir Friðrik Arngrímsson, framkvæmdastjóra LÍÚ, í Fréttablaðinu á dögunum. Hann segir að vísu að ríkið hafi allar heimildir til þess að setja reglur en tiltekur veiðistjórnunaratriði, sem í reynd eru nú að mestu á forræði Hafró. Aflahlutdeildin, sem er hlutfall viðkomandi útgerðar í heildarveiðinni (reiknað í prósentum og prósetumbroti) vilja útgerðarmenn hins vegar að njóti friðhelgi eignaréttar og virðast gera skýlausar kröfur um að við henni verði aldrei haggað.

Helstu rökin eru þau segir Friðrik, að veiðiheimildir hafi útgerðarmenn keypt dýrum dómi og því geti ríkið ekki gert þær upptækar, án þess að greiða bætur fyrir. Hann sleppir því hins vegar að nefna að það eru líka útgerðarmenn sem eru að selja þessar sömu veiðiheimildir dýrum dómi, því öllum veiðiheimildum var upphaflega úthlutað til þeirra án nokkurs endurgjalds. Þeir þurftu aldrei að kaupa þær.

Þá minnir Friðrik föðurlega á að það sé eitt af grundvallaratriðum stjórnskipunar réttarríkisins Íslands að eignarétturinn sé friðhelgur og segir síðan: „Það er einnig meginforsendan fyrir því að á Íslandi er rekinn arðbær sjávarútvegur að þeir sem eiga veiðiheimildir fari með þær sem sína eign.“ Því er nú spurt: Hver er afstaða forustumanna stjórnarflokkanna, þeirra Geirs H. Haarde og Jóns Sigurðssonar í málinu? Eru þeir sammála útgerðarmönnum í því að aflahlutdeild skuli njóta friðhelgi eignaréttar eða ekki sammála?

Kjósendur hljóta að eiga rétt á að fá skýr svör nú, þar sem ekkert skýrt svar við þessari spurningu kom fram í frumvarpi því sem þessir forustumenn lögðu fram í þinglok.


ÓSKAR ÞÓR KARLSSON

Ef fallist yrði á þær kröfur sem Friðrik Arngrímsson setur fram, þá þýddi það að allur og varanlegur nytjaréttur á fiskimiðunum væri í eigu núverandi útgerðarmanna, og hvað stendur þá eftir? Samkvæmt því gæti Alþingi engu breytt, sem raskar núverandi stöðu, nema til kæmu háar fjárkröfur frá útgerðarmönnum og fébætur til þeirra. Og ætti þá ekki í leiðinni, að bæta fólki í sjávarplássum víða um land bætur fyrir atvinnumissi og eignaupptöku af völdum þessa kerfis.

En aftur að meintri hagkvæmni. Er árangurinn af „einkavæðingunni“ kannske svo góður að þetta er ekkert áhyggjuefni? Er greinin svona arðbær eins og Friðrik heldur fram? Nei, þvert á móti. Þrátt fyrir miklar tækniframfarir í sjávarútvegi, mjög hátt afurðaverð og sigra í landhelgisbaráttunni, þá blasir nú við sú hryggilega staðreynd að nettógjaldeyristekjur þjóðarbúsins af atvinnugreininni eru við sögulegt lágmark. Ótrúlegt en satt. Þetta er nú allur árangurinn af þeirri hugmyndafræði að reisa múra utan um atvinnugreinina og láta útgerðarmenn síðan sjálfa sjá um „múrverkið“. Afleiðingin er slík skuldsetning í greininni að það hefur aldrei verið dýrara en nú, að stunda fiskveiðar við Ísland.

Friðrik nefnir grein sína: „Þeir fiska sem róa“. Það er svolítið kaldhæðnisleg af honum að gera það, því sannleikurinn er sá, að það kerfi sem hann lofar svo mjög hefur skapað n.k. lénskerfi í fiskveiðum. Margir útgerðarmenn leigja frá sér veiðiheimildir „dýrum dómi“ og hirða ágóðann, án þess að þurfa að sækja sjó. Þá eru ótaldar margar aðrar slæmar afleiðingar af tilvist þessa óhagkvæma kerfis, m.a algjört réttleysi fólks í sjávarbyggðunum og röskun byggða því samfara, röng nýting fiskimiðanna, og sú grófa samkeppnislega mismunun sem ríkir í atvinnugreininni, ekki síst í fiskvinnslunni sem einnig er samfélaginu dýrkeypt. Stjórnarherrarnir þurfa því að svara mörgum áleitnum spurningum nú, og verða krafðir svara.

*Höfundur skipar 2. sæti á framboðslista Frjálslynda flokksins í Suðurkjördæmi.*

# Ég snýti mér í foragt!

**UMRÆÐAN**
Ný Biblíuþýðing

Ég snýti mér í foragt! Einhver bóndi austur í sveitum hafði þetta að orðtaki þegar honum var ofboðið og geri ég það að mínu andspænis ummælum Gunnars Þorsteinssonar, sem kenndur er við Krossinn, um hina nýju Biblíuþýðingu í Fréttablaðinu mánudaginn 16. apríl síðastliðinn: Ég snýti mér í foragt! Athugasemd Kurts heitins Vonnegut um einhvern gapuxa fyrir nokkrum árum á líka vel við: What a searching mind! Aldrei hefur Gunnar þessi haft fyrir því að snúa sér til þýðingarnefnda Biblíunnar eða ritnefndarinnar, hvað þá sent formlegar athugasemdir. Í stað þess hefur hann staðið og haft uppi stór orð og blandin lygi um að þýðingin sé „ekkert annað en árás á menningu okkar og bókmenntir og ekki síst sjálfan kristindóminn“. Innblásni textinn er Biblían 1981! En áður en Gunnar Þorsteinsson


EINAR SIGURBJÖRNSSON

reytir af sér allt skegg og stendur alblóðugur frammi fyrir alþjóð í ákafa sínum fyrir innblásnum texta langar mig til að segja honum og öðrum frjálsum forstöðumönnum einn brandara: Biblían 1981 sem Gunnar kaupir nú í kassavís handa sauðum sínum er að stofni til sú Biblía sem kærð var til Englands árið 1908 af mönnum sem töldu að sú þýðing væri árás á kristindóminn og að þýðendurnir væru hættulegir falsarar! Ef Gunnar Þorsteinsson vill græða á því að selja þann texta sem hinn innblásna texta Biblíunnar þá hann um það. En ég snýti mér í foragt!

*Höfundur er prófessor í guðfræði og situr í ritnefnd Biblíu 21. aldarinnar.*

# Opnunarhátíð!

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN
Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

Í dag, laugardaginn 21. apríl, opnum við kosningamiðstöð á milli klukkan 13 og 15.



*Skoppa og Skrítla* skemmta börnunum.
*Pálmar Ólason* spilar ljúfa tóna.
Veitingar fyrir unga sem aldna.

**Hlökkum til að sjá ykkur.**
Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins
í Suðvesturkjördæmi.

- *Álftanes*
- *Garðabær*
- *Hafnarfjörður*
- *Kjós*
- *Kópavogur*
- *Mosfellsbær*
- *Seltjarnarnes*



Kosningamiðstöðin er í félagsheimili sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi, Hlíðarsmára 19.

# 20%

afsláttur
af öllum
krakkavörum
í tilefni af
stækkun
búðarinnar
í Smáralind

Gildir aðeins í Joe Boxer Smáralind



Gleðilegt sumar!

JOE BOXER®




MAÐUR VIKUNNAR

# Verkhög geðprýðiskona

Áslaug Jónsdóttir, rithöfundur og myndlistarmaður, hlaut Barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur í vikunni, annað árið í röð. Áslaug er ein þeirra listamanna sem af hugsjón og staðfestu hafa auðgað íslenska menningu með störfum sínum og jafnframt er hún baráttukona sem nýtir hvert tækifæri til þess að vekja athygli á gildi þess að börn lesi góðar bækur.

Í símaskránni er Áslaug titluð bókverkakona, enda fæst hún bæði við skriftir og skreytingar auk þess að brjóta um bækur. Draumur hennar ku einnig vera sá að stofna bókverkalýðsfélag enda hefur hún afar sterkar skoðanir á öllu því sem tengist barnabókmenntum og barnamenningu. Á tyllidögum er gjarnan talað fjálglega um uppeldisgildi barnabóka og ábyrgðarhlutverk rithöfunda sem skrifa fyrir yngstu lesendurna. Sú stétt uppsker þó sjaldnast eins og til er sáð og er það ekki öfundsvert hlutskipti að reyna að lifa af launum barnabókarithöfunda hér á landi. Áslaug hefur starfað ötullega að baráttumálum barnabókahöfunda og til dæmis setið í stjórn SÍUNG, samtaka íslenskra barna- og unglingabókahöfunda.

Áslaug er uppalin í Melasveit í Borgarfjarðarsýslu og varð snemma listfeng og mikill bókaormur. Systurnar fjórar teiknuðu mikið og kusu tvær þeirra síðar að feta listabrautina en systirin Védís starfar nú sem hönnuður. Áslaug var ljúfur og góður krakki sem gekk í öll sveitastörf, hvort heldur var að keyra traktor eða smyrja vélar en henni var einkar lagið að fást við sauðfé og kom handlagni hennar sér vel í sauðburðinum. Sveitastúlkan er enn við hestaheilsu en systurnar eiga nú æskuheimili sitt, jörðina Melaleiti. Nýtir fjölskyldan sér óspart þann unaðsreit og dvelst Áslaug þar langdvölum á sumrin.

Áslaug fluttist ásamt manni sínum Vilhjálmi Svanssyni til Danmerkur þegar hann var þar við nám í dýralækningum. Þar menntaði hún sig í myndlýsingum og grafískri hönnun við Skolen for Brugskunst í Kaupmannahöfn en hún hafði áður verið við nám hér heima í Myndlista- og handíðaskólanum. Að loknu náminu fluttust þau Vilhjálmur til Hofsóss en í farteskinu hafði Áslaug í það minnsta eina bók. Hún nýtti tímann á Hofsósi til frekari ritstarfa og árið 1990 gaf hún út sína fyrstu barnabók, Gullfjöðrina. Vilhjálmur og Áslaug eru nú búsett í Vesturbæ Reykjavíkur og eiga eina dóttur sem heitir í höfuðið á móðurömmu sinni, Kristjönu.

Áslaug hefur nú komið að útgáfu um tuttugu bóka, ýmist sem höfundur texta og/eða mynda. Fyrstu bækur hennar vöktu athygli fagfólks en fengu ekki mikla útbreiðslu en þegar hún myndlýsti metsölubók Andra Snæs Magnasonar, Söguna af bláa hnettinum sem kom út hjá Máli og menningu árið 1999, fóru hjólin að snúast. Sem höfundur hefur Áslaug verið í stöðugri þróun og sókn, bækur hennar bera ákveðið svipmót en söguheimurinn er afar fjölskrúðugur og höfundurinn hugmyndaríkur með afbrigðum. Hún nær vel til lesenda sinna og kann þá list að velja ávallt réttu orðin.

Samferðafólk Áslaugar lýsir henni sem ákaflega metnaðarfullri og vandaðri manneskju, geðgóðri með afbrigðum og afar röskri til flestra verka. Hún er einbeitt kona og stundum dálítið stíf á sinni meiningu – oftast með réttu að sögn þeirra sem standa henni næst. Samstarfsfólk hennar ber henni afar vel söguna og segir gott að vinna með henni, hún sé afar frjó og skapgóð og alltaf stutt í hláturinn. Hún er hins vegar lítt gefin fyrir að trana sér fram og hefur litla ánægju af því að vera í sviðsljósinu og háir það henni í þeim fjölmiðlafans sem fylgir jafnan útgáfumálunum.

Áslaug lifir og hrærist í ritlistinni og myndlistinni, er mikil fjölskyldumanneskja og deilir ástríðu systra sinna á matjurtarækt. Færri vita að hún er einnig prýðilegur hagyrðingur og á það ekki langt að sækja enda var móðurafi hennar Höskuldur, landsþekktur hagyrðingur ættaður úr Skorradal.

## ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR



### ÆVIÁGRIP

Áslaug er fædd 31. mars 1963 og ólst upp í Melaleiti í Leirár- og Melasveit. Hún er næstyngst fjögurra systra en foreldrar þeirra eru Jón Kristófer Magnússon, fyrrverandi bóndi, og Kristjana Höskuldsdóttir, húsfreyja og organisti. Áslaug lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1983 og stundaði síðan nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1984-1985. Hún lauk lokaprófi frá Skolen for Brugskunst í Kaupmannahöfn árið 1989 og hefur starfað sem rithöfundur, myndlýsir, myndlistarmaður og grafískur hönnuður síðan.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR:

Áslaug hlaut viðurkenningu Barnabókaráðsins, Íslandsdeildar IBBY árið 1993, Vestnorrænu barnabókaverðlaunin ásamt Andra Snæ Magnasyni fyrir Söguna af bláa hnettinum og var tilnefnd á heiðurslista IBBY-samtakanna fyrir bók sína Eggið. Hún hlaut einnig íslensku myndskreytiverðlaunin, Dimmalimm, tvö ár í röð fyrir bækurnar Nei! sagði litla skrímslið og Gott kvöld. Fyrir þá síðastnefndu hlaut hún tilnefningu til Norrænu barnabókaverðlaunanna og Barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur en fyrr í vikunni hlotnaðist henni sú vegtylla annað árið í röð fyrir bókina Stór skrímsli gráta ekki sem hún myndskreytti og skrifaði ásamt sænska rithöfundinum Kalle Güettler og færeyska rithöfundinum Rakel Helmsdal.

### HVAÐ SEGIR HÚN?

„Á hverju þroskastigi eru ávallt einhverjar bækur sem maður les í tætlur og svo eru bækur sem fylgja manni gegnum lífið, persónur sem allir geta talað um eins og þær séu bræður manns, systur eða vinir. Ég gríp enn í Múmínálfana – það eru bækur sem ekki hafa glatað neinu.“

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Áslaug er mikill vinnuhestur og alltaf að. Það er yndislegt að vinna með henni, hún er svo rösk og frjó en líka svo geðgóð. Það hefur verið ógurlega gaman að fylgjast með henni og ég held að hún eigi bara eftir að vaxa. Hún er kona sem stendur í dyragættinni og er rétt að byrja, ég óska henni velfarnaðar inn úr dyrunum.“
Kristín Steinsdóttir rithöfundur


Opið 10-18
Nýtt!
BÓNUS SPELT Pizzadeig
Spelt pitsudeig
259 KR
400g
Tilbúið SPELT pitsudeig
fyrir virkilega fjölskyldustemningu
EINIBERJA LAMBALÆRI
kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781 KR.
Súkkulaði Ís 2
BÓNUS
Vanillu Ís 2
2 lítrar
198 KR.
Bónusís
bonus.is
ERAN/Landlist
BÓNUS
Bónus ungnautahakk
kílóverð nú:
899 KR.
Merkt verð 1198 KR.
Úrvals innflutt og ferskt ungnautahakk
Einiberjakryddað
LÚXUS
LAMBALÆRI
Sítrónukristall
598 KR.
6x 2 lítrar
Grillkryddaðar svínakótelettur
25% afsláttur
Svínakótelettur
kílóverð nú:
1049 KR.
Merkt verð 1398 KR.
Einiberja lambalæri
40% afsláttur
við kassann
4 ungnautaborgarar
4 hamborgarabrauð
verð nú:
449 KR.
Merkt verð 598 KR.
Pepsi MAX
598 KR.
6x 2 lítrar
Grillkryddaðar svínalærissneiðar
Svínalærissneiðar
kílóverð nú:
898 KR
Merkt verð 1198 KR.
BÓNUS
AFSLÁTTUR 25% VIÐ KASSANN
PEPSI MAX
25% afsláttur
við kassann
Svínahnakkasneiðar
kílóverð nú:
749 KR.
Merkt verð 998 KR.
Úrvals innflutt ungnautahakk
Kipputilboð
12 lítrar
Hrá salat
Kartöflu salat
KF SALAT
98 KR.
350g
www.bonus.is
Grillkryddaður svínahnakki
BÓNUS



**174** kr./lm.

~~233~~

Vnr. 0058324
**Fura**
Fura, alhefluð 27x95 mm, A-gagnvarin.

Vnr. 0058254
**Fura**
Fura, alhefluð 22x95 mm, A-gagnvarin.
**119** kr./lm
~~160~~ kr./lm

Vnr. 0058504
**Fura**
Fura, alhefluð 45x95 mm, A-gagnvarin.
**216** kr./lm
~~289~~ kr./lm

Vnr. 0059954
**Fura**
Fura, alhefluð 95x95 mm, A-gagnvarin.
**433** kr./lm
~~579~~ kr./lm

Vnr. 0058506
**Fura**
Fura, alhefluð 45x145 mm, A-gagnvarin.
**330** kr./lm
~~441~~ kr./lm

VERÐ VERND
BYKO

**www.byko.is**
verslaðu á netinu

Vnr. 55900002
**Malarhrífa**
Malarhrífa 10 tanna með tréhandfangi.



**990**

Vnr. 55600569
**Kantskeri**
LYSBRO kantskeri.



**2.690**

Vnr. 55600151
**Stunguskófla**
LYSBRO stunguskófla.



**3.990**

Vnr. 79291069
**Hjólbörur**
GINGE hjólbörur, 90 ltr.



**3.990**
~~5.892~~



frábær
SUMAR
TILBOÐ
í verslunum BYKO
11.900
Vnr. 50630100
OUTBACK
Gasgrill
OUTBACK OMEGA 200 gasgrill. Stærð 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborði, neistakveikjara, þrýstijafnara, slöngu og grillsteinum.
39.900
Vnr. 50632111
Gasgrill
ELEGANT UNION ryðfrítt gasgrill með 3 brennurum, pottjárn í steikargrind, grillflötur 66x50 cm. Neistakveikjari, grillsteinar, hitamælir, steyptir brennarar og efri grind, 12.9kW. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.
FRÁBÆRT VERÐ!
27.900
Vnr. 49804023
Garðsett
Garðsett úr cedrus viði. Stóll, tveggjasæta stóll og borð (106x56 cm). Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.
44.900
Vnr. 50630104
OUTBACK
Gasgrill
OUTBACK HUNTER PLUS gasgrill, 60x50 cm grillflötur, 3 brennarar, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárni, emelerað stál og ál. Neistakveikjari, hitamælir, efri grind, þrýstijafnari og grillsteinar. Kemur samsett fyrir utan fætur og hliðarborð. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.
2.990
VÆG & FACADE
10 ltr.
Vnr. 89071183
Málning
Farveland úti og innimálning, gljástig 6, 10 ltr.
BOSCH
8.990
12.990
BOSCH
Vnr. 74864115
Rafhlöðuborvél
BOSCH rafhlöðuborvél PSR 1440, 14,4V, 2 rafhlöður.
Vnr. 50147028-39
Gúmmístígvél
HARVIK/VÍKING
gúmmístígvél, stærðir 28-39.
1.990 kr.
2.388 kr.
Vnr. 50147040-47
Gúmmístígvél
HARVIK/VÍKING
gúmmístígvél, 40-47.
2.790 kr.
3.588 kr.
FRÁBÆRT VERÐ!
Vnr. 93460010-21
Regngalli 1.190 kr. 1.990 kr.
Regngalli PVC/nylon, gulur, grænn eða blár, stærðir M-XXL.
BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# Stjórnmálaforingjar og áfengismagn

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er rætt um heppilegt áfengismagn fyrir stjórnmálaforingja. Einnig er minnst á þjósnalýðræði, hvorugkynsbörn, konur og menn, eldsvoða í sjónvarpinu og Sólheimaferð á sumardaginn fyrsta.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**LAUGARDAGUR, 14. APRÍL.**

### Þjósnalýðræði

Ég var að hugsa um lýðræði í dag. Hér á landi tíðkast þannig lýðræði að ríkisstjórnarflokkar stjórna eftir sínum geðþótta og þykir sjálfsagt mál að fella allar tillögur frá stjórnarandstöðu hversu ágætar sem þær kunna að vera.

Hér á Íslandi vill það gleymast að handhafar valdsins hverju sinni eiga að sýna öllu fólki – ekki bara samherjum sínum – fyllstu virðingu og tillitssemi.

Að láta undir höfuð leggjast að taka tillit til skoðana fólks og forðast að koma til móts við sjónarmið þeirra sem eru í minnihluta er ekki bara ólýðræðislegt heldur beinlínis mannfjandsamlegt. Lýðræði af því tagi sem við Íslendingar höfum búið við í lýðveldinu okkar mætti kannski kalla þjósnalýðræði.

Það getur verið mjög erfitt og ófullnægjandi fyrir mörg okkar að finna lífsgildum sínum og hagsmunamálum stað í einhverjum þeirra stjórnmálaflokka sem bjóða fram starfslið til að gerast umboðsmenn okkar á löggjafarsamkomunni. Þess vegna er það gersamlega óviðunandi að landinu okkar skuli vera stjórnað þannig að meirihlutinn sé ævinlega gegn minnihlutanum og láti kné fylgja kviði.

Stjórnmálaflokkar nútímans eru ekki fjöldahreyfingar sjálfsprottnar af nýjum hugsjónafræjum heldur gamlar stofnanir sem sækja rekstrarfé sitt í ríkissjóð en ekki í frjáls framlög frá stuðningsmönnum.

Stjórnmálaflokkar eru valdamaskínur, útungunarvélar og stökkpallar fyrir fólk sem vill hafa atvinnu af því að stjórna 100% landsmanna í umboði frá 51% okkar. Það er sosum í góðu lagi – svo lengi sem valdhafarnir muna eftir smáa letrinu í leikreglum lýðræðisins. En það er svona:

Valdhöfum ber ævinlega að hafa hugfast að í lýðræðisþjóðfélagi skal bera virðingu fyrir skoðunum minnihlutans.



**SUNNUDAGUR, 15. APRÍL.**

### Rússnesk hollusta!

Fór í sund. Á meðan var Geir H. Haarde endurkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins með rússneskri kosningu.

Mér rennur alltaf kalt vatn milli skinns og hörunds þegar ég frétti af einróma stuðningi við stjórnmálaleiðtoga.

Mannkynssagan virðist benda til þess að fylgispekt virki á stjórnmálaforingja eins og áfengi. Menn geta dreypt á bjór eða léttu víni án þess að umturnast – en það þarf ekki mörg staup af 96% spíra til að menn fái kraftadellu og stórmennskubrjálæði.

Nú á eftir að koma í ljós hvort Geir þolir þetta betur en aðrir 90% menn.



**MÁNUDAGUR, 16. APRÍL.**

### Maður og kona

Á síðustu mánuðum hef ég af gagnrýnislausri fylgispekt við jafnréttisstefnu stundum notað orðið „kona“ sem óákveðið fornafn í stað orðsins „maður“.

Dæmi: Hvað getur „kona“ sagt? (Hvað getur maður sagt?)

Smám saman hefur það runnið upp fyrir mér hversu kjánalegt og tilgerðarlegt þetta er.

Orðið „maður“ nær yfir bæði kynin. Kyn orðsins er málfræðilegt kyn – ekki líffræðilegt. Til samanburðar má nefna að orðið „homo“ á latínu tekur til bæði karla og kvenna. Karl á latínu er „vir“. Kona er „femina“ eða „mulier“.

Hið málfræðilega karlkyns óákveðna fornafnsins „maður“ hefur ekkert með kynhormóna eða líkamlegt kynferði að gera.

Til samanburðar má geta þess að „barn“ er hvorugkyns málfræðilega, þótt lítið sé um að hvorugkynsbörn séu til. Meira að segja orðið „sveinbarn“ er hvorugkyns – þótt það merki greinilega karlkyns veru.

Að segja „konu finnst“ í staðinn fyrir „manni finnst“ er ástæðulaust, tilgerðarlegt og kjánalegt og héðan í frá mun ég eingöngu nota orðið „maður“.

Vinkonurnar litla Sól, Lilja og Helga notuðu góða veðrið til að hjóla í hundrað hringi á Glasgow-torgi.

**MIÐVIKUDAGUR, 18. APRÍL. SÍÐASTI VETRARDAGUR.**

### Eldur í Reykjavík!

Fallegur dagur sem byrjaði vel. Þegar ég var að koma úr ræktinni og var á leiðinni að sækja Andra í Ísaksskóla og litlu Sól á Njálsborg heyrði ég váleg tíðindi í útvarpinu.

Gömlu húsin á horninu á Austurstræti og Lækjargötu stóðu í björtu báli. Meira að segja lagði reykjarlyktina í önnur byggðarlög svo að Hafnfirðingar héldu að Rannveig hefði laumast til að stækka álverið.

Ég gerði ráð fyrir miklum umferðartakmörkunum í miðbænum. En það var öðru nær. Laugavegurinn var opinn niður að Bankastræti. Þar stóð lögreglubíll þversum á götunni svo að ég beygði niður Ingólfsstræti og fór svo niður Hverfisgötuna og bjóst við að sjá mikla mannþröng á Lækjartorgi að horfa á eldsvoðann. En þar var bara smá hópur.



Ef þetta hefði gerst fyrir 30 árum hefði miðbærinn verið fullur af fólki.

Þegar ég kom heim fékk ég skýringuna á þessu tómlæti. Í sjónvarpinu var bein útsending frá brunanum.

Sjónvarp er ákaflega þægilegt. Maður getur setið með kaffisopa og fylgst með raunverulegum hryðjuverkamönnum fljúga flugvélum á skýjakljúfa í beinni útsendingu. Sjónvarpið færir okkur styrjaldir heim í stofu, fjöldamorð, byltingar, íþróttaviðburði, tækniundur og tunglferðir og helstu valdamenn þjóðarinnar og heimsins ávarpa okkur gegnum þennan notalega miðil.

Allir stóratburðir gerast í sjónvarpinu.

Það sem við sjáum með eigin augum í kringum okkur er óskóp hversdagslegt og stenst engan samanburð við það sem sjónvarpið færir okkur daglega inn á hvert heimili.

Eiginlega gerist ekki neitt – nema í sjónvarpinu. Til marks um það hef ég viðtal sem fréttamaður átti við afgreiðslustúlku á Hressó. Hún sagði frá viðskiptavini sem kom inn af götunni meðan eldtungurnar stóðu upp úr diskótekinu við hliðina sem eitt sinn hýsti Jörund hundadagakonung. Þessi viðskiptavinur átti leið um Austurstrætið og vildi nota gjafakort sem honum hafði áskotnast til að versla fyrir.

Á meðan stóð næsta hús í björtu báli.

Maðurinn hefur sennilega hugsað með sér að það lægi ekkert á, hann gæti kíkt á brunann í kvöldfréttunum. Nú, eða tekið eldsvoðann upp og horft á hann í staðinn fyrir áramótabrennu.

Vonandi fá skipulagsyfirvöld í Reykjavík nóg að gera við að bjarga því sem bjargað verður af ásýnd miðborgarinnar. Gröndalshús fær þá kannski að standa í friði á meðan. Það er ekki bara eldur sem herjar á menningarverðmæti í borginni okkar.



**FIMMTUDAGUR, 19. APRÍL. FYRSTI SUMARDAGUR.**

### Blái hnötturinn á Sólheimum

Sumardagurinn fyrsti er alltaf aufúsugestur.

Um hádegisbil lögðum við af stað austur í Grímsnes með börnin til að horfa á leiksýningu að Sólheimum í Grímsnesi.

Við komum tímanlega og gátum spókað okkur um á staðnum og meira að segja skoðað listsýningu á fallegum verkum eftir Jólöntu frá Póllandi.

Viðfangsefni Sólheimaleikhússins að þessu sinni var „Blái hnötturinn“ eftir Andra Snæ Magnason, bráðskemmtilegt verk sem hreif áhorfendur þrátt fyrir góðan og hollan boðskap. Sýningin var afar skemmtileg. Leikararnir fóru á kostum í þessari mannmörgu sýningu. Það sem skorti upp á í leiktækni var bætt upp margfaldlega með innlifun og einlægni.

Þetta var fallegur dagur. Gleðilegt sumar!





NÝTT DEILISKIPULAG OG HÖFUÐSTÖÐVAR – KOMDU OG SKOÐAÐU TILLÖGURNAR

Í tilefni af úrslitum í samkeppni um deiliskipulag og nýjar höfuðstöðvar Glitnis efnum við til sýningar á þeim fjörutíu og tveim tillögum sem bárust.

Sýningin er á 3. hæð í nýju stúkunni við Laugardalsvöllinn og stendur til 23. apríl.

Komdu og kynntu þér vinningstillöguna auk annarra fjölbreyttra og skapandi hugmynda um deiliskipulag og höfuðstöðvar á Kirkjusandi.

**Sérstakur kynningarfundur fyrir íbúa hverfisins 23. apríl kl. 20.**

**Opið:**
**Virka daga** kl. 16–19
**Laugardag og sunnudag** kl. 13–18
**Sumardaginn fyrsta** kl. 13–18

GLITNIR



KRAKKADAGAR Í SMÁRALIND
19.-22. APRÍL
BARNAFJÖR
LAUGARDAGUR 21. APRÍL
Í GÖNGUGÖTUNNI KL. 14
JÓNSI
Skemmtilegasti skemmtanastjóri í heimi heldur utan um fjörið og tekur lagið.
TÓNLEIKAR
Framtíðarsöngvarar Íslands, valdir nemendur frá söngskóla Maríu Bjarkar, flytja skemmtileg lög.
Söngskóli
MARÍU BJARKAR
Litríku vinkonurnar frá Ævintýralandi koma í heimsókn og kæta hjörtu allra barna.
SKOPPA OG SKRÍTLA
Sumarfötin á krakkana eru komin í Smáralind
Sýning á sumartískunni í Smáralind frá Debenhams, Hagkaupum, Exit, Zöru, Adams, Benetton og Zink. Eitthvað fyrir alla á Krakkadögum í Smáralind!
TÍSKUSÝNING
TÖFRAMAÐURINN LALLI
Dótabúðin Leikbær býður upp á þennan skemmtilega töframann bæði í búðinni og á sviðinu í göngugötunni.
Leikbær
SUNNUDAGUR 22. APRÍL
Í GÖNGUGÖTUNNI
KARÓKÍKEPPNI KRAKKA
Sumarbúðirnar Ævintýraland opnuðu fyrir skráningu á dögunum og af því tilefni efna Smáralind og Sumarbúðirnar til karókíkeppni fyrir krakka á aldrinum 7 – 14 ára.
Skráning í karókíkeppnina verður frá kl.13.00 og hefst keppnin kl.14.00. Dómarar verða engir aðrir en X Factor stjörnurnar Jógvan, Harasysturnar, Hildur og Rakel, og Guðbjörg.
Ellý X Factor dómari verður á staðnum til að hvetja krakkana til dáða og hlýtur sigurvegari karókíkeppninnar dvöl í Sumarbúðunum að laun.
SKRÁNING KL. 13.00
KEPPNI HEFST KL. 14.00
ÍSLANDSMÓT Í GÖMLU DÖNSUNUM
Í Vetrargarðinum sunnudaginn 22. apríl. Húsið opnar kl. 13.00 og mótið hefst kl. 14.00. Frítt fyrir áhorfendur.
ALLIR KRAKKAR FÁ SVALA FRÁ VÍFILFELLI OG EMMESS ÍSPINNA
(Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST)
VERÖLDIN OKKAR
BT
KOMDU VIÐ OG PRÓFAÐU PS3 FYRIR UTAN BT
SPRELLTÍVOLÍ Í VETRARGARÐINUM LAUGARDAG!
2 FYRIR 1
ÍS Í BRAUÐI
(GREITT FYRIR DÝRARI ÍSINN)
KRAKKADAGA-BÍÓTILBOÐ Á NOKKRAR VEL VALDAR BÍÓMYNDIR!
450 KR.
SMÁRABÍÓ
ALLIR KRAKKAR SEM KOMA AÐ BORÐA Á PIZZA HUT Á KRAKKADÖGUM FÁ FRÍAN ÍS Á ÍSBARNUM
Pizza Hut
KRAKKATILBOÐ Á BARNABORGARA
175 KR.
BURGER KING
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Opið: Mán, þri, mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18 / Sími 528 8000 / smaralind.is




NAUTAFILLET SPJÓT MEÐ GRÆNMETI 569 kr. stk.




LAMBAGEIRI Í RÓSMARÍN GRILLSPJÓT 2.698 kr. kg




SKÖTUSELSFIÐRILDI Í TÓMAT OG HVÍTLAUK 1.698 kr. kg

## Gleðilegt sumar




KINDAFILLET SPJÓT LAS VEGAS 569 kr. stk.




UNGNAUTA SIRLOIN 1.698 kr. kg




GRÍSAHNAKKI ÚRBEINAÐAR SNEIÐAR 998 kr. kg

# Ferskt sumar í Nóatúni!

5 á dag





Heitt með Heim
NÓATÚN
Bestir í kjöti
Grísalundir á tilboði!
Mexíkósk
fjölskylduveisla fyrir 4
5 tilbúnir mexíkóskir réttir og 2 l Egils gos á aðeins
2.498 kr. pk.
Úr Kjötborði Nóatúns
47% afsláttur
GRÍSALUNDIR ÚR KJÖTBORÐI
1.298 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
36% afsláttur
NÓATÚNS GRÍSARIF BBQ
898 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
30% afsláttur
SS GRAND ORANGE LAMBAFILLET
2.430 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
37% afsláttur
ÍTALSKAR NAUTAHAKKS-BOLLUR MEÐ TÓMAT
998 kr. kg
EGILS APPELSÍN
129 kr. 2 L
MAARUD SNAKK
339 kr. 350 g
VOGA ÍDÝFUR
139 kr. stk.
Verði ykkur að góðu!

IGGY POP ER SEXTUGUR Í DAG

*„Sko, þið eruð komin hingað til að sjá mig og ég fer ekki á svið fyrr en dílerinn minn kemur. Hann bíður eftir að fá borgað svo þið skulið því borga mér núna. Þá get ég sprautað mig og þið fáið tónleikana ykkar.“*

***Rokkarinn ógurlegi nennir sjaldnast að fegra hlutina.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. APRÍL 1971

## *Fyrstu handritin koma heim*

Það var á þessum degi árið 1971 sem Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða komu til Íslands. Þetta voru fyrstu handritin sem Danir afhentu Íslendingum eftir að samningur milli landanna tveggja um skil handritanna var undirritaður árið 1961.

Mikið var um dýrðir á hafnarbakkanum í Reykjavík þegar handritin voru borin úr dönsku freigátunni Vædderen sem hafði siglt með þau frá Danmörku. Talið er að um fimmtán þúsund manns hafi fylgst með atburðinum en skólum, skrifstofum og ýmsum fyrirtækjum var lokað í tilefni dagsins. Eftir að sjóliðar höfðu borið handritin úr herskipinu var þeim ekið í Háskólabíó þar sem eiginleg afhending fór fram. Þar afhenti Helge Larsen, menntamálaráðherra Danmerkur, Gylfa Þ. Gíslasyni menntamálaráðherra handritin tvö.

Á árunum sem fylgdu komu fleiri handrit til Íslands. Afhendingu þeirra lauk þó ekki fyrr en 19. júní 1997.



**HANDRITIN HEIM** Danskir sjóliðar bera Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða frá borði Vædderen árið 1971.

## MERKISATBURÐIR

**1944** Konur í Frakklandi öðlast kosningarétt

**1951** Leikarinn Tony Danza úr Who's the Boss kemur í heiminn.

**1960** Höfuðborg Brasilíu, Brasilía, er vígð klukkan 9.30 árdægurs þegar allar þrjár greinar ríkisvaldsins eru fluttar frá gömlu höfuðborginni Rio de Janeiro.

**1961** Bítlarnir stigu í fyrsta skipti á svið í Cavern-klúbbnum í Liverpool.

**1965** Staðfest voru lög um útgáfu nafnskírteina til allra einstaklinga tólf ára og eldri.

**1970** Elton John kom í fyrsta sinn einn fram á tónleikum þegar hann hitaði upp fyrir T-Rex í London.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**AUÐUR EIR VILHJÁLMSDÓTTIR 1937**



**RÚNA JÓNSDÓTTIR 1954**



**LÚÐVÍK GEIRSSON 1959**



**ELÍSABET II ENGLANDSDROTTNING 1926**



**ANDIE MACDOWELL 1958**



**ERIC MABIUS 1971**



**JÓHANN SIGURÐARSON 1956**



**ANTHONY QUINN 1915**



†

*Elskulegur maður minn, faðir, sonur, bróðir og afi,*

**Einar Ólafsson**

Heiðarbæ 7, 110 Reykjavík,

lést á Landspítala við Hringbraut þriðjudaginn 17. apríl. Jarðarför verður gerð frá Hallgrímskirkju kl. 13.00 þann 25. apríl.

**Daiva Léliené**
**Ólafur og Gunnar Einarssynir**
**Hrefna Einarsdóttir**
**Stefanía Ólafsdóttir** **Þórður Árnason**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Pálmi Sigurðsson**
**Daníel Gunnarsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jóhann Helgason**

bóndi, Leirhöfn,

andaðist á öldrunardeild Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga að morgni 15. apríl sl. Jarðarförin fer fram frá Snartarstaðakirkju fimmtudaginn 26. apríl kl. 14:00.

**Dýrleif Andrésdóttir**
**Andrea Jóhannsdóttir**
**Margrét Jóhannsdóttir** **Steinar Matthíasson**
**Arnfríður Jóhannsdóttir**
**Hildur Jóhannsdóttir** **Jón Þór Guðmundsson**
**Dýrleif Pétursdóttir** **Þorvaldur Snorri Árnason**
**María Jónsdóttir** **Andri Hnikarr Jónsson**
**Jóhanna Jónsdóttir** **Sveinn Þórður Þórðarson**

HALLDÓR BERGMANN ÞORVALDSSON: LEIKFIMI Í 25 ÁR

# Vaknar ætíð brosandi

Halldór Bergmann Þorvaldsson hefur leitt leikfimiæfingar á bökkum Vesturbæjarlaugar frá því 20. apríl 1982. Hópurinn sem æfingarnar stundar kallar sig Vini Dóra og hittist alla virka morgna klukkan sjö. Í tilefni dagsins var Halldór heiðraður af ÍTR og Vesturbæjarlauginni í gær. „Þetta kom mér skemmtilega á óvart. Ég vissi náttúrlega af afmælinu mínu, en ekki að þetta væri í bígerð,“ sagði Halldór ánægður. Leikfimiæfingarnar hófust sem einkaframtak Halldórs, sem starfar sem byggingaverktaki. „Ég var alltaf að skokka, sem ég geri enn í dag. En ég var að vinna vestur í bæ og ákvað að byrja morguninn á sundi,“ sagði Halldór. Eftir að hann varð fyrir slysi í vinnunni fór hann að stunda æfingar til að styrkja sig. „Þá fór ég að æfa svona á bakkanum og kalla upp úr pottunum á morgnana,“ sagði Halldór.

Á þessum 25 árum hafa ýmsar hefðir myndast í kringum morgunleikfimina. „Það er mætt í laugina klukkan sjö, og þá byrjum við á að synda í svona tíu mínútur, kortér. Við þurfum að fá smá tíma til að tala saman, svo næst förum við í pottana og ræðum málin. Um hálf átta stend ég upp og kalla alla úr pottunum og upp á bakka,“ útskýrði Halldór. Hann stýrir æfingunum, sem kallast Müllersæfingar, og því næst snýr hópurinn aftur í heitasta pottinn. Þá er haldið í sturtu, en óðar út aftur til að fá kaffisopa. „Svo förum við aftur niður og á spírabarinn,“ segir Halldór, svo blaðamaður hváir. „Við erum með hefð karlarnir; sá sem fer af landi brott þarf að koma aftur með rakspíra. Við geymum spírabarinn, með svona fimmtán rakspírum, í tösku niðri hjá vörðunum,“ útskýrði hann.

Halldóri telst til að í hópi dagsins í dag séu um tólf, fjórtán þátttakendur sem hafa fylgt honum frá byrjun, en daglega mæta á milli 18 og 38 leikfimi-unnendur.“ Í hópnum eru líka konur sem eru orðnar áttræðar og eru hinar sprækustu,“ sagði Halldór. Aðspurður hvort það sé leikfiminni að þakka segist Halldór vona það. „Ég þakka þessu mína heilsu. Þetta er lífið, eins og maður segir, að byrja daginn á þessu. Þetta er alltaf jafn skemmtilegt og létt á hverjum einasta morgni, maður vaknar eiginlega brosandi,“ sagði Halldór.



**HALLDÓR HEIÐRAÐUR** Halldór Bergmann Þorvaldsson stýrir leikfimi á bökkum Vesturbæjarlaugarinnar alla virka daga. Sumir af Vinum Dóra hafa fylgt honum að frá upphafi, eða í tuttugu og fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Flóamarkaður hjá BKR

Starfsmenntasjóður Bandalags kvenna í Reykjavík heldur flóamarkað og hlutaveltu til fjáröflunar í dag og á morgun. Markaðurinn verður haldinn á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, og hefst klukkan eitt báða daga. Allur ágóði af sölunni mun renna til Starfsmenntunarsjóðs kvenna.

Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað árið 1917 og fagnar því 90 ára afmæli á árinu. Markmið bandalagsins hefur helst verið að standa fyrir menningar- og fræðslustarfsemi. Starfsmenntunarsjóðnum er ætlað að styrkja ungar konur sem eru einstæðar mæður, standa illa fjárhagslega eða hafa hætt námi vegna erfiðra aðstæðna til að afla sér frekari menntunar. Sjóðurinn var stofnaður árið 1995, og í fyrra höfðu 68 konur notið stuðnings fjárveitinga úr honum.

Mikið úrval af fatnaði og glæsilegum vinningum verður í boði, samkvæmt tilkynningu frá Bandalagi kvenna í Reykjavík. Einnig verður hægt að kaupa kaffi og vöfflur á góðu verði.



**HALLVEIGARSTAÐIR** Bandalag kvenna í Reykjavík stendur fyrir flóamarkaði og hlutaveltu í dag og á morgun á Hallveigarstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mikið úrval af húsgögnum

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



COLCHON DUPEN

**DYNAMICA**

| Stærð | Verð áður | 20% AFSL. |
|---|---|---|
| 90X200 | 31.080kr | **25.900kr** |
| 120X200 | 43.080kr | **35.900kr** |
| 150X200 | 55.080kr | **45.900kr** |

**ORTOPEDICO**

| Stærð | Verð áður | 20% AFSL. |
|---|---|---|
| 90X200 | 58.680kr | **48.900kr** |
| 120X200 | 73.080kr | **60.900kr** |
| 150X200 | 87.480kr | **72.900kr** |
| 180X200 | 105.480kr | **87.900kr** |

**IMPERIAL**

| Stærð | Verð áður | 40% AFSL. |
|---|---|---|
| 90X200 | 67.080kr | **40.200kr** |
| 150X200 | 96.280kr | **58.900kr** |
| 180X200 | 119.880kr | **71.900kr** |

AFSLÁTTUR **40%**

TILBOÐ **93.600kr**
Listaverð 124.900,-
ÞÚ SPARAR **31.300kr**

TILBOÐ **47.200kr**
Listaverð 62.900,-
ÞÚ SPARAR **15.700kr**



TILBOÐ **99.900kr**
Listaverð 229.900,-
ÞÚ SPARAR **130.000kr**



**Hægindasófi** 2213 **Hægindastóll** 2213 **Leðursófi** 2323

Sérsmíðum eftir þínum þörfum. Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig



GOTT VERÐ **156.000kr**

**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris

Gildir til 28. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla







## MARGVÍSLEG VERKEFNI

Myndir sem Agnieska hefur stíliserað frá vinstri: „Stelpurnar“, mynd eftir Ara Magg. Tískuþáttur fyrir franska Elle tekinn af Thierry Leguise, forsíða á bæklingi Smáralindar tekin af Silju Magg, plötuumslag Barða Jóhannssonar tekið af Lisu Rose.

# Peningar kaupa ekki smekk

Pólski stílistinn **Agnieska Baranowska** hefur vakið athygli á götum Reykjavíkur sem hin glæsilega og ofursmekklega unnusta tónlistarmannsins Barða Jóhannssonar. *Anna Margrét Björnsson* fékk að skyggnast inn í tískuheim Parísarborgar og hvernig hann stenst samanburð við litla lífið á Íslandi.

Agnieszka, eða Aga eins og vinkonur hennar kalla hana hér á Klakanum, býður mér inn íklædd bleikum náttsloppi frá um 1950 og með þykkan svartan augnablýant á annars óförðuðu postulínsandlitinu. „Þetta er svona Gretu Garbo kvöldlúkkið mitt,“ segir hún og skellihlær á meðan hún hellir upp á kamillute. Í íbúð hennar og Barða Jóhannssonar er margt sem minnir á Pólland, fjölskyldumyndir í eldhúshillum, bækur á stofuborðinu og eldgömul málverk af hefðardömum sem hún fann í antíkverslunum í Póllandi. „Ég er upprunalega frá Poznan sem er stór borg í um það bil fjögurra tíma fjarlægð frá Berlín. Ég var fyrsti ávöxtur ástar foreldra minna og á eina yngri systur. Við áttum einstaklega hamingjusama æsku og ég var umlukin kærleika. Fjölskyldan var mjög náin. Um tíma bjuggum við líka í Moskvu þegar faðir minn, sem var í pólska hernum, var þar. Þetta var auðvitað á tímum kommúnismans og ég man eftir að hafa gengið í hinum rússneska kommúnistaskólabúningi sem reyndar minnti dálítið á múnderingu Línu langsokks. Móðir mín átti alltaf í stökustu vandræðum með að klæða mig í æsku. Ef hún sendi mig í hlýjum fötum út í hinn pólska vetur þá passaði ég að vera með kjóla og sandala í skólatöskunni sem ég fór svo í þegar hún sá ekki til. Það var alltaf hringt heim og kvartað yfir því hvernig móður minni dytti eiginlega í hug að klæða barnið svona. Ég man ennþá eftir uppáhaldsflíkinni minni þegar ég var smástelpa, en það var pínulítill gulur pels. Eins og þú sérð, þá held ég að fataáhuginn hafi byrjað mjög snemma.“



**AGNIESKA BARANOWSKA, STÍLISTI** Íslendingar eru skemmtilegt fólk. Þeir virka stundum dálítið kaldir á yfirborðinu, líkt og Pólverjar, en ég finn alltaf einhverja leið til þess að bræða þá! FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

### Djöfullinn klæðist Prada

Agnieszka byrjaði í leiklistarskóla eftir grunnskólann sem hún hafði gaman af, en segist hafa verið í dæmigerðri unglingauppreisn á þessum tíma. „Sál mín var á uppreisnarstiginu og ég bara stakk af að heiman einn góðan veðurdag, með eina ferðatösku, fínan kjól og háa hæla og flutti til Parísar. Þetta var svona „Halló París, hér kem ég.“ Auðvitað voru pabbi og mamma að farast úr áhyggjum en ég hef alltaf verið afskaplega sjálfstæður persónuleiki. Ég sé samt eftir því núna að hafa valdið þeim hugarangri á þessum árum. Skömmu eftir að ég flutti til Parísar fékk ég vinnu í búðinni Colette á Faubourg St. Honoré sem þykir ein smartasta og áhrifamesta tískuverslun í heimi. Þetta var fljótlega eftir að búðin hafði skapað sér nafn og þangað komu í sífellu frægir ljósmyndarar, hönnuðir og auðugir viðskiptavinir. Til dæmis kom Lee Radziwill, systir Jackie Kennedy, alltaf til mín þegar hún vildi dressa sig upp, þá iðulega í fylgd tveggja ífvarða. Það var ótrúlegt ævintýri að vinna þar, ég fékk að skipta um föt fimm sinnum á dag og skapaði mér ansi sérstakan stíl. Ég litaði helminginn af hárinu á mér eldrauðan og japanska tískuliðið var afar hrifið. Ég endaði til dæmis í tískuþáttum í bæði japanska Elle og Vogue og var kölluð „ Ungfrú Agnés frá Colette“ sem var mjög fyndið.

Ég lifði og hrærðist í heimi þessa fólks og einn góðan veðurdag kynntist ég frægum stílista sem heitir Claire Dupont. Hún réði mig sem aðstoðarkonu sína sem var frábært tækifæri fyrir mig þar sem ég fékk strax verkefni næsta dag hjá hönnuðinum Barbara Bui. Dupont var sjálf alveg afskaplega erfið týpa og minnti mikið á ritstýruna sem Meryl Streep leikur í „the Devil Wears Prada“. Ég hentist út um allan bæ fyrir hana leitandi að fötum fyrir myndatökur á meðan hún hringdi í mig að degi og nóttu með ný verkefni sem ég þurfti að setja mig inn í samstundis. Auðvitað var þetta yfirborðskennt líf en mér fannst það fyndið og sá húmorinn við þetta. Síðar kynntist ég franska hönnuðinum Giles Rosier sem var á þessum tíma yfirhönnuður hjá Kenzo. Honum líkaði hversu blátt áfram ég var og hann vildi fá mig til þess að máta fötin sín. Þarna byrjaði farsælt samstarf okkar því ég varð „músa“ hans – hann bjó til alla línuna utan á mig og spurði mig ráða. Hann fékk mig einnig til að sjá um að velja fyrirsætur á allar tískusýningarnar hans, nokkuð sem ég átti auðvelt með. Ég hef gott auga fyrir áhugaverðum fyrirsætum og valdi meðal annars Carmen Krause, Anja Rubik og Yasmin Wersame sem allar urðu mjög frægar. Á árunum með Giles fór ég endalaust í „tískuteiti“ og hitti fólk eins og Carine Roitfeld og Tom Ford. Auðvitað var það stórskemmtilegt og ég lifði á sushi og kampavíni, bæði í hádeginu og á kvöldin. Núna get ég ekki einu sinni horft á sushi án þess að fá klígju! Þetta var líka heilmikil keyrsla og stundum var maður gersamlega úrvinda. Ég var oft að vinna til klukkan sex á morgnana við mátanir, dreif mig heim í sturtu, skellti mér í Manolo-skóna og hjólaði aftur í vinnuna. Ég varð algjör fatafíkill. Svo fékk ég oft að eiga fötin frá hönnuðum sem ég var að vinna með en yfirleitt voru þetta flíkur sem voru aðeins framleiddar í einu eintaki. Auðvitað leið mér stundum eins og svefngengli en á þessu tímabili líkaði mér þetta brjálaða líf sem fylgdi tískuheiminum.“

### Fór til Íslands og vildi aldrei snúa aftur

„Ég fór mikið í ferðalög á þessum tíma til að stílisera myndaþætti, aðallega til Mílanó en líka á fjarlægari slóðir. Ég verð þó að viðurkenna að oft sá ég ekkert af þeim áhugaverðu stöðum sem ég fór á fyrir utan flugvelli, stúdíó og hótelherbergi. Minnisstæðasti staðurinn sem ég fór á var til Marokkó en þar vorum við í tvær vikur. Þar ferðuðumst við á kameldýrum til þess að komast á tökustað og gistum í tjöldum í miðri Saharaeyðimörkinni.

Eftirminnilegasti ljósmyndarinn sem ég vann með var David Bailey sem er í raun goðsögn í lifanda lífi. Hann tók meðal annars frægar myndir af Bítlunum og Rolling Stones á sjöunda áratugnum. Ég man eftir að hann sagði við mig: „Mig langar til að mynda þig, en ekki fyrr en að þú ert komin á fertugsaldurinn. Þá verður þú þroskaður og gómsætur ávöxtur!“ Kannski ætti ég að fara að minna hann á þetta. Ég hafði líka mjög gaman af að vinna með ljósmyndaranum Kate Berry, sem er dóttir Jane Birkin og stíliseraði meðal annars leikkonuna Sophie Marceau fyrir franska Elle.“ Agnieszka segir að á ákveðnum tímapunkti hafi henni fundist hún orðin verulega útbrennd og þreytt á þessu yfirborðskennda liði. „Ég kynntist söngkonunni Keren Ann og stíliseraði nokkur plötuumslög fyrir hana. Þaðan komst ég meira út í tónlistarbransann og stíliseraði plötuumslög hjá fyrirtækjum eins og EMI, Virgin og Universal. Ég kynntist einmitt Barða, unnusta mínum á þessum tíma en ég var að stílisera ljósmyndir af Lady and Bird. Mér fannst gaman að vinna fyrir tónlistarbransann, hann var spennandi viðbót við það sem ég hafði verið að gera. Ég fór með Barða til Íslands á Iceland Airwaves fyrir fjórum árum síðan og það má segja að ég hafi bara aldrei snúið aftur! Ég er gersamlega hugfangin af Íslandi. Landið og fólkið minnir mig reyndar mikið á Pólland og Pólverja. Fólkið er jarðbundið en líka skapandi. Mér finnst ég geta endurhlaðið batteríin hér. Ég dýrka auðvitað náttúrufegurðina hér og þetta villta, næstum því melankólíska landslag. Íslendingar eru skemmtilegt fólk. Þeir virka stundum dálítið kaldir á yfirborðinu, líkt og Pólverjar, en ég finn alltaf einhverja leið til þess að bræða þá!“ Agnieszka segist auðvitað sakna Póllands oft og tíðum en reynir þó að heimsækja fjölskylduna þar eins oft og hún getur. „Ef ég fæ heimþrá þá bara fer ég í Stokrotka-búðina og kaupi mér pólskar súrar gúrkur!“

Agnieszka hefur tekið sér ýmis verkefni hér fyrir hendur, meðal annars við auglýsingar og tímarit auk þess sem hún stíliserar ennþá fyrir erlend blöð. „Ég hef gaman af því hvernig Íslendingar klæða sig, svona upp til hópa. Þeir eru með sérstakan og frumlegan stíl.“ En hvað er hennar óbrigðula tískuráð til íslenskra kvenna? „Klæddu þig alltaf alveg eins og þér sýnist. Aldrei hugsa um hvað öðru fólki finnst. Og peningar geta aldrei keypt þér stíl.“ ■

KARPATY
Engihjalli 8 • 200 Kópavogur • 565 51 15, 845 31 31
xata.ehf@hotmail.com
LIETUVIŠKOS PREKĖS
LATVIEŠU PRECES
УКРАЇНСЬКІ ПРОДУКТИ
Food products from Lithuania, Latvia, Ukraine, Poland, Russia...
duona хлеб хліб tortas торты sausainis печенье zefirs зефір zapelinai kvass квас halva халва аджика кабачковая икра LAIMA DOVGAN MARIO SPILVA FRUCTUS VALDORFO JUDEX RUSSISCHE KUCHE кабачкова ікра хліб торти cepelinai sausainis halva



Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
GT RADIAL
MAXXIS

Heilsársdekk
31" kr. 12.900
(31x10.50R15)
33" kr. 15.900
(33x12.50R15)
Úrval annarra stærða upp í 38". Felgustærð 15", 16" 17" og 18".
Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði
JEPPADEKK.is
Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
PIPAR • SÍA • 70622




Steindór fer beina og greiða leið innanlands og villist aldrei í útlöndum með gps-staðsetningartækinu góða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Aldrei pirraður í umferðinni

***Steindór Steindórsson hefur keyrt um í Ameríku og Evrópu með gps-staðsetningartæki sem hann notar líka við vinnu á Íslandi. Hann fer alltaf stystu leið með tækinu og er ekkert pirraður í umferðinni lengur.***

Steindór hefur keyrt um með gps-staðsetningartæki síðan í fyrra og segir lífið í umferðinni vera allt annað eftir það.

„Ég keypti tækið í fríhöfninni þegar ég var á leiðinni til Spánar með kærustunni minni. Þar keyrðum við með tækið út um allar trissur,“ segir Steindór Steindórsson sem síðan skellti sér til Kaliforníu með tækið.

Í Ameríku eru endalausar leiðir sem liggja til allra átta að sögn Steindórs. Tækið vísaði honum leið frá San Fransisco til Las Vegas og Los Angeles bæði akandi og fótgangandi.

„Í Ameríku notuðum við tækið bæði í keyrslu og fótgangandi. Þar gátum við fundið kort, hótel, veitingastaði eða verslunarmiðstöðvar. Síðan gátum við líka slegið inn staðsetninguna á bílnum þegar við lögðum honum í einhverri stórborginni og bara rölt af stað og týnst. Þá höfðum við nákvæma staðsetningu á bílnum þegar við vorum búin að flækjast um nóg,“ segir Steindór sem keyrir Toyotu Rav árgerð 2006 og segir tækið vera tilvalið á Íslandi.

„Úti á landi fær maður að vita hvað allir hólar og þúfur heita ásamt bæjarnöfnum. Þetta er ágætis landafræðinámskeið í leiðinni,“ segir Steindór.

Innanbæjar notar Steindór tækið óspart við vinnu sína hjá Stúdíóbrauð og segir það taka frá honum akstursspennu og pirring í umferðinni þegar hann keyrir út pantanir.

„Maður keyrir oft sömu leiðina af gömlum vana en með tækinu fer maður alltaf stystu eða fljótlegusta leiðin. Síðan veit maður alltaf hvenær maður er kominn á leiðarenda og er aldrei of seinn,“ segir Steindór.

*rh@frett.is*


allt
auglýsingasími
550 5880




Ertu að spá í bílakaup?
VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!
Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.
GLITNIR
FJÁRMÖGNUN
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7235

**Mini Cooper og Peugeot 207cc**
þykja mun öruggari bílar eftir andlitslyftingu sem þeir gengu í gegnum fyrir stuttu. Báðir bílarnir fengu nýlega fimm stjörnur í árekstrarprófum Euro NCAP.




Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Alternatorar – Startarar
Í Vinnuvélar, Fólksbíla, Vörubíla, Jardýtur, Dráttarvélar, Bátavélar o.fl.
Yfir 40 ára reynsla og þekking
Á lager-Hraðpantanir. Viðgerðir.
BÍLARAF
Auðbrekku 20, Sími 564 0400
Valeo truma Umboðið
Einnig Truma Gasmiðstöðvar




Bílarnir á sýningunni eru fjölbreyttir, allt frá sérhönnuðum spyrnutækjum til breyttra götubíla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kvartmílusýning

*Kvartmíluklúbburinn stendur fyrir sýningunni Bíladella 2007. Sýningin fer fram í Chevrolet sýningarsal Bílabúðar Benna.*

Tækin sem til sýnis eru á Bíladellu 2007 eru engir kettlingar. 500 til 2.500 hestöfl segja það sem segja þarf og endurspegla aukinn áhuga Íslendinga á mótorsporti og bílum almennt.

Sýningunni er ætlað að vekja athygli á kvartmíluklúbbnum sem og að afla fé fyrir starfsemina. Þar á bæ eru menn stórhuga og undirbúningur er vel á veg kominn að kappakstursbraut á æfingasvæði klúbbsins.

Bíladella 2007 er til húsa á Tangarhöfða í Chevrolet sýningarsal Bílabúðar Benna. Sýningin er opin í dag frá kl. 11 til 22 og á morgun kl. 11 til 16. Miðaverð er 1.200 krónur en frítt er fyrir 12 ára og yngri. -tg



Flestir kannast við þennan úr Back to the Future. DeLorean er glæsilegur holdgervingur áttunda áratugarins.



Aaron æfir í fjóra tíma á dag og leggur áherslu á að öll áhættuatriði fari fram á lokuðum svæðum fjarri almennri umferð.

# Áhættu-meistari

*Ameríkumeistarinn í áhættusýningum á mótorhjóli heldur námskeið hérlendis 25. apríl.*

Aaron Colton er nýbakaður Ameríkumeistari í áhættusýningum á mótorhjólum. Það sem er merkilegt við þennan árangur Aarons er að hann er aðeins 15 ára gamall og það sem Íslendingum kann að finnast sérstaklega áhugavert er að hann er af íslenskum ættum, á alíslenska ömmu.

Aaron er væntanlegur til landsins og mun hann halda námskeið fyrir eigendur Pit-Bike mótorhjóla þriðjudagskvöldið 25. apríl milli klukkan 18.30 og 21.30. Hann heldur svo sýningu á Kawasaki 636 mótorhjóli sínu föstudaginn 28. apríl frá 12.00 til 15.00.

Aaron vonast til að geta vakið áhuga íslensks mótorhjólafólks á íþróttinni áður en hann heldur til Ungverjalands um miðjan maí til að taka þátt í heimsmeistaramótinu í áhættuakstri mótorhjóla.





COKE ZERO, KVARTMÍLUKLÚBBURINN OG BÍLABÚÐ BENNA HALDA BÍLASÝNINGU.
SÝNINGIN VERÐUR HALDIN Í CHEVROLET SALNUM AÐ TANGARHÖFÐA 8-12
DAGANA 19.-22. APRÍL NÆSTKOMANDI OG VERÐUR HÚN OPIN SEM HÉR SEGIR,
FIMMTUDAGINN 19.4. FRÁ 11:00 TIL 20:00,
FÖSTUDAGINN 20.4 FRÁ 13:00 TIL 22:00,
LAUGARDAGINN 21.4 FRÁ 11:00 TIL 22:00
SUNNUDAGINN 22.4 FRÁ 11:00 TIL 16:00
ÖLL FLOTTUSTU TRYLLITÆKI LANDSINS Á EINUM STAÐ SEM ENGINN MÁ MISSA AF.
MIÐAVERÐ ER 1200 KR. FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI.




Bílabúð Benna
Coca-Cola zero

SMS
Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

Omega
The Ultimate Lubricant
Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefnin!
Hamraberg ehf
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is

Vinnuvélaeigendur!
Veljið réttu dekkin undir vélarnar
GALAXY
Þrautreynd vinnuvéladekk um allan heim
GÆÐI Á GÓÐU VERÐI!
Iðnaðarmynstur fyrir Traktorsgröfur og Skotbómulyftara
Afturdekk - felgustærðir 24 - 28 tommur.
Framdekk - felgustærðir 18 og 20 tommur
Flestar stærðir til á lager!
GALAXY Fyrir flestar gerðir vinnuvéla
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is
VÉLAVER



**Erlendir gestir** eru alltaf kærkomnir. Á www.viator.is er að finna sumarhús á Íslandi með upplýsingum á ensku sem hægt er að benda erlendum vinum á.


## TILBOÐSDAGAR MOTORMAX Á GÆÐAVÖGNUM

Bjóðum fellihýsi, pallhýsi, hjólhýsi og tjaldvagna, 2006 árgerð, á einstöku verði á tilboðsdögum MotorMax 19. til 22. apríl.

**Komdu í MotorMax og gríptu þetta tækifæri.**

Takmarkað magn. Nokkur dæmi.



**Camp-let Concord** tjaldvagn

**629.000**

þú sparar 70.000

Bjóðum einnig Royal, Savanne og Apollo á góðu tilboði



**Starcraft Roadstar** pallhýsi

**1.369.000**

þú sparar 152.000

Getum einnig boðið nokkrar aðrar gerðir á tilboði



Starcraft „off-road" fellihýsin:

**Starcraft RT11**

**1.599.000**

þú sparar 191.000

Nokkur RT 10 einnig á tilboði



Lúxus-hjólhýsi

**Dethleffs Camper LS 510 V**

**2.477.000**

þú sparar 272.000

Dýrari og ódýrari gerðir einnig á tilboði

MotorMax

**Motor Max Reykjavík** - Klettháls 13
**Motor Max Egilsstöðum - Motor Max Akureyri**
Opnunartími á Kletthálsi:
Lau.: 10 - 16.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA


# Sekt fyrir að neita um far

***Nýjar reglur banna leigubílstjórum að neita fólki um far ef það hefur áfengi í fórum sínum.***

Sjötíu prósent leigubílstjóra sem keyra farþega frá flugvellinum í Minneapolis í Bandaríkjunum eru múslimar. Þar hefur lengi verið vandamál að bílstjórarnir hafa, af trúarlegum ástæðum, neitað að keyra farþega sem hafa áfengi meðferðis. Sögur fara jafnvel af því að farþegar séu skildir eftir á næsta götuhorni þegar bílstjórinn kemst að því að áfengi er um borð í bílnum. Frá ársbyrjun 2002 hafa komið upp 4.800 atvik þar sem bílstjórar neituðu fólki um far af þessum ástæðum. Þetta þykir yfirvöldum óviðunandi og hafa sett reglur þar sem kveðið er á um að við fyrsta brot verði leyfi bílstjóranna til að aka frá flugvellinum afturkallað í mánuð en í tvö ár ef ítrekað kemur fyrir að farþega sé neitað um far. Hinar nýju reglur taka gildi í maí.





Ráðstefna um golf og ferðaþjónustu fjallar um golfíþróttina sem mögulega auðlind fyrir íslenska ferðaiðnaðinn.

# Ráðstefna um golf og ferðaþjónustu

***Samhliða Ferða- og golfsýningunni 2007 um helgina verður ráðstefna í dag um golf og ferðaiðnaðinn á Íslandi.***

Um helgina verður haldin ferða- og golfsýning í Fífunni í Kópavogi. Ráðstefna um golf og ferðaþjónustu fer fram í dag, laugardag, og verður þá reynt að varpa ljósi á mikilvægi golfíþróttarinnar fyrir ferðaþjónustuna og hvernig við eigum að kynna golf á Íslandi fyrir innlendum sem erlendum ferðamönnum. Meðal þeirra sem tala á ráðstefnunni eru Jón Ásgeir Eyjólfsson, forseti Golfsambands Íslands, sem fjallar um sóknarfæri ferðaþjónustunnar, Rob Holt, framkvæmdastjóri Ryder Cup í Wales 2010, sem fjallar um mikilvægi Ryder Cup fyrir golf og ferðaþjónustu í Wales, Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, sem fjallar um golf sem söluvöru á Íslandi, Margeir Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Black Sand, um byggingu alþjóðagolfvallar á Íslandi, Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands um nálgun við erlenda kylfinga ásamt kynningu á Solheim Cup 2007, og Ásbjörn Björgvinsson frá Golfklúbbi Húsavíkur sem fjallar um íslenska ferðamenn.

Ráðstefnan hefst klukkan 13.00 og endar með pallborðsumræðum og samantekt. Ráðstefnunni lýkur klukkan 16.00. Dagskráin fer fram í hátíðarsal Smáraskóla sem er í göngufæri við sýningarhöllina í Fífunni. Nánari upplýsingar http://ferdatorg.islandsmot.is

-rh




**Morgungöngur FÍ - á fjöll við fyrsta hanagal 7. – 11. maí**
**Eyjafjallajökull með Maríu Dögg laugardaginn 5. maí**
**Skíðaferð yfir Drangajökul um Hvítasunnuhelgina**
**Fullbókað er í ferð FÍ á Hvannadalshnjúk 26. maí.**
**Bennisteinsfjöll og Krýsuvík með Landvernd 6. maí**
**Fræðslu og skemmtiferð um Þjórsárdal 3. júní**
**Þjórsárver – sumarleyfisferð 1. – 6. ágúst**

**Fjölskyldu, skemmti og fræðsluferð í Þórsmörk með Skógræktinni og Landgræðslu rikisins, 8. – 10. júní**

**Árbókin 2007 um Austur Húnaþing er í prentun. Greiðsluseðill fyrir árgjaldi verður sendur félagsmönnum FÍ í lok apríl.**

**Göngugleði á sunnudögum – allir velkomnir, ókeypis þátttaka**

FÍ
Ferðafélag Íslands
www.fi.is s. 568-2533



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá




Leifur Örn Svavarsson fjallar um ferðir sínar í myndum og máli hjá íslenskum fjallaleiðsögumönnum.

# Mynda- og ferðasýning

***Íslenskir fjallaleiðsögumenn standa fyrir mynda- og ferðasýningu í samstarfi við 66 gráður norður miðvikudaginn næstkomandi.***

Leifur Örn Svavarsson, sérfræðingur í snjóflóðavörnum á Veðurstofunni, fjallar um ferð á Mont Blanc og Ammassalik á Grænlandi.

Leifur er einn reyndasti fjallaleiðsögumaður landsins að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá félaginu. Hann hóf feril sinn með Alpaklúbbnum sem unglingur og hlaut frekari þjálfun hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík þar sem hann starfaði í tugi ára.

Leifur á að baki fjölda leiðangra og klifurferðir hérlendis sem erlendis.

Boðið verður upp á létta hressingu og tuttugu prósenta afslátt á útivistarfatnaði fyrir fullorðna frá 66 gráðum norður.

Sýningin fer fram miðvikudaginn 25. apríl frá klukkan 18.00-20.00 í húsakynnum verslunarinnar 66 gráður norður, Faxafeni 12.

- rh

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 21. APRÍL 2007



● GLERLIST

## Sigríður Ásgeirsdóttir þráði að vinna með birtu

● STÓLAHÖNNUN

## Fallegir og þægilegir

● ARKITEKTÚR

## Nýstárleg sumarhús

FRÉTTABLAÐIÐ


Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.



ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

24,9% ávöxtun

Meiri sveiflur, hærri væntingar.
Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.
• 75% hlutabréf
• 25% skuldabréf




spron VERÐBRÉF Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Himinn og haf / SÍA – 9070354

## hönnun

**●RÚLLAÐ UPP**
Þennan skemmtilega tímaritastand má kaupa í gegnum vefverslunina A place for everything, en þar sérhæfir fólk sig í skipulagslausnum. Standinum góða er fyrst og fremst ætlað að vera við salerni, því sumir eiga oft hægara með ákveðnar athafnir ef gott lestrarefni er við höndina.

Standur þessi kostar um 7.000 krónur, án tolla og flutningsgjalda.

www.aplaceforeverything.co.uk



● **Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Anna Elínborg Gunnarsdóttir, 550-5806, aeg@365.is **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is. **Forsíðumynd:** Heiða Helgadóttir tók myndina af glerlistakonunni Sigríði Ásgeirsdóttur.





**Biggi**
Birgir Breiðdal myndlistamaður
opnar sýningu í nýju og glæsilegu húsnæði okkar laugardaginn 21. apríl

Gallerí List
Skipholti 50A • sími: 5814020 • www.gallerilist.is





# Ísland er land þitt

● Þjóðleg fortíðarþráin vaknar á vorin og hvað er betra en íslensk hönnun, hvort heldur sem er fyrir betri stofuna, kaffiboðið eða í útileguna.

**1. Þjóðlegu handverki** flaggað í betri stofum. Prjónaður púði frá 3 hæðum, Laugavegi 60.

**2. Pönnukökur með rjóma og sultu.** Gamla góða pönnukökupannan, framleidd af Málmsteypunni á Hellu. Fæst í Kokku, Laugavegi 47.

**3. Ísland ögrum skorið.** Klakinn er skemmtilegur í hanastél og ávaxtadjús. Hönnun Óðinn Bolli Björgvinsson. Fæst í Kokku, Laugavegi 47.

**4. Útilegur** í góðra vina hópi eru fastur liður í íslenska sumrinu. Ferðastóll sem hægt er að hafa á öxlinni. Kollurinn er til sýnis hjá Saltfélaginu Grandagarði 2. Hönnun Ragnheiður I. Margeirsdóttir.

**5. Íslenskt nammi** er of gott til að vera satt og því má alveg flagga. Sleikjó með íslenska fánanum. Fæst í Vínberinu, Laugavegi 43.










# Full búð af nýjum vörum





Það er aðeins eitt rúm sem fær stimpilinn það þægilegasta, engin þörf á að stæra sig af óendanlegri, ólýsanlegri og ótrúlegri upplifun. Við sýnum þér einfaldlega hver þægindin eru.

Komdu og upplifðu Gravity Zero.

**Betra BAK**

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**Akureyri**
**Tryggvabraut 24**
**Sími 462 1410**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

HPI WHEELY KING. ÖFLUGUR FJARSTÝRÐUR RAFMAGNS TORFÆRUTRUKKUR.

WHEELY King



Tómstundahúsið • Nethyl 2 • S. 587 0600 • www.tomstundahusid

Piparsósa...

... þegar vindur hvín!




Tilvalin köld út á kjötið, í fiskrétti, með reyktum silungi og sjávarfangi. Góð með köldum, steiktum lunda og sem ídýfa.

Bernaisesósa...

... þegar sólin skín!

Grafika 03/2007




VOGABÆR

Frábær köld úr dósinni eða hituð upp, með lambakjöti, nautakjöti, fiski eða kjúklingaréttum í ofni.



**Bogadregna húsið er afar ólíkt því sem venja er í sumarhúsum en í þessu húsi er öll hliðin með gluggum til að hægt sé að njóta útsýnisins sem best. Þá er þakið einnig óvenjulegt þar sem það hallar aðeins í eina átt.**

# Nýstárleg sumarhús í Skandinavíu

● Guðmundur Jónsson, arkitekt, hefur teiknað þrjár byltingakenndar tegundir sumarhúsa fyrir skandinavískan markað. Húsin eru hönnuð með það í huga að hægt sé að njóta útsýnisins úr stofunni.

„Það var leitað til mín til að reyna að finna einhverja lausn á íslenskum sumarhúsum í Hrífunesi. Þá fór ég að huga að því hvort hægt væri að gera eitthvað örlítið nýstárlegra en það sem maður hefur séð áður á markaðnum,“ segir Guðmundur en upp frá því hófst samvinna við norskt fyrirtæki sem heitir Hjukse Bruk. „Þeir sáu fljótt að það væri allt eins gott að hugsa þessi hús fyrir skandinavískan markað í stað þess að einblína á íslenskan markað.“

Guðmundur segir stóran mun vera á skandinavíska og íslenska markaðinum. „Ég fór að hugleiða hvernig norsku sumarhúsin eru en þau einkennast af mjög miklu tréverki eða bjálkum, eru mjög lokuð með litlum gluggum og miklu af póstum. Þannig eiga þau kannski vel við í miklu skóglendi,“ segir hann og bætir við. „Aftur á móti eru þessi hús yfirleitt alveg við sjóinn eða sem vetrarhús uppi í fjöllum með flottu útsýni. Þess vegna fannst mér það tóm tjara að vera að múra sig svona inni með litlum eða engum gluggum í stað þess að njóta útsýnisins sem fólk er búið að fjárfesta í.“

Guðmundur sneri öllu við og tekur til allra þátta í teikningum sínum; húsgerðarinnar og þakformsins sem alltaf hafa verið hefðbundin í Noregi. „Ég kom með hallandi þak í eina átt og síðan mjög stóra glugga alveg niður í gólf og enga pósta. Meira að segja geng ég svo langt í einni eða tveimur týpum að opna eina hliðina alveg og reikna þá með að sú hlið snúi í átt að útsýninu,“ segir Guðmundur en nú þegar er byrjað að markaðssetja húsin á heimasíðu Hjukse Bruk í Noregi og einnig er verið að byggja eitt prufuhús við stórt kaupstefnuhús í Lilleström. „Þar verða líka sex önnur hús frá Hjukse Bruk sem eru meira í hefðbundnum norskum stíl þannig að það má búast við að munurinn á þeim og mínu verði mjög sláandi fyrir utan sýningarhöllina.“

Guðmundur mun verða á sýningunni 3 undir sama þaki í Fífunni um helgina og kynna þar sumarhúsin sín fyrir gestum sýningarinnar. sigridurh@frettabladid.is



**Hér sést bogadregið sumarhús af teikniborði Guðmundar en eitt slíkt verður reist til sýningar við kaupstefnuhús í Lilleström í Noregi.**



**Guðmundur Jónsson arkitekt hefur sinnt fjölda verkefna hér á landi og teiknaði meðal annars Amtsbókasafnið á Akureyri. Hann hefur þó verið búsettur í Noregi frá því hann fór þangað í nám árið 1975.**

## hönnun



**● STÓLLINN SOLID** eftir þýska hönnuðinn Heinz Landes (1961 -) er úr sveigðum stálstöngum. Landes leikur sér að ólíkum hliðum hlutanna en hönnun hans er ekki öll þar sem hún er séð.



**● DREKAFLUGAN** Hver segir að drekaflugur geti ekki þrifist á Íslandi? Þessi ætti ekki að eiga í nokkrum vandræðum með það. En þetta skemmtilega ljós lífgar svo sannarlega upp á vistarverurnar. Fæst í Local í Skeifunni.






LENGDU SUMARIÐ ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSÞÉTTING

pgv

VERÐUM Á BÁS NR. A50
Á SÝNINGUNNI SUMARIÐ 2007
Í FÍFUNNI UM HELGINA





PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur og svalalokanir úr PVC-u. Þeim fylgir 10 ára ábyrgð.

Sólstofurnar eru á frábæru verði og eru einfaldar og fljótlegar í uppsetningu.

Framleiðum einnig viðhaldsfría glugga og hurðir á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds.

**Hafðu samband og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**

PGV ehf. · Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnafjörður · Sími: 564 6080 · Fax: 564 6081 · www.pgv.is

Verslun ORMSSON að Lágmúla 8 hefur verið endurnýjuð frá grunni



OPIÐ ELDHÚS Í SÝNINGARSAL HTH ALLA HELGINA

Velkomin í „nýja“ verslun
– fulla af hágæða heimilistækjum.

AEG SAMSUNG TEFAL Solis

Opið laugardag frá kl. 11–16
og sunnudag frá kl. 13–17.

ORMSSON

Fjöldi girnilegra opnunartilboða! OPIÐ HÚS ALLA HELGINA

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · www.ormsson.is






# Fallegir & þægilegir

● Hægindastólar setja punktinn yfir i-ið í stofunni. Margir eiga sér sinn uppáhaldsstól þar sem gott er að hvíla lúin bein eftir erfiðan vinnudag. Ekki sakar ef stóllinn er fallega hannaður auk þess að vera þægilegur.



**1. Mávurinn** eftir þá Stenevik Erikson og Gusta Bergwidth er einstaklega formfagur stóll úr leðri og stáli. Framleiðandi er Fritz Hansen.

**2. Kaupmannahafnarstóllinn** eftir Mogens Voltelen sem hann hannaði árið 1936. Niels Vodder framleiddi stólinn sem er úr eik og leðri.

**3. Scandia-stóllinn,** hannaður af Hans Brattrudh, er úr tekki og stáli. Framleiðandi er Hove Möbler.

**4. Charlottenborg-stóllinn** eftir Arne Jacobsen. R. Wengler framleiddi stólinn sem er úr bambus, reyr og textíl.

**5. Hægindastóll** úr smiðju Alvars Aalto. Stóllinn er úr birki og grófu fléttuðu efni.




## glitrandi glamúr



● **GLITRANDI GLAMÚR** Fun og Spiral eru nöfnin á þessum fallegu ljósakrónum eftir Verner Panton (1926-1998) sem er einn af kunnustu hönnuðum Dana. Fun er sett saman úr hringlaga álplötum sem hanga á streng en Spiral-ljósakrónan er gerð úr spírölum úr plasti sem hanga í nælonstreng neðan úr plastdiski. Þessar ljósakrónur eru til í mörgum litum allt frá hvítu og yfir í fjólublátt.



# RÝMINGARSALA

**30-70%**

afsláttur af öllum vörum í versluninni

Komdu og gerðu frábær kaup







RÝMINGARSALA!

mira
art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300





opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 - Sunnudaga 13-16
bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is

KORTER.IS








**Vilt þú kynna þér málin vel, taka ákvörðun, fara í skoðunarferð?**
**Fáðu nýja íslenska bæklinga til að taka með heim!**

## Verið velkomin!



**Nánari uppl. milli kl: 12 og 16 alla virka daga — Sími: 586 2880 — Gsm: 696 1960**

**www.atlasiceland.com — sales@atlasiceland.com**

# Draumahús

530 1800 Mörkinni 4

í samstarfi við Viðskiptahúsið

FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR

## Heimilið þitt erlendis

Draumahús í samstarfi við Viðskiptahúsið kynna fasteignir við strendur Spánar, Mallorka og Mexíkó. Um ræðir fullbúnar gæðaeignir frá hinu virta byggingafélagi á Spáni, TM Real Estate Group.

Nýr DVD-diskur er kominn sem inniheldur upplýsingar um svæðin, eignirnar og næsta nágrenni.


Einbýlishús

TM

**TM Real Estate Group**
**Fagfólk í þína þágu**

- Stofnað 1969
- Hefur byggt 15.000 eignir
- Með skrifstofur í meira en 10 löndum
- Stærstu fjármálafyrirtæki Spánar og Evrópu ábyrgjast fjármögnun
- Hefur hlotið alþjóðleg verðlaun fyrir gæði og þjónustu
- Eitt af leiðandi fyrirtækjum Spánar á sínu sviði

**KYNNING Í DAG**

**Hjá Draumahúsum Mörkinni 4 milli kl. 14 og 16 allir velkomnir!**


Íbúðir


Húsgögn fylgja


Innréttingar fylgja


Njótið lífsins

Nánari upplýsingar í síma **530 1800** eða á **draumahus.is**

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Strandgötu 41 • 220 Hafnarfjörður • Sími 530 1820 • Fax 530 1801
draumahus@draumahus.is • draumahus.is


RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
LJÓSADAGAR
3995-
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, STÁL OG GYLLT
6590-
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GYLLT
4990-
HANGANDI LJÓS
1995-
VEGGLJÓS, TVÖFALT
1995-
BORÐLAMPI
1495-
VEGGLJÓS, STÁL OG GYLLT
1595-
VEGGLJÓS
13.696-
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, GYLLT
1995-
BORÐLAMPI
4995-
KRISTALSKRÓNA, 3JA ARMA
2995-
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GRÁ
1495-
BORÐLAMPI, STÁL OG GYLLT
9995-
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST
995-
VEGGLJÓS
2995-
VEGGLAMPI, ANTIK OG RUST
2995-
KRISTALSVEGGLJÓS
7995-
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
2995-
VEGGLAMPI, STÁL
1995-
VEGGLAMPI, 2JA ARMA, 3 LITIR
2995-
HANGANDI LJÓS
3995-
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, RUST
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 12:00-16:00
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

# KOSNINGAR 2007

### Framsóknarflokkurinn

Flokkurinn segir það vera mikilvægastu efnahagsaðgerð næstu ára að tryggja stöðugleika og lága verðbólgu, einkum með aðhaldssamri efnahagsstjórn. Ábyrg samþætting efnahags-, atvinnu- og félagsmálastefnu í opnu hagkerfi er stoð í þjóðlífinu sem þarf að vera fyrir hendi. Stefna þarf að því að frumkvöðlum, sprotafyrirtækjum og smáfyrirtækjum á Íslandi séu búin starfsskilyrði eins og best þekkjast í heiminum.

### Sjálfstæðisflokkurinn

Flokkurinn vill halda áfram að marka stefnu í efnahagsmálum sem grundvallast á frelsi og framtaki einstaklinga til athafna. Áhersla er lögð á trausta hagstjórn og stöðugleika, en jafnframt að atvinnulífið verði eflt enn frekar í alþjóðlegri samkeppni með því að efla markaðsbúskap og auka samkeppni. Áfram verði stefnt að hagvexti og miklum kaupmætti eins og hér hefur verið.

### Frjálslyndi flokkurinn

Frjálslyndir vilja tryggja gagnsæi og stöðugleika í efnahagsstjórninni. Grundvallaratriðið að þeirra mati er að tryggja peningamálastjórn sem byggð er á verðbólgumarkmiðum og fljótandi gengi. Flokkurinn vill leita leiða til að sveitarfélögin taki ríkari ábyrgð á efnahagslífinu með samráði við ríkið um framkvæmdir og rekstur. Flokkurinn vill afnema núverandi kvótakerfi, en búast má við því að það hefði efnahagsleg áhrif.

### Íslandshreyfingin

Hreyfingin vill gera rótttækar breytingar í efnahagsmálum, sem miða að því að slá á þenslu og efla veg þekkingar- og sprotafyrirtækja. Auk þess vill Íslandshreyfingin stokka upp í íslensku landbúnaðarkerfi, með því að fella niður tolla og höft, og skoða aðild að Evrópusambandinu og þar með upptöku evru. Hreyfingin vill hætta við öll stóriðjuáform strax. Telja forsvarsmenn hreyfingarinnar það skynsama efnahagsaðgerð.

### Samfylkingin

Samfylkingin leggur áherslu á að kæla efnahagskerfi landsins niður og slá á þensluna með ábyrgri og aðhaldssamri hagstjórn. Þannig væri hægt að bæta kjör almennings með því að lækka vexti á lánum og bæta lífskjör. Með þessu tækist að slá á verðbólgu sem hefur verið langt yfir takmarki Seðlabankans allt kjörtímabilið. Samfylkingin vill skoða aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru.

### Vinstri-græn

Vinstri-græn vilja öðru fremur stöðugleika og aðhald í ríkisrekstri á næstu misserum, en nota svigrúm í ríkissjóði til að „endurreisa“ velferðarkerfið sem þau telja hafa farið fyrir ofan garð og neðan, í tíð ríkisstjórnarflokkanna. Einblínt verði á uppbyggingu heilbrigðis- og velferðarkerfis sem sé öllum opið, og efnahagsstjórn taki mið af þeim veruleika.

Íslenskt efnahagslíf hefur einkennst af mikilli grósku, framkvæmdum og athafnasemi á kjörtímabilinu sem lýkur senn. Þessum mikla uppgangi hafa fylgt vaxtarverkir sem fólkið í landinu, sérstaklega það sem er að koma undir sig fótunum, finnur áþreifanlega fyrir. Flokkarnir sem bjóða fram í alþingiskosningunum í vor hafa ólíka sýn á efnahagsmálin. Allir leggja áherslu á stöðugleika en leiðirnar að því markmiði eru ólíkar. Í fimmtu kosningagreininni af átta skoðuðu blaðamennirnir *Magnús Halldórsson* og *Þórður Snær Júlíusson* áherslur flokkanna í efnahagsmálum og hvað hefur einkennt íslenskt efnahagslíf undanfarin á kjörtímabilinu sem er á ljúka.

# *Þensla einkennir allt kjörtímabilið*

Hjól efnahagslífsins hafa sjaldan eða aldrei snúist hraðar í Íslandssögunni heldur en á kjörtímabilinu sem senn er á enda. Gróska og uppgangur, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, hefur einkennt efnahagslífið. Þessari miklu grósku hafa fylgt vaxtarverkir sem almenningur í landinu hefur fundið fyrir. Atvinnuleysi hefur verið með allra minnsta móti að undanförnu, um og yfir eitt prósent, en mikil fjölgun erlendra starfsmanna á vinnumarkaði hefur komið í veg fyrir skort á starfskrafti á vinnumarkaði.

Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru 5,3 prósent í janúar 2003 en eru 14,25 prósent nú. Háir stýrivextir valda því að lánakjör sem bjóðast hér á landi eru vond í alþjóðlegum samanburði þar sem grunnvextir fyrirtækja og stofnanna sem lána peninga markast af stýrivöxtunum. Tilbúið dæmi hér til hliðar sýnir svart á hvítu stöðu sem fjölmargar fjölskyldur hér á landi eru í, meðal annars hvað greiðslur af lánum varðar.

En stýrivextirnir virka bæði jákvætt og neikvætt sem veldur því að ávöxtun fjár á íslenskum markaði er góður kostur fyrir fjármagnseigendur.

**Kaupmáttur aukist mikið á þenslutímum**

Í nýlegri samantekt Hagstofu Íslands á hag heimilanna í landinu kemur fram að ráðstöfunartekjur jukust um 149 prósent á verðlagi hvers árs frá árinu 1994 til og með 2005. Kaupmáttur launa á mann, á sama tímabili nam um 56 prósentum og nam hækkun ráðstöfunartekna á ári um fjórum prósentum á fyrrnefndu tímabili. Það er ákjósanleg staða í alþjóðlegum samanburði.

Á sama tíma hafa skuldir heimilanna aukist gríðarlega hratt en þær voru um 106 prósent af þjóðarframleiðslu í lok ársins 2005. Þetta þýðir að heimilin skulda meira en þjóðin býr til árlega, sem til lengri tíma er óviðunandi út frá hagstjórnarlegu sjónarmiði.

Mikil þensla hefur valdið vandræðum þrátt fyrir að kaupmáttur launa hafi aukist. Margir samverkandi þættir hvíla að baki þenslunni en stærstu einstöku þættirnir eru innreið bankanna inn á íbúðalánamarkað, sem komu í kjölfar veitingu 90 prósenta lána hjá Íbúðalánasjóði, skattalækkanir og miklar opinberar framkvæmdir, þar af rúmlega 100 milljarða virkjanaframkvæmdir Landsvirkjunar við Kárahnjúka. Virkjunin mun sjá álveri Alcoa á Reyðarfirði fyrir rafmagni.

Til þess að stemma stigu við þenslunni hefur Seðlabankinn það úrræði að hækka stýrivexti sem virkar sem mótvægisafl á þensluna. Ýmsir hafa gagnrýnt stjórnvöld fyrir að sýna ekki nægilegt aðhald í ríkisfjármálum á fyrirsjáanlegum þenslutímum. Stjórnvöld hafa svarað því til að aðhalds hafi verið gætt en innkoma bankanna á húsnæðislánamarkað, og stóraukin lán þeirra til fólks og fyrirtækja, hafi haft mikil þensluaukandi áhrif sem ekki voru fyrirsjáanleg.

• • • En stýrivextirnir virka bæði jákvætt og neikvætt sem veldur því að ávöxtun fjár á íslenskum markaði er góður kostur fyrir fjármagnseigendur.

**Verðbólgan mikil en minnkar**

Verðbólgan jókst úr 1,3 prósentum árið 2003 í 8,6 prósent í júní í fyrra en þá náði hún hámarki. Hún er nú tæplega sex prósent og standa vonir til þess að hún hjaðni enn frekar en markmið Seðlabankans er að halda verðbólgunni í 2,5 prósentum. Verðbólgan er skaðvaldur í efnahagslegum skilningi, hvernig sem á það er litið. Lánakjör versna, verðlag hækkar og kjör fólks og fyrirtækja versna.

Stóraukið lánaframboð og einkaneysla kynti undir verðbólguna, sem hækkaði ört, en merki eru um að hún sé að lækka eins og mál standa nú.

Verkefni nýrrar ríkisstjórnar verður öðru fremur að slá á þensluna og tryggja stöðugleika. Um það eru allir flokkarnir sem bjóða fram í kosningunum sammála. Sýn þeirra er augljóslega misjöfn. Sumir vilja styrkja velferðarkerfið, aðrir boða gríðarlega dýrar samgöngubætur með mikilli jarðgangagerð og þar fram eftir götunum. Gangi áætlanirnar allar eftir er ljóst að framhald verður á þeirri miklu framkvæmdagleði sem einkennt hefur kjörtímabilið.

## ATVINNULEYSI

**Taflan sýnir hlutfall og fjölda atvinnulausra á kjörtímabilinu auk heildarfjölda vinnuafls á Íslandi.**

| | HLUTFALL | FJÖLDI | VINNUAFL |
|---|---|---|---|
| 2003 | 3,4% | 5.400 | 162.400 |
| 2004 | 3,1% | 4.900 | 161.100 |
| 2005 | 2,1% | 4.300 | 165.600 |
| 2006 | 1,3% | 5.000 | 174.600 |
| 2007* | 2,0% | 3.500 | 176.300 |

*Tölur fyrir 2007 sýna stöðuna á fyrsta ársfjórðungi. Tölur fyrir hin árin miða við meðaltöl hvers árs.




## DÆMISAGA

Hjón um þrítugt með tvö börn á aldrinum þriggja til fimm ára fluttu heim til Íslands fyrir einu ári eftir að annað þeirra hafi verið í námi erlendis. Sá aðili er því langskólagenginn og hefur 400 þúsund krónur í mánaðarlaun. Hinn vinnur verkamannavinnu og hefur 250 þúsund krónur í mánaðarlaun. Við komuna til Íslands þurftu þau að kaupa sér húsnæði, bíl og standa straum af niðurgreiðslu námslána auk annarra hefðbundinna útgjalda.

**ÍBÚÐARKAUP:** Fjölskyldan kaupir sér 112 fermetra fjögurra herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Meðal fermetraverð slíkrar íbúðar er í dag 209.570 kr. sem þýðir að heildarverð íbúðarinnar er tæpar 23,5 milljónir. Hjónin hafa safnað sér fyrir tíu prósenta útborgun og taka því 90 prósent húsnæðislán til 40 ára hjá bankanum sínum. Heildarlántökukostnaður þeirra á þessum 40 árum miðað við lágmarksverðbólgu er 83.731.104 krónur.

**BÍLAKAUP:** Þau kaupa sér 2002 árgerð af Skoda Octavia skutbíl, sem kostar eina milljón króna. Þau taka 48 mánaða lán hjá Lýsingu hf. fyrir allri upphæðinni. Árlegur kostnaður vegna bensíns, trygginga, bifreiðagjalda og skoðunar er 274.560 krónur.

**NÁMSLÁN:** Annað foreldrið er langskólagengið erlendis og skuldar um fimm milljónir króna í námslán vegna framfærslu á námstímanum og skólagjalda.

**MÁNAÐARLEG INNKOMA:**

| | |
|---|---|
| Laun fjölskyldunnar á mánuði: | 650.000 krónur. |
| Barnabætur á mánuði: | 9.349 krónur. |
| Persónuafsláttur: | 64.300 krónur. |
| Staðgreiðsla skatta: | -209.212 krónur. |
| Lífeyrissjóður og stéttarfélag: | -30.000 krónur. |
| **RÁÐSTÖFUNARTEKJUR:** | 420.137 krónur. |

**MÁNAÐARLEG ÚTGJÖLD:**

| | |
|---|---|
| Meðalafborgun á húsnæði á mánuði miðað við 40 ára lán og 2,5 prósent verðbólgumarkmið: | 174.440 krónur. |
| Meðalafborgun vegna bílakaupaláns á mánuði miðað við 48 mánaða lán: | 29.451 krónur. |
| Meðalafborgun námsláns á mánuði miðað við 400 þúsund króna árstekjur þess sem var í námi: | 25.262 krónur. |
| Leikskólakostnaður vegna barnanna sem eru á aldrinum þriggja til fimm ára. Átta tímar á dag í fullu fæði: | 35.200 krónur. |
| Kostnaður á mánuði vegna bensíns, bílatrygginga, bifreiðagjalda og -skoðunar:* | 22.880 krónur. |
| Innkaupakarfa fjölskyldu, meðaltal á mánuði (matur, drykkur, hreinlætis- og snyrtivörur, föt og skór):** | 98.693 krónur. |
| Hiti og rafmagn:** | 11.935 krónur. |
| Póstur og sími:** | 12.738 krónur. |
| Heilbrigðisþjónusta, lyf og læknavörur:** | 14.909 krónur. |
| **SAMTALS:** | 425.508 krónur. |
| **Afgangs:** | -5.371 **krónur.** |

Þá á eftir að taka inn kostnað vegna tómstunda og menningu (696.194 krónur á ári eða 58.016 krónur á mánuði), vegna húsgagna og heimilisbúnaðar (332.671 krónur á ári eða 27.722 krónur á mánuði) eða vegna áfengis- og tóbaksneyslu (ef hún er til staðar þá kostar hún samtals 147.483 krónur á ári eða 12.290 krónur á mánuði).

* Samkvæmt útreikningum FÍB á rekstrarkostnaði bifreiða árið 2007.

**Samkvæmt meðalverðlagi árið 2005 í rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna árið 2003-2005.

## VERÐBÓLGA

**Verðbólga frá janúar 2003 til janúar 2007.**

| Ár | Verðbólga | Vísitala neysluverðs | Prósentuaukning launa | Launavísitala* |
|---|---|---|---|---|
| 2003 | 1,4% | 154,9 | - | 237 |
| 2004 | 2,4% | 158,7 | 3,3% | 244,9 |
| 2005 | 4,0& | 164,9 | 6,6% | 261,1 |
| 2006 | 4,1% | 172,2 | 8,3% | 282,8 |
| 2007 | 6,9% | 184,0 | 10,1% | 311,5 |

*Launavísitala miðast við meðallaun í hverjum mánuði.
Hæst mældist verðbólgan 8,6 prósent í júlí 2006.
Verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands er 2,5 prósent.

## ÞRÓUN ÍBÚÐAVERÐS Á KJÖRTÍMABILINU

**Taflan er byggð á vísitölu íbúðarverðs* og meðaltalsfermetraverði á höfuðborgarsvæðinu í febrúar á tímabilinu 2003 til 2007.**

| Ár | vísitala íbúðarverðs | prósentuhækkun | 10 milljón króna íbúð árið 2003 | fermetraverð** |
|---|---|---|---|---|
| 2003 | 169,0 | - | 10 milljónir | 124.531 kr. |
| 2004 | 185,9 | 10,0% | 11,0 milljónir | 136.230 kr. |
| 2005 | 245,7 | 45,3% | 14,5 milljónir | 179.421 kr. |
| 2006 | 299,1 | 77,0% | 17,7 milljónir | 209.604 kr. |
| 2007 | 314,2 | 85,9% | 18,6 milljónir | 221.463 kr. |

*Vísitalan miðast við verð á sérbýli og fjölbýli. **meðaltal 2 til 5 herbergja íbúða í fjölbýli.




FABRIKAN

# SUMARHÁTÍÐIN HELDUR ÁFRAM ALLA HELGINA Í TEKK-COMPANY

FJÖLDI SUMARTILBOÐA – SUMARKAFFI OG MEÐLÆTI

GRILLAÐ KL. 13 - GRILLAÐAR PYLSUR OG COKE-ZERO

KYNNING Á NÝJU ILMLÍNUNNI FRÁ CRABTREE & EVELYN MILLI KL. 13 OG 15

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

OPIÐ LAUGARDAG MILLI KL. 10 OG 16 OG SUNNUDAG MILLI KL. 13 OG 16




**Volvo S80 bensín.** Verð frá 4.690.000 kr. **Volvo S80 dísil.** Verð 5.190.000 kr. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# KANNAÐU HÁÞRÓUÐ SAMSKIPTI ÞÍN VIÐ VOLVO S80




Volvo. For life.

Nýr - endurhannaður Volvo S80 vinnur með þér hvort sem er í kyrrstöðu eða á ferð. Yfirvegað og fágað útlit er í einstöku jafnvægi við háþróaða tækni Volvo S80. Gagnvirkt samskiptakerfi Volvo S80 kallar fram einstaka upplifun fyrir lúxus og öryggi. Komdu í Brimborg. Upplifðu nýtt tækniundur og meiri lúxus frá Volvo.

**Nýr Volvo S80 vinnur með þér bæði kyrrstæður og á ferð**

Háþróað árekstrarvarnarkerfi er nýr búnaður sem velja má í Volvo S80, en með því ryður Volvo, sem fyrr, nýja braut í umferðaröryggismálum. Skynji varinn umferð bíla framundan sem þú nálgast of hratt lætur hann þig vita með tónmerki og upplýstri aðvörun á framrúðu. Bregðist þú ekki strax við setur kerfið sjálfkrafa aukinn þrýsting á hjálparhemlunarbúnaðinn til að gera þér kleift að draga úr hraða á öruggan hátt og minnka högg við hugsanlegan árekstur. Lifðu í öryggi. Lykillinn í Volvo S80 er einnig hluti af öryggiskerfi hans, háþróað samskiptakerfi ökumanns og bíls, sem lætur þig m.a. vita hafir þú gleymt að læsa. Þú getur einnig valið um aðlögunarhæfan hraðastilli, þar sem þú ákveður vegalengd í næsta bíl. Minnki bilið hægir bíllinn á sér. Hjartsláttarskynjari – enn ein nýjungin frá Volvo - segir þér sé óboðinn gestur í bílnum! Öryggi er lúxus.

Veldu Volvo.



V8, 315 hestafla vél með 440 Nm togi er nú kostur í Volvo S80. Skoðaðu Volvo S80 með sídrifi og átaksdeili fyrir hámarks drifgetu og akstursánægju. Kynntu þér einnig nýtt háþróað fjöðrunarkerfi sem mætir mismunandi yfirborði vegar og aksturstíl þínum.

Lifðu í lúxus.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

## Volvo S80

Öryggi er lúxus. Lifðu í öryggi.
Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.

**SÉRPANTANIR VOLVO**

Kynntu þér Sérpantanaþjónustu Volvo hjá Brimborg. Gerðu hagstæðari kaup og sérhannaðu þinn eigin Volvo.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is**

# Stórbruni í miðbæ Reykjavíkur

Allt tiltækt lið lögreglu og slökkviliðs var kallað til þegar eldur braust út í miðbæ Reykjavíkur síðasta vetrardag. Tvö af elstu og sögufrægustu húsum borgarinnar urðu alelda á augnabliki. Húsið við Lækjargötu 2 stórskemmdist og Austurstræti 22 er ónýtt. Slökkvistarfið tók 17 klukkustundir í mesta stórbruna í áratugi sem mun breyta ásýnd Reykjavíkur varanlega.



**ÖLLU TJALDAÐ TIL** Alls voru notaðir þrettán bílar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins við aðgerðirnar. Þá eru ótalin önnur tæki sem fyrirtæki lögðu til svo sem vagn frá Strætó sem nýttur var sem fundaraðstaða og matsalur. Einnig var fenginn krani frá fyrirtækinu Hringrás til að rífa þakið af Austurstræti 22 þegar sýnt var að það skapaði hættu fyrir slökkviliðsmennina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ERFITT VERK** Starf slökkviliðsmanna krefst góðrar þjálfunar og góðs líkamlegs atgervis. Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri greindi frá því að nokkrir manna sinna fóru þrisvar til fjórum sinnum í reykköfun. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**AÐ VAÐA ELD** Þegar mest var voru 110 slökkviliðsmenn á vettvangi. Nokkrir þeirra þurftu að athafna sig á þaki húsanna og þótti mörgum sem á horfðu nóg um þegar eldtungurnar risu upp í námunda við þá, aftur og aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Á KAFI** Alls fóru 60 slökkviliðsmenn í reykköfun meðan á aðgerðinni stóð. Þeir notuðu 300 fyllingar af súrefni sem annars dugar einum reykkafara til starfa í rúma tíu sólarhringa. Þeir sem fyrstir fóru inn í húsið við Lækjargötu 2 gátu ekkert gert annað en að verjast eldinum sem sótti að þeim úr öllum áttum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**DAVÍÐ OG GOLÍAT** Brennandi húsin voru ekki árennileg að líta fyrstu klukkutímana og óvinnandi vegur virtist að slökkva eldinn. Hægt og bítandi náðist stjórn á eldinum; fyrst í Lækjargötu 2 og síðan Austurstræti 22. Þar geisaði eldurinn þó svo lengi að ekki tókst að bjarga húsinu. Hins vegar þykir mildi að veður var tiltölulega gott og slökkviliði tókst að verja gamla Hressingarskálahúsið við Austurstræti 20. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# Notaðu þína ávísun!

Þegar þú kaupir bækur frá íslenskum útgefendum fyrir að lágmarki 3.000 kr. skaltu nota þína ávísun sem 1.000 kr. afslátt af bókakaupunum.

**Framseldu ávísunina þína.**
Þú gætir unnið bankabók frá Glitni með **10.000 kr. innstæðu!**

**Þjóðargjöfin** er samstarfsverkefni bókaútgefenda, bókabúða og annarra bóksala auk Glitnis. **Í Viku bókarinnar** fá öll heimili á landinu senda ávísun á bókakaup. Markmiðið er að efla lestur barna og ungs fólks á Íslandi og benda á að bóklestur er ekki aðeins einstök skemmtun, heldur einnig mikilvæg leið til að auka skilning á samhengi, efla málþroska, veita innsýn í flókin málefni og styrkja vald á tjáningu.

Ávísunin gildir í bókabúðum og völdum stórmörkuðum sem selja bækur þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3.000 krónur. **Ávísunin gildir dagana 17. apríl – 7. maí 2007.**

GLITNIR

DAGUR BÓKARINNAR 23. APRÍL 2007 · WORLD BOOK DAY

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

DYNAMO REYKJAVÍK

# Kannski er ég bara gamaldags

**Ólöf Arnalds** er 27 ára tónlistarkona úr Reykjavík sem hefur hlotið mikla athygli síðasta misserið. Hún söng nokkur lög á Seríu, sólóplötu Skúla Sverrissonar sem kom út í fyrra, og nýlega kom út fyrsta sólóplata hennar, „Við og við“. Platan hefur vakið mikla lukku, enda falleg og endurnærandi. Ólöf „plokkar nú hringinn“ á vegum Rásar 2 með Lay Low og Pétri Ben og er hálfnuð í yfirreið sinni um landið.






**TÓNLISTARKONAN ÓLÖF ARNALDS** „Það sem ég upplifi með textagerð er að ég næ betra sambandi við það sem ég er að syngja ef það er á íslensku. Tengingin við móðurmálið lætur mér líða eins og ég sé að segja satt.“

*Til hamingju með plötuna, ertu ánægð með hana og móttökurnar?*

„Jú, ég get ekki verið annað. Móttökurnar hafa hjálpað mér að verða enn ánægðari með plötuna. Ég var upphaflega bara sátt við hana, hún var eins og skyldmenni sem manni þykir vænt um með kostum og göllum. Það gleður mig að að platan skuli láta fólki líða vel, hvers vegna nákvæmlega hún gerir það á ég erfitt með að henda reiður á, nema kannski að þetta eru hjartnæmir textar og lögin í mildari kantinum.“

*Kom aldrei til greina að gera stuðplötuna Olla Stuð og Stuðboltarnir?*

„Kannski geri ég það bara næst. Rólegheitin voru ekki ákveðin fyrirfram heldur dúkkuðu hugmyndirnar bara upp í kollinum og tóku svo endanlega þessa rólegu mynd þegar ég ákvað að vinna plötu.“

*Hvenær gerðist það?*

„Svona ári áður en ég tók plötuna upp og það var að miklu leyti fyrir hvatningu 12 tóna. Þá höfðu þeir heyrt mig spila tvö lög á tónleikum. Þeir höfðu samband og lýstu sig tilbúna til að styðja mig í því að fara alla leið.“

## Horft inn á við

*Mér finnst eitthvað fornt við plötuna, smá svona elliheimilið Grund og Gamla gufan-fílingur, þótt það sé erfitt að benda nákvæmlega á hvað kveikir þau hugrenningatengsl.*

„Já, ég hef einmitt heyrt að gamla fólkið sé ekki síður að fíla plötuna en það unga, sem gleður mig mjög. Tónlistin skapar kyrrð og ró og fólki finnst nærandi að hlusta á hana heima hjá sér. Þetta er engin partíplata. En við þurfum þetta allt í bland. Tónlist sem skemmtir okkur, tónlist sem við getum öskrað og steytt hnefann við … en svo er líka gott að hafa músik sem leyfir manni að horfa inn á við.“

*Einmitt. Þá er spurning hvort þér leiðist nútíminn?*

„Nei, mér leiðist hann ekki, en það er margt í tónsköpun og upptökutækni í dag sem er orðið næstum of auðvelt og fljótgert. Ég reyndi því að stilla tækninni svolítið upp á móti mér, tók t.d. gítar og söng alltaf upp bæði í einu í heilum tökum inn á teip, þannig að það var ómögulegt að dauðhreinsa. Kannski er ég bara gamaldags eða eitthvað. Annars er ég líka mjög gefin fyrir þjóðlagatónlist frá ýmsum löndum sem er oftar en ekki hundgamlar upptökur eða nýlegri músík sem byggist á gamalli hefð. Þar blæða kannski inn einhver áhrif. Mér finnst margt stórkostlegt við nútímann, en – það er náttúrlega algjör klisja að segja þetta – hraðinn og lífsgæðakapphlaupið höfðar ekki mikið til mín. Á einhver hátt líður mér í músikinni eins og ég sé að staldra við. En ég er líka að líta til baka.“

## Tekur sviðsskrekknum fagnandi

*Hvað kom þér upphaflega af stað í tónlistinni? Bróðir þinn Eyþór kannski…*

„Hann er að vísu ekki bróðir minn...“

*Grín. Ertu komin af tónlistaráhugafólki?*

„Já, það er tónlist í báðum ættum og mikið sungið á heimilinu. Það var mest hlustað á klassík á heimilinu, klassík, Abba og Bítlana. Ég byrjaði í tónlistarnámi sex ára og var nokkuð samfleytt í námi þar til ég útskrifaðist fyrir tveimur árum. Sem barn lærði ég á fiðlu, svo lærði ég söng, en ég er sjálflærð á gítar. Ég vildi ekki að neinn kenndi mér á hann þá, en núna er mig farið að langa í tíma, m.a. til að læra fjölbreytilegri tónlist og betri líkamsbeitingu.“

*Hvernig er tónlistarferillinn hjá þér búinn að vera?*

„Ég var í unglingasveitinni Mósaík sem tók þátt í Músiktilraunum. Þar var Benni Hemm Hemm meðlimur. Svo hef ég spilað með hinum og þessum, en einna mest með múm sem ég byrjaði að spila með árið 2003.“

*Þú hefur væntanlega umgengist múm þegar þú varst í MH. Ef við segjum að múm sé Spilverk þjóðanna 20 árum síðar, má þá ekki segja að þú sért Diddú?*

„Einmitt. Ha, ha. Það skemmtilegasta við þann tíma var að maður umgekkst fólk sem var að safna alls konar músik og pæla rosalega mikið í henni. Það var m.a. hlustað á gamla íslenska slagara sem fundust á vínylplötum sem voru keyptar í Kolaportinu. Það var frábært að læra íslensku dægurlagasöguna með því að vera í partíum með vinum sínum, glamra á gítar og syngja.“

*Finnst þér gaman að spila á tónleikum?*

„Ég nýt þess mjög mikið, já.“

*Enginn sviðsskrekkur?*

„Ég var með gífurlegan sviðsskrekk þegar ég var að spila á fiðlu á nemendatónleikum þegar ég var yngri. Sá bókstaflega rautt og fæturnir á mér skulfu. Svo gekk ég grátandi út. Svona voru mín unglingsár í fiðlunáminu. Ég skipti yfir í söngnám því ég vissi að ég gæti sungið hreint. Það hafði kvalið mig svo mjög að geta ekki gengið út frá því vísu að geta spilað hreint á fiðluna, sem var auðvitað ekkert nema kreddur og undarleg kröfuharka, þar sem ég var aldrei mjög dugleg að æfa mig. Auðvitað upplifir maður stundum sviðsskrekk en nú tek ég honum fagnandi því hann er orðinn svo sjaldgæfur. Maður fær ekki alltaf að spila við kjöraðstæður á tónleikum og verður bara að gera sitt besta hvernig sem áhorfendur eru stemmdir. Það er mikilvægt að finna að ábyrgðin liggur alfarið hjá manni sjálfum.“

*Þú syngur á íslensku, kom aldrei til greina að syngja á ensku – margir halda að það hjálpi í meikinu?*

„Ég er að flýta mér hægt í þeim efnum. Ég vil ekki vera með stórar yfirlýsingar um að ég ætli aldrei að syngja á ensku, því hver veit hvort mig langi það einhvern tímann seinna, enda þykir mér gott og blessað ef fólk kýs það. En það sem ég upplifi með textagerð er að ég næ betra sambandi við það sem ég er að syngja ef það er á íslensku. Tengingin við móðurmálið lætur mér líða eins og ég sé að segja satt. Þegar ég var í söngnámi hjá Rut Magnússon sagði hún að ég yrði að skilja það sem ég væri að syngja. Að ég mætti ekki læra textana eins og páfagaukur. Góður söngvari á að geta látið fólk skilja hvað hann er að segja án þess að það skilji tungumálið. Platan mín er að fara í sölu erlendis bráðlega og það verður gaman að sjá hvort einhver skilji eitthvað í þessu.“

> Ég var með gífurlegan sviðsskrekk þegar ég var að spila á fiðlu á nemendatónleikum þegar ég var yngri. Sá bókstaflega rautt og fæturnir á mér skulfu. Svo gekk ég grátandi út.

## Hljóðleg uppreisn

*En að léttara hjali. Ertu orðin spennt fyrir 12. maí?*

„Fyrirgefðu, hvað er að gerast þá?“ *Kosningar og Eurovision!* „Já, einmitt. Hvað er ég að gera þá? (Finnur dagbókina sína). Þá ætla ég að vera á Stykkishólmi og syngja við opnun hjá Roni Horn, já ég er mjög spennt fyrir því.“

*En þú verður samt búin að kjósa, er það ekki?*

„Jú, jú, en ég tek ekki afstöðu með eða á móti flokkum opinberlega.“

*En hvað með þessi mál sem mikið hafa verið í umræðunni, femínisma og náttúruvernd – þarftu að tjá þig eitthvað um það?*

„Nei, ég hef enga þörf fyrir það hér. Enda eru margir aðrir mun betur til þess fallnir en ég. Það er ekki mitt hlutverk.“

*Hvað með ímyndina af Íslandi. Er fólkið sem múm spilar fyrir í útlöndum með fyrirfram ákveðna mynd af ykkur þegar það mætir?*

„Ef útlendingarnir eru með þessar hugmyndir um okkur þá er ég ekki viss um þær séu komnar frá tónlistarmönnunum sjálfum beint, heldur er þetta frekar katigorisering frá fjölmiðlum, landkynningu og auglýsingaherferðum. Á síðustu tíu árum hefur túrismi margfaldast og það er verið að gera Ísland út á margvíslegum forsendum. Sumar eru ótrúlega útþynntar og úr tengslum við raunveruleikann hér. Til dæmis þessi ofuráhersla á klisjuhugmyndir um álfa og jökla. Og svo hin hugmyndin, öllu óþægilegri fyrir okkur íbúa Reykjavíkur, að hér sé himnaríki nætursvalls og skyndikynna.“

*Þetta eru náttúrlega tvær aðskildar hugmyndir: álfarnir og orgían. Múm, Sigur Rós og Björk hafa náttúrlega verið álfamegin í landkynningunni til þessa – krúttin.*

„Æi, það eru allir endalaust með þetta krúttkynslóðarhugtak á heilanum. Það er kannski vafasamt að ætla að reyna að koma kynslóðinni sem maður tilheyrir til varnar, en mér finnst þetta hugtak stundum hljóma eins og smækkunarforskeyti framan við hóp listamanna sem eru búnir að standa sig mjög vel og afkasta ofsalega miklu. En auðvitað er hér um hreyfingu í tísku og hugarfari að ræða og sem er kannski líka ákveðin tegund uppreisnar þótt hún sé ekki í formi kinnhests á samfélagið. Þetta er hljóðlegri uppreisn. Þessi hreyfing í listum og hugsunarhætti er þó ekkert séríslensk og ekki fundin upp hér. Þetta er bara mjög eðlileg svörun við indie-kúltúr utan úr heimi í bland við alls konar séríslenska nostalgíu.“

*Hvað vill krúttkynslóðin þá frekar vera kölluð?*

„Ég veit það ekki. Við ættum kannski að efna til hugmyndasamkeppni.“

*Lopakynslóðin?*

„Málið er að þetta minnir á endurreisn í listasögunni eða rómantík þar sem fólk fer að leita í eitthvað sem tengist uppruna og þjóðlegum einkennum, eins og andsvari við hraðri framþróun. Það vill bara svo til að hér á Íslandi er lopapeysan eitthvað sem minnir á gamla tímann. Og hvað með það?“ ■

## → Ólöf Arnalds … fyllir í eyðurnar

**Ef það væri engin tónlist** … væri lífið öllu litlausara.

**Draumastaðurinn minn er** … vinnustofan sem enn er ófundin.

**Ef ég gæti bara skoðað eina heimasíðu á dag færi ég á** … Youtube.

**Ég er glöð að ég er ekki** … lengur í gagnfræðaskóla.

**Það skrýtnasta sem ég hef smakkað er tvímælalaust** … blöð af einni tegund af pottablómi sem ég var sólgin í sem barn.

**Ef ég gæti verið hvaða meðlimur í hvaða hljómsveit sem er vildi ég vera** … í gamelan-sveit í Indónesíu.

**Mesti lúxus sem ég hef á ævinni veitt mér var** … langt símtal af hótelherbergi í Japan til Bandaríkjanna.

**Ef ég væri síamstvíburi vildi ég vera föst við** … Davíð Þór Jónsson hljómborðsleikara sem myndi spila Bach allan daginn.









# Við opnum enn eina stöðina og nú við Hreðavatnsskála

Hreðavatnsskáli brúar bilið milli norðurs og suðurs. Þar er gott að nema staðar og fá sér eitthvað í gogginn því staðurinn er vinalegur og veitingarnar við allra hæfi. Fylla svo tankinn á nýju Orkustöðinni og halda ferðinni áfram.

**Skálað í skála**

Í tilefni opnunar bensínstöðvarinnar gerum við okkur dagamun í dag, **laugardag kl. 15**. Skálum í kaffi og kakó og sporðrennum vöfflum með rjóma.

**Dagskrá**

- **Hinir heilmiklu Hjalti Úrsus og félagar**
- **Leikhópur flytur þætti úr Ásu í ástandinu**
- **Kvartettinn Silfurefirnir**

**Dansiball**

**Um kvöldið sláum við svo upp balli í Hreðavatnsskála þar sem hljómsveitin Kopar leikur sér. Húsið opnar kl. 22 og er ballið í boði Orkunnar.**

Við hvetjum alla til að hlusta á beina útsendingu frá **Reykjavík 101,5** sem verður með beina útsendingu frá opnunarhátíðinni. **Sendingartíðnin í Borgarfirði er 106,5.**

Hreðavatnsskáli er þekktur sem staður elskenda. Við hvetjum því alla til að koma í sínu besta skapi og njóta hátíðarinnar með okkur.



Haukur og Ingvar Víkings

REYKJAVÍK FM101,5

Bleikur ís fyrir alla

ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA



**GUNNLAUGUR EGILSSON**
Semur dansverk fyrir Konunglega ballettinn í Stokkhólmi sem verður frumsýnt í nóvember 2007.
MYND/TILMAN O´DONNELL

# Stundum er ballettinn nánast eins og herþjónusta

Þótti ekkert skrítið þegar þú varst lítill að vera í ballettsokkabuxum en ekki í takkaskóm?**

Það var ákveðið tímabil þegar ég var alltaf valinn síðastur í lið í boltaleikjum en það var fljótt að ganga yfir.

**Hefur þú orðið fyrir fordómum fyrir því að vera ekki samkynhneigður og vera ballettdansari?**
Ég finn oft fyrir þeirri þröngsýni en það er eitthvað sem ég er hættur að spá í.

**Fjölskylda þín er mjög listræn, eruð þið heima saman að föndra eða setja upp sýningar?**
Kemur fyrir að við föndrum saman en fjölskyldusirkusinn hefur ekki verið stofnaður enn.

**Hvernig er að dansa við Konunglega ballettinn í Stokkhólmi? Eru þetta gífurlegar kröfur sem þér eru settar þar?**
Á stundum er það nánast eins og herþjónusta bæði án enda og andstæðinga en auðvitað er það bæði spennandi og krefjandi í senn.

**Áttu kærustu?**
Já, og hún er líka dansari.

**Hvert er takmarkið?**
Það er langt síðan ég náði mínu takmarki, er að vinna í því að búa mér til ný.

**Hvenær varstu hamingjusamastur?**
Ég reyni að gleyma þeim augnablikum jafnóðum svo ég nái í hvert skipti að uppgötva hamingjuna upp á nýtt.

**Hvað þolir þú ekki í fari annarra?**
Ragmennsku.

**Dýrmætasta eignin?**
Sú eign sem ég eyði mestum tíma með: Rúmið mitt.

**Hvar myndir þú búa ef þú hefðir algerlega frjálst val?**
Í háum turni með útsýni yfir haf og fjöll.

**Uppáhaldsplatan þín?**
Andrew.

**Þú ert að fara á grímuball og mátt fara í hvaða búning sem er. Í hverju ferðu?**
Annaðhvort í plötubrynju með hjálm eða sem Ayatollah Khomeni.

**Hvaða lifandi persónu berðu mesta virðingu fyrir?**
Karli föður mínum.

**Hvaða frasa ofnotar þú?**
„Að sjá það fallega í því ljóta.“

**Ef þú ættir tímavél, hvert myndir þú fara og af hverju?**
Endurreisnin hefur alltaf heillað mig, þá voru list og vísindi eitt og uppskriftin að gulli virtist bara handan við hornið.

**Hvað gerir þig þunglyndan?**
Torleyst vandamál og heimskulegar reglur.

**Hvernig slappar þú af?**
Með góða bók eða heiladauður fyrir framan sjónvarpið.

**Áttu þér neyðarlega nautn?**
Ég fæ mér alltaf pönnukökur og kakómalt á sunnudögum.

**Ef þú hefðir ofurafl, hvert myndi þitt vera?**
Að geta stoppað tímann.

**Hvert er uppáhaldsorðið þitt?**
Jamm.

**Ef einhver myndi gera kvikmynd um líf þitt, hver ætti að leika þig?**
Bróðir minn Ólafur E. Egilsson, með góða hárkollu.

**Hvaða lag myndir þú vilja láta spila í jarðarförinni þinni?**
Lamb guðs eftir Samuel Barber.

**Hvernig viltu að fólk minnist þín?**
Sem draumóramanni.

**Hver er mikilvægasta lexían sem þú hefur lært í lífinu?**
Að treysta á eigið innsæi.

**Segðu okkur leyndarmál.**
Guð er heimsfrægur ...

**Hvernig heldurðu tánum í formi?**
Hætti aldrei að hreyfa þær.

**Hvað er næst á dagskrá ?**
Að semja dansverkið Degenerator fyrir Konunglega ballettinn hér í Stokkhólmi, frumsýnt í nóvember 2007.

**Hvað ætlarðu að gera þegar þú hættir að dansa?**
Læra höggmyndagerð, vinna sem danshöfundur, skósmiður ... Listinn virðist vera endalaus.

- Anna Margrét Björnsson

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Gunnlaugur Egilsson

**FÆÐINGARÁR:** 1979. Spurningaspilið Trivial Pursuit var fundið upp í Montreal, Kanada.

**Á HUNDAVAÐI:** Lærði að dansa á Íslandi og í Svíþjóð, hef dansað sem atvinnudansari í Kanada, Sviss og Frakklandi, vinn nú sem dansari og danshöfundur í Stokkhólmi.



## MÆLISTIKAN

### Á uppleið



**Icelandic Fish and Chips – djúsí matur en samt hollur. Börnin lita á borðið og þjónustan er hröð.**



**Peroxíð ljóst hár. Heillitað og skal berast við föla húð og svakalega mikinn eyeliner.**



**Lúsin. Lúsin er á stanslausri uppleið í skólum og er farin að lifa af svæsnustu skordýraeitur.**

**Frakkar. Þeir eru aftur orðnir svalasta þjóð Evrópu með liði eins og Nouvelle Vague, Charlotte Gainsbourg og Air.**

### Á niðurleið



**Silvía Nótt. Bíddu, var brandarinn ekki löngu búinn?**



**Pravda. Heitasti hnakkastaður bæjarins fuðraði upp í ljósum logum. Hnakkarnir flúðu upp Laugaveginn og mættu sjóðandi vatni.**

**Styttur í hári. Konur eiga ekki allar að líta út eins og bankagjaldkerar. Giséle er ekki með brodda og Limahl-klippingu.**

**Sumarföt. Þriggja stiga hiti og slydda bjóða ekki upp á blómakjóla og bera leggi. Not kúl.**




Lækkað verð
Vegna reyklyktar eftir brunann í Austurstræti verða ferða og skólatöskur hjá okkur í Eymundsson Austurstræti seldar með 50% afslætti núna um helgina.
15% afsláttur verður einnig af öðrum vörum í versluninni.
Eftir allsherjar hreingerningu hjá okkur bjóðum við upp á vöfflur og 2 fyrir 1 á öllum kaffidrykkjum.
Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



## HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

### Undanfari mikill tíðinda

„Og einangrunin hefur kennt okkur, að undanfari mikilla tíðinda eru ekki endilega fundir í bakherbergjum stórvelda, að háskinn sé ekki bara í fyrirsögnum stórblaða, heldur líka þegar blár Landróver birtist á hæð og nálgast á mikilli ferð, eins og á vonlausum flótta undan rykorminum sem læst hefur skolti sínum aftaní farartækið og hótar að gleypa það.“

Jón Kalman Stefánsson: Skurðir í rigningu (1996)

### Fjögur göng –

stóð á textaborða með sjónvarpsfréttum 18. mars um leið og fréttamaður las fern göng.

Því miður sést æ oftar ruglingur í notkun fleirtöluorða af þessu tagi. Hann kemur fram á þremur tónleikum, las ég einhvers staðar, og jafnvel sjást fjórar buxur. Einn tónleikur? Ein buxa?

### Spillist yfir í tónlist?

Mbl. 20. mars: „Mugison sagðist vera flökkutík í viðtali við Lesbók á dögunum. Hann flytur þannig búferlum ótt og títt en þetta einkenni hans spillist og yfir í tónlistina …“. Hvað merkir þetta? Er þetta komið frá spill over í ensku? Ekki merkir það að spillast. Og ekki er þetta íslenska.

### Eru börn farin að skíra?

„Öll börn sem skíra í Grafarvogskirkju fá smekk …“ segir í myndatexta í Blaðinu 21. mars. Hroðvirkni, kæruleysi, vanvirðing við tungu og lesendur?

### Þegar kemur að –

er ein tískuvitleysan enn. Í Mbl. 21. mars segir: „Finnsku greppitrýnin í Lordi setja afar háar kröfur um aðstöðu þegar kemur að tónleikahaldi.“ Í sjónvarpsauglýsingu sem tæpast er lögleg segir: „Þegar kemur að ferskum [bjór]…“. „Þegar kemur að ráðningu fólks er horft á alla manneskjuna,“ Mbl. 22. mars. Sjá menn ekki hvað þetta er skelfing asnalegt?

### Á barmi heimsreisu!

„Björk Guðmundsdóttir er á barmi heimsreisu“ – segir í Fréttablaðinu 22. mars, og við skulum vona að hún steypist ekki fram af. Barmur merkir brún, þröm, jaðar o.fl. Menn geta verið eða rambað á barmi örvæntingar og jafnvel glötunar, en um ferðalög ættu blaðamenn að hafa önnur orð.

### Fagnaðarhöld?

„Fagnaðarhöldum frestað í Firðinum,“ segir í fyrirsögn í Fréttablaðinu 11. apríl. Hátíðahöld þekkjum við, veisluhöld, ræðuhöld og jafnvel skepnuhöld. Sömuleiðis veislufagnaður, afmælisfagnaður, sumarfagnaður, o.s.frv. En fagnaðarhöld? Hvað er það?

### Braghenda

Hallberg Hallmundsson sendir þessa ágætu braghendu, baksneidda:

*Löngum hafa lofnarkvæðin létt*
*mér stundir.*
*Dufla títt við dauðasyndir.*
*Drambsöm girndin undir kyndir.*

Ég skora á alla sem vilja vanda málfar sitt að forðast algerlega varðandi, hvað varðar, hvað snertir. Það er ljótt stofnanamál og með öllu óþarft. Notið heldur góðar og gildar og einfaldar forsetningar: um, í, fyrir o.s.frv.

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

---

HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR TALAR FRÁ TEHERAN

# Töfrar Esfahan

Síðan ég kom til Íran þá hefur fólk stanslaust spurt mig hvort ég hafi farið til Esfahan. Allir virðast sammála um töfra Esfahan og að það sé ekki hægt að fara frá Íran án þess að hafa upplifað þennan gimstein persnerskrar menningar. Þannig að þegar Ali sem annars er búsettur á Íslandi hringdi í mig frá Esfahan og sagði mér að koma, stökk ég í næstu flugvél.

Þegar ég lenti í Esfahan mætti mín annað andrúmsloft en í Teheran. Fólkið er í öðrum gír og allt er mun afslappaðra. Þegar ég kom heim til bróður Ali mætti mín í dyrunum kvennager, móttökunefnd með breiðustu brosum sem ég hef séð. Dæturnar voru hver annarri fegurri og persnerskur elegans lak af þeim og móðurinni. Þegar ég mætti var síestan að bresta á og allir að fara leggja sig. Í Esfahan er síestan í hávegum höfð, frá eitt til fjögur eru allir lamaðir. Hádegismaturinn er aðalmáltíðin og svo er lagt sig. Um kvöldið drógu stelpurnar fram hljóðfærin sín og stórfjölskyldan safnaðist saman í stofunni sem breyttist í tónlistarsal með persnerskum söng, dans og gleði.

Esfahan er frægt fyrir íslamskan arkitektúr og óendanlega fallegar moskur og hallir, þar fær maður svo sannarlega tilfinningu fyrir því hversu mikið heimsveldi Persía var. Á Safavid tímabilinu blómstraði persnersk list og arkitektúr og á þeim tíma varð Esfahan höfuðborg þriðja heimsveldis Persíu og blómstraði í valdatíð Shah Abbas (1587 – 1629). Evrópubúar höfðu aldrei séð aðrar eins hallir, moskur og garða og Esfahan fékk viðurnefnið “Esfahan nesf-e jahan” sem þýðir “Esfahan er hálfur heimurinn.” Það er auðvelt að sjá hvaðan sú speki hefur komið.

Imam moskan og Imam torgið er eitt það fegursta sem ég hef séð í heiminum og fer á listann með Taj Mahal. Ég varð orðlaus yfir öllu bláa mósaíkinu og skreytingunum á öllum veggjum og loftum. Hvert sem maður lítur eru byggingar listaverk og andrúmsloftið töfrandi. Við endan á torginu settumst við út á tehús á annarri hæð og sátum þar dágóða stund bara til að meðtaka það sem fyrir augum bar. Ótrúleg töfrandi fegurð og auðvelt að ýminda sér að vera staddur í prinsessuævintýri í 1001 nótt.



HANNA BJÖRK Í ÍRAN

Það er endalaust hægt að skoða í Esfahan, tínast á markaðnum innan um skartgripi og skrautmuni, ganga um garðana og brýnnar og hanga á tehúsum. Öll borgin er eins og eitt stórt safn. En það er samt alltaf magnaðast að vera inn á þessum fjölskyldum. Og af því að Ali var í heimsókn safnaðist stórfjölskyldan alls staðar saman. Og alls staðar var mér tekið með opnum örmum, gestur gestsins er mikilvægari en gesturinn. Fjölskyldan hafði meiri áhyggjur af því að ég borðaði nóg heldur en Ali.

Hvar annars staðar en í Íran getur maður borðað yfir sig af geðveikum heimagerðum mat og þegar maður segir takk fyrir matinn, er svarað takk fyrir að borða matinn okkar. Svo leggst maður afvelta útaf á persnersku teppi á stofugólfinu og rotast af ofáti og þá kemur húsmóðirin með teppi og breiðir yfir mann, og maður leggur sig með ömmunni.



Á kvöldin rýmir fjölskyldan til í stofunni og dýnum, teppum og koddum er rúllað út í beina röð og búið til pulsuverksmiðju fyrir gestina eins og Ali kallaði það. Þar liggja þau í einni röð og sofa eins og pulsur á færibandi. Svo ótrúlega kósí. Í Íran veit maður aldrei hjá hvaða fjölskyldu maður endar með að gista og því betra að hafa alltaf tannburstann í töskunni.

Það sem er mest sjarmerandi við þetta fjölskyldulíf er hversu sjálfum sér nóg þau eru. Það þarf engin tilbúin skemmtiatriði, þau skemmta hvort öðru. Konurnar sameinuðust í eldhúsinu og uppvaskið breytist í söng og dans, trúnó og hlátur. Dansspor eru stigin inn á milli við tónlistina sem ómar alls staðar í bakgrunninum og frænkurnar voru æstar í að kenna mér þennan tælandi persnerska dans. Seiðandi augnaráðið með tilheyrandi mjaðma- og fíngrahreyfingum er nóg til að dáleiða flesta.

Þegar ég kvaddi Esfahan seint um kvöld, þá var það gestrisnin og hlýjan frá fjölskyldu Ali sem skein alls staðar í gegn sem stóð upp úr ferðinni. Það er alltaf hægt að koma og skoða moskurnar, hallirnar, brýnnar og garðana, en að vera ein af fjölskyldunni í nokkra daga er ómetanlegt. Sannir töfrar Esfahan felast í fólkinu.

*hannabjork@gmail.com*
*hannabjork.blogspot.com*

## HELGARKROSSGÁTAN







Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net



BT
MEET THE ROBINSONS
PlayStation.2
MEET THE ROBINSONS
7+
BÍÓMIÐI FYLGIR
Það er þitt hlutverk sem Wilbur að koma í veg fyrir að fortíðinni og framtíðinni verði breytt af tvíeyki nokkru sem eru að rústa öllu. Getur þú komið í veg fyrir það eða mun framtíðin og fortíðin verða að einhverju bulli sem engin skilur?
PS2, NSD
4.999
Xbox 360, Wii
5.499




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Búálfur eða bóndadurgur?

**TRYGGVI GUNNARSSON** VILL NÝJAN ÞJÓÐBÚNING FYRIR KARLANA



Stundum er eins og þjóðerniskennd Íslendinga beinist að öllu öðru en okkur sjálfum. Við montum okkur af besta vatninu, hreinasta loftinu og fallegasta landslaginu. En þegar kemur að sjálfum okkur þá gleypum við við öllu sem erlent er (nema auðvitað innflytjendum).

Ekki nennum við að púkka upp á púkalegu arfleifð okkar. Ekki viljum við syngja þessar asnalegu rímur sem engin laglína er í, gamlar íslenskar hátíðir hafa löngu vikið fyrir kristnum tyllidögum og þjóðbúningar sjást bara á 17. júní og á gömlum konum í fermingum.

Ég vil sjá fleiri íslensk sérkenni í daglegu lífi. Fólk ætti að fá sér mjöð á barnum, súpu úr öskum, og syngja afmælissönginn í fimmund. Og fyrst og fremst ættum við að uppfæra þjóðbúning karla.

Hvort er maður íslenskur kotbóndi eða írskur búálfur í vestinu græna? Ég gekk eitt sinn niður Laugaveginn í búningnum og var stöðugt stoppaður af ferðamönnum sem vildu taka mynd af skrítna gaurnum. Sumir spurðu meira að segja hvar gullpotturinn við enda regnbogans væri? Mér leið eins og ég ætti að halda boltum á lofti og syngja svo hratt að enginn skildi hvað ég væri að segja, helst á meðan annar bóndadurgur í grænu vesti spilaði á banjó og gyðingahörpu.

Mér þætti líka gaman að sjá Ólaf Ragnar í þjóðbúningnum í opinberri heimsókn í Frakklandi. Skotthúfan og hálsklúturinn yrðu frábær landkynning, þó svo ég sé ekki viss um að Dorrit yrði sátt við Óla allan ullaðan.

Ég lýsi hér með eftir nýju sniði fyrir karlbúninginn, alvöru búninginn en ekki svart/hvítan hátíðarbúning. Smá nútímavæðingu, skarpara sniði og aðeins fínni ull (og enga sauðskinnskó). Án efa er einhver búinn að þessu nú þegar og ef svo er þá drífið ykkur í því að koma hugmyndinni á framfæri. Íslenskir karlmenn bíða í ofvæni.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# BT

# OFURVÉLIN




40.000 VERÐLÆKKUN



FYLGIR

9.999

Vönduð Fartölvutaska fylgir! CNXL!

## TOSHIBA

PSPADE-00M00VN5
TOSHIBA SATELLITE P100-454
Intel® Core 2 Duo T5500
17" WXGA HB TrueBrite
- Upplausn 1440 x 900
nVIDIA GeForce Go 7600 128MB
2GB DDR Minni (Mest 4GB)
100GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort
Kortalesari 5 - 1
Firewire - DV Ready
Vökvaþolið lyklaborð
Microsoft® Windows® Vista Premium
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote ™ 2003
2 ára alþjóðleg ábyrgð

**149.999**

179.999

**Intel Core 2 Duo**
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**nVidia GeForce Go 7600**
Aflmikið skjákort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**100GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 100GB hörðum disk.

**Windows Vista Premium**
Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

BT LÁN™

| BT | BT | BT |
|---|---|---|
| 14.691* | 8.238** | 5.937*** |
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

## LACIE FLAKKARAR

LACIE



Auðvelt að taka afrit!

300728EK
250GB LaCie Porsche **12.999**

300968E
320GB LaCie Porsche **15.999**

301103E
500GB LaCie Porsche **19.999**

## 22" OFURSKJÁR

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS



5ms Svartími

S26361-K1155-V170
22"FSC SCALEOVIEW 5MS
22" Widescreen LCD skjár
DVI og D-Sub (VGA) tengi
1680 x 1050 upplausn
Innbygðir hátalarar
16.7 milljón litir
Birta 300 cd/m2
Skerpa 700:1
5ms svartími

**37.999**

## SJÓÐHEITT SUMARTILBOÐ

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

CCN:ISL-100512-001
FSC SCALEO H CORE2 VISTA
Intel Core 2 Duo E6300 örgjörvi
- 2MB, 1066MHz FSB, LGA775
nVidia GeForce 7300LE 256MB
- TV-out, DVI
1024MB Vinnsluminni DDR2 667
250GB Harður diskur (SATA)
Media Bay að framanverðu
DVD Skrifari
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð og mús

Microsoft Windows Vista Premium
Microsoft Works
Norton Internet Suite 2006
2 ára alþjóðleg ábyrgð






**119.999**

149.999

30.000 VERÐLÆKKUN

**Intel Core 2 Duo**
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**nVidia GeForce 7300LE 256MB**
Aflmikið skjákort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

**1GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**250GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 250GB hörðum disk.

**Windows Vista Premium**
Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

BT LÁN™

| BT | BT | BT |
|---|---|---|
| 10.024* | 5.542** | 4.008*** |
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

**!** **Kl. 14.00**
*Kvintett Jóels Pálssonar leikur á Jazzhátíð Garðabæjar. Sveitina skipa auk Jóels þeir Hilmar Jensson, Davíð Þór Jónsson, Valdimar K. Sigurjónsson og Matthías Hemstock. Tónleikarnir fara fram í sal Tónlistarskóla Garðabæjar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Blásið til vortónleika*

Það þótti eitt sinn fremur lúðalegt að vera í lúðrasveit en nú er öldin önnur. Að undanförnu hafa lúðrablásarar fengið uppreist æru og nú þykja þeir hinir svölustu meðal hljóðfæraleikara, ekki síst vegna framtaks Bjarkar Guðmundsdóttur sem nú ferðast með tíu blásarastúlkum um heiminn.

Lúðrasveitin Svanur hefur löngum verið uppeldisstöð fyrir blásturshljóðfæraleikara og í dag gefst áhugasömum hlustendum tækifæri á að njóta þess besta sem sveit sú hefur upp á að bjóða. Sveitin heldur vortónleika sína í Neskirkju kl. 16 undir stjórn Rúnars Óskarssonar.



Á efniskránni má meðal annars finna verkin „Sögur af sæbjúgum“ eftir Össur Geirsson og lagasyrpu úr West Side Story eftir Leonard Bernstein. Sérstakur gestur á tónleikunum verður Einar Jóhannesson klarinettuleikari sem mun stíga á svið og leika einleik í verkinu Clarinet on the town eftir Ralph Hermann.

Það verður líklega enginn svikinn af hressandi blæstri á Melunum í dag.

**ENGIR LÚÐAR Í LÚÐRASVEITUM** Lúðrasveitin Svanur heldur vortónleika sína í Neskirkju í dag.

**>Ekki missa af...**



**söngleiknum Gretti sem verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu annað kvöld.**

**ljósmyndasýningu Katrínar Elvarsdóttur í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu.**

**tónleikum frönsku snillinganna í Nouvelle Vague í Hafnarhúsinu um næstu helgi.**



**FÉLAGAR ÚR KAMMERHÓPNUM CAMERARCTICA** Hið víðfræga verk Oliviers Messiaen mun án efa njóta sín vel í kirkjunni.

# Endalok tímans

Kammerhópurinn Camerarctica flytur kvartett eftir Olivier Messiaen í Hallgrímskirkju á morgun. Verkið „Kvartett um endalok tímans“ samdi Messiaen árið 1940 þegar hann var fangi Þjóðverja í fangabúðunum í Görliz.

Verkið var frumflutt í fangabúðunum 15. janúar árið 1941 af tónskáldinu og samföngum hans en þar dvöldust einnig fiðluleikari, klarinettuleikari og sellóleikari auk Messiaens sjálfs sem var orgel- og píanóleikari. Í fangabúðunum þar sem tíminn hætti næstum að vera til urðu andstæðurnar um tímann og eilífðina tónskáldinu hugleiknar. Í formála verksins er tilvitnun í Opinberunarbók Jóhannesar þar sem fjallað er um heimsendi. Tónskáldið skrifar þar að hljóðfæraskipanin hafi dregið athygli hans að þögulli dýrkun og þeirri friðarsýn sem fylgja myndu heimsendi. Á þessum tíma inniog útilokunar varð honum hugsað til þeirra grundvallarkrafta sem stjórna lífinu og miðlaði því í þessu víðfræga verki.

Á tónleikunum mun Ármann Helgason leika á klarinett, Hildigunnur Halldórsdóttir leikur á fiðlu, Sigurður Halldórsson strýkur strengi sellósins og Örn Magnússon leikur á Bösendorfer flygilinn.

Tónleikarnir hefjast kl. 17 og er miðasala við innganginn.

# Nútímafólk á stríðstímum

**Er hægt að vera hlutlaus þegar það geisar stríð fyrir utan gluggann hjá þér? Það er ekki friðvænlegt í Sædýrasafninu, nýju leikriti frönsku skáldkonunnar Marie Darrieussecq.**

Rithöfundurinn Darrieussecq hefur dálæti á Íslandi en fyrsta leikritið hennar verður heimsfrumsýnt hjá Þjóðleikhúsinu á næsta leikári. Hún er stödd hér á landi í sinni sjöttu Íslandsheimsókn og kynnir verk sitt í Þjóðleikhúskjallaranum kl. 15 í dag.

Darrieussecq segist hafa séð fyrir sér fólk í glerhúsi, innilokun og raka og þess vegna ákvað hún að sögusvið verksins væri sædýrasafn. „Verkið fjallar um par sem rekur slíkt safn en þeirra daglega lífi er ógnað því það geysar stríð í landinu. Gamlir vinir þeirra skjóta upp kollinum en þau eru orðið flóttafólk - því þarf að finna þeim stað, gefa þeim að borða og svo framvegis. Síðan bætist herforingi við og stríðið færist nær þeim. Stærsta spurningin í verkinu er sú hvort hægt sé að vera hlutlaus í stríði, mun þetta fólk berjast eða ekki.“

Darrieussecq útskýrir að breytt heimsmynd kalli á nýja hugsun og að eftir fall Berlínarmúrsins og hryðjuverkaárásirnar í New York og Madrid hafi veröldin skroppið saman. Hún segir að vinir sínir frá Líbanon hafi hrundið af stað hugleiðingum hennar um stöðu nútímafólks gagnvart stríðsátökum. „Vinir mínir frá Líbanon upplifðu stríð í sínu heimalandi og það litar þeirra lífsbaráttu og barnanna þeirra. Ég tel við getum ekki verið hlutlaus lengur. Það var kannski hægt á tímum kalda stríðsins en ekki lengur.“

Marie Darrieussecq sló í gegn með fyrstu skáldsögu sinni, Gyltingu, árið 1996. Skáldsagan varð metsölubók í Frakklandi og hefur verið þýdd á fjölda tungumála, þar meðal annars á íslensku. Darrieussecq hefur sent frá sér nokkrar skáldsögur og smásagnasafn. Íslenska þýðingu á verkinu gerir rithöfundurinn Sjón í samvinnu við höfundinn en þau Marie er miklir vinir. Fjölmargir aðrir íslenskir listamenn sem betur eru þekktir fyrir störf sín utan leikhússins munu koma að uppsetningunni, auk leikara Þjóðleikhússins.

Leikstjóri sýningarinnar verður hinn virti samlandi Marie, Arthur Nauzyciel, sem nýlega leikstýrði gestaleiksýningunni Ímyndunarveikinni í Þjóðleikhúsinu.

Kynningin í dag er einn af viðburðum í Viku bókarinnar og liður í frönsku menningarkynningunni Pourquoi Pas – Franskt vor á Íslandi. Á kynningunni verður fjallað um höfundinn og leikritið á íslensku, leikkonurnar Brynhildur Guðjónsdóttir og Margrét Vilhjálmsdóttir lesa úr verkum höfundar á ensku og íslensku, og að lokum verða pallborðsumræður á ensku með þátttöku Marie Darrieussecq og Arthur Nauzyciel, leikstjóra væntanlegrar sýningar. Melkorka Tekla Ólafsdóttir stýrir umræðum en þar verður meðal annars rætt um höfundarverk Darrieussecq, Sædýrasafnið og listrænar áherslur höfundar og leikstjóra. kristrun@frettabladid.is



**LEIKSKÁLDIÐ OG RITHÖFUNDURINN MARIE DARRIEUSSECQ** Heimsfrumsýning á nýju verki frönsku skáldkonunnar verður í Þjóðleikhúsinu á komandi leikári.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**AÐALFUNDUR**

ÍSLENZKRA SÍMAMANNA FÉLAG F·Í·S

**FRAMHALD AÐALFUNDAR FÍS**

**Framhald á aðalfundi Félags íslenskra símamanna 2007 verður haldinn að Stórhöfða 31, 1. hæð**
*(gengið inn Grafarvogsmeginn)*
**þriðjudaginn 24. apríl kl. 18.00**

**Dagskrá**

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreyting
   Félagsmenn þurfa að vera búnir að greiða í 1 ár til að fá úthlutað úr Starfsmenntunarsjóði (í stað 2 ár)
3. Önnur mál

*Stjórn Félags ísl. símamanna*



Létt spjall

Framsókn í Reykjavík býður þér í létt spjall alla laugardaga kl. 11:00-13:00 fram að kosingum á kosningaskrifstofunni Skógarhlíð 20 (Ýmishúsinu).

Líttu við og hittu frambjóðendur.
Allir velkomnir !

XB 2007

Kosningaskrifstofa í Reykjavík, Skógarhlíð 20, 105 Reykjavík, sími: 582 9499, reykjavik@framsokn.is

Framsókn



## High Definition stafræn myndbandstökuvél

**139.950,-**

SONY

HDRHC5
HD 1080i upptaka
Carl Zeiss Vario-Sonnar linsa
2,7" Clear Photo LCD Plus snertiskjár
HDMI

# Sony Handycam

## fyrir sumarið 2007

## Stafræn myndbandstökuvél

**39.950,-**

SONY

DCRHC37
Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
40x optical aðdráttur
Tengistöð
Fjarstýring





## Stafræn tökuvél með hörðum diski

**79.950,-**

SONY

DCRSR72
41 klst. Upptaka á 60GB harðan disk
3G fallvörn
w2,7" Hybrid LCD snertiskjár
MemoryStick Duo

**Sony Center Kringlunni**

www.sonycenter.is sími: 588 7669

# Réttvísi, pólitík og Ketill

Fjalakötturinn heldur áfram að sýna spennandi heimildarmyndir en þar er nú sjónum beint að franska kvikmyndagerðarmanninum Raymond Depardon. Á morgun gefst gestum í Tjarnarbíói einnig kostur á að sjá brot úr heimildarmynd um fjöllistamanninn Ketil Larsen sem myndlistarmaðurinn og leikarinn Tómas Lemarquis gerir ásamt Joseph Marzolla.

Í myndinni er Katli Larsen fylgt eftir í sínu daglega amstri. Listamaðurinn hefur gaman af því að segja sögur sem hann tekur upp á lítið upptökutæki en sögurnar færa hlustendur sína inn í annan og ævintýralegri heim. Sýnt verður stutt brot úr myndinni og að því loknu verða umræður um frásagnartækni heimildarmynda þar sem þátttakendur verða Joseph Marzolla, Vera Sölvadóttir og Sólveig Anspach.

Fjalakötturinn sýnir þrjár myndir eftir Depardon en hann vinnur eftirminnilega á mótum kvikmynda- og ljósmyndalistar. Hann hóf feril sinn sem blaðamaður og ljósmyndari en fór síðar að útbúa fréttir fyrir sjónvarp og kvikmyndahús og upp úr því að gera heimildarmyndir. Á þeim rúmlega fjörutíu árum sem eru liðin frá því að hann gerði sína fyrstu mynd er hann orðinn að einum virtasta leikstjóra Frakklands.

Á morgun verða sýndar tvær myndir hans, „Byltingargjörnu árin“ þar sem Depardon fer yfir feril sinn sem fréttaljósmyndari en í myndinni „10. salur, myndbrot úr réttarhöldum“ fá áhorfendur að fylgjast með réttarhöldum í dómshúsi í tíunda hverfinu í París. Depardon kynnir sér tólf dómsmál og líf karla og kvenna sem komist hafa í kast við lögin. Á undan síðarnefndu myndinni verður kynning á fyrrgreindri heimildarmynd um Ketil Larsen en áætluð frumsýning hennar er í haust.

Síðasta mynd sunnudagskvöldsins verður endursýning Reykjavík Documentary Workshop á heimildarmyndinni Pryrechnyy.

Á mánudagskvöldið verða síðan sýndar tvær myndir Depardons til viðbótar. Í myndinni „Gróf brot“ fylgir Depardon eftir lögbrjótum allt frá því að þeir eru handteknir þar til þeir eru komnir á lögreglustöðina og hitta saksóknarann og verjanda sinn en í „1974, sneiðmynd úr sveitinni“ er viðfangið fyrrum fjármálaráðherra Frakka, Valéry Giscard d'Estaing, og kosningaherferð hans árið 1974 þar sem Depardon fylgdi honum eftir í hverju spori og fangaði sjaldgæf augnablik í sögu franskra stjórnmála.



**SÖGUMAÐUR Á HEIMAVELLI** Ný heimildarmynd um fjöllistamanninn Ketil Larsen verður kynnt hjá Fjalakettinum á morgun.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

18 19 20 **21** 22 23 24

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 15.30 Tónleikar á **Jazzhátíð Garðabæjar** til heiðurs **Árna Elfari** og **Óla Steph**. **Agnar Már Magnússon** leikur ásamt hljómsveit í **Tónlistarskóla Garðabæjar**.

☐ 17.00 **Breiðfirðingakórinn** heldur vortónleika sína í **Grafarvogskirkju**. Kórstóri er **Hrönn Helgadóttir** en meðleikari **Peter Máté**. Aukinheldur syngur óperudúettinn **Stefán Stefánsson** og **Davíð Ólafsson** nokkur lög.

☐ 17.00 **Tónleikarröð útskriftarnema Listaháskóla Íslands**. **Sólbjörg Björnsdóttir**, sópran mun syngja við orgelundirspil föður sins **Björns Steinars Sólbergssonar** á tónleikum í **Hallgrímskirkju**. Á efnisskránni eru verk eftir m.a Áskel Másson, Atla Heimi Sveinsson, Jón Leifs, Johann Sebastian Bach, Maurice Ravel og Gabriel Fauré.

### LEIKLIST

☐ 20.00 **Stúdentaleikhúsið** sýnir **Eximasjón** í gömlu kartöflugeymslunum í **Ártúnsbrekku**. Leikstjóri er **Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.**

### OPNANIR



☐ 13.00 Listamaðurinn **Birgir**


60' Hljómsveitin Special í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport
21. apríl Uppselt
22. apríl Uppselt
28. apríl Uppselt
29. apríl Uppselt
3. maí Uppselt
6. maí Laus sæti
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fim 3/5 kl. 20 Síðasta sýning

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Þri 24/4 kl. 20 Mið 25/4 kl. 20
Síðustu sýningar

**LADDI 6-TUGUR**
Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Lau 5/5 kl. 14 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14
Mán 4/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl.20 UPPS. Sun 22/4 kl.20 UPPS.
Mið 25/4 kl.20 UPPS. Lau 28/4 kl.20 UPPS.
Sun 29/4 kl. UPPS. Fim 3/5kl.20 UPPS.
Sun 6/5 kl. 20 Fim 10/5 kl. 20 UPPS.
Fös 11/5 kl. 20 UPPS. Lau 12/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

**DAGUR VONAR**
Fim 26/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Mið 16/5 kl. 20
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Í kvöld kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20

**KILLER JOE**
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Í kvöld kl. 20
Síðasta sýning í vor

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 2/5 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ





**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus,** sun. 29/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus.og kl. 17:00.**
Síðustu sýningar!
**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld, lau. 21/4 **nokkur sæti laus,** fim. 26/4 **örfá sæti laus**, fös. 27/4 **uppselt, lau. 28/4, fös. 4/5, lau. 5/5.**
**Ath. nemendaafslátinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.**
**CYMBELINE** eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 **örfá sæti laus**, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5.
**HÁTÍÐARSÝNING FÍLD** - félags íslenskra listdansara
Mið. 25/4 kl. 20:00. Miðaverð kr. 2.200,-. Fyrir dansnema kr. 1.800,-

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**HÁLSFESTI HELENU** eftir Carole Fréchette.
Í kvöld, lau. 21/4 **örfá sæti laus**, fös. 27/4 **örfá sæti laus**, lau. 5/5. **Umræður eftir sýningu með Jóhönnu Kristjánsdóttur í kvöld, 21/4 og Sveini Rúnari Haukssyni 27/4 og 5/5.**

**Kassinn**

**HJÓNABANDSGLÆPIR** eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Í kvöld, lau. 21/4 **uppselt**, fim. 26/4 **uppselt**, fös. 27/4 **uppselt,** lau. 28/4 **örfá sæti laus,** sun. 29/4 **uppselt,** fim. 3/5 **uppselt,** fös. 4/5 **uppselt**, lau. 5/5 **uppselt**, sun. 6/5 **örfá sæti laus**. sun. 13/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5.

**Kúlan**

**MJALLHVÍT** Brúðusýning Helgu Arnalds.
Í dag, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00, sun.29/4 kl. 15:00.
Aðeins þessar sýningar!
**Í SKÓLA TÍMANS** - Leikin dagskrá Sigurðar Skúlasonar og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur.
Lau. 28/4 kl. 17:00 uppselt, þri. 1/5 kl. 16:00 **nokkur sæti laus**, mið. 2/5 kl. 20:00 nokkur sæti laus. Aðeins þessar þrjár sýningar!

**Þjóðleikhúskjallarinn**

**LJÓTU HÁLFVITARNIR og TÚPÍLAKAR** - Með skemmtilegustu hljómsveitum landsins!
Lau. 21/4 kl. 22:00. **Miðasala við innganginn. Miðaverð kr. 1.500,-**
**LEIKFÉLAGIÐ HUGLEIKUR** - Þetta mánaðarlega
Sun. 22/4 og fim. 26/4. **Sýning hefst kl. 21:00. Miðaverð kr. 1.000,-**

Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00
á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00.
Miðasölusími 551-1200. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

**Viðburðir Landnámsseturs í apríl**

**lau 21. apríl** kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**
**su 22. apríl** kl. 16
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**má 23. apríl** kl. 20
Brúðuleikhús Turak - **ókeypis aðgangur**
**fö 27. apríl** kl. 20
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**lau.28.apríl** kl 16 **aukasýning**
Mr.Skallagrímsson **uppselt**
**lau. 28. apríl** kl. 20
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**su. 29 aprríl** kl. 16 **aukasýning**
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**su 29. apríl** kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 22. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Sun 29. apríl kl. 14.00 laus sæti
Sun 29. apríl kl. 17.00 laus sæti
Sun. 6. maí kl. 14.00
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

CAMERATA DRAMMATICA
Tónleikar 28. apríl kl. 20 – Barokktónlist eftir Händel, Corelli o. fl.
Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson og Marta Guðrún Halldórsdóttir Miðaverð kr. 2.500

SÖNGVARABALL
30. apríl kl. 20 – Veislustjóri: Davíð Ólafsson
Sardas-strengjasveitin, Stórsveit Suðurnesja,„Tenórinn“ o. fl. góðir gestir Miðaverð kr. 3.000

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN



# Nýsmíðar óma

Fyrstu tónleikar af þremur í nýrri 15:15 tónleikasyrpu fara fram í Norræna húsinu á morgun. Röðin einkennist af fjölda frumfluttra verka sem hafa verið samin fyrir þetta tilefni.

Á tónleikunum leika Katie Buckley hörpuleikari og Frank Aarnink slagverksleikari verk fyrir hörpu og slagverk og frumflytja verkin Leyndir dansar eftir Oliver Kentish, Eindir eftir Önnu Þorvaldsdóttur og Nýtt verk eftir Úlfar I. Haraldsson sem öll eru samin fyrir Katie og Frank. Að auki leika þau verkin Skeljar eftir Daníel Bjarnason og Svítu fyrir hörpu eftir Benjamin Britten. Katie og Frank eru bæði félagar í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Tónleikarnir hefjast kl. 15.15



**FRANK AARNINK SLAGVERKSLEIKARI** Ný verk í Norræna húsinu á morgun.

# Samið til dýrðar Drottni

Kammerkór Reykjavíkur og VÍS-kórinn halda tónleika í Seltjarnarneskirkju á morgun og flytja verk eftir Antonio Vivaldi. Kórunum til fulltingis er kammersveit undir handleiðslu Martins Frewer en einsöngvarar koma úr röðum kórfélaga. Stjórnandi er Björn Thorarensen.

Kórarnir flytja Glóríu í D-dúr sem er þekktasta kirkjutónlistarverk barokktónskáldsins og Laetatus sum í F-dúr sem óvíst er að hafi verið flutt hér á landi fyrr. Síðarnefnda verkið er samið við 122. Davíðssálm: „Ég varð glaður er menn sögðu við mig: Göngum í hús Drottins."

VÍS-kórinn lýkur með þessum tónleikum sínu fjórða starfsári.



**TÓNSKÁLDIÐ ANTONIO VIVALDI** Háralitur tónskáldsins nýtur sín ekki vel á þessari mynd en hann hafði viðurnefnið „Rauði presturinn".

Hann er að mestu skipaður starfsfólki Vátryggingafélags Íslands og hefur frá upphafi leitast við að ráðast í metnaðarfyllri og meira krefjandi verkefni en gengur og gerist með starfsmannakóra hérlendis. Björn Thorarensen hefur stýrt kórnum frá upphafi. Kammerkór Reykjavíkur fagnar fimm ára afmæli sínu um þessar mundir og hélt upp á þau tímamót með velheppnuðum afmælistónleikum í Laugarneskirkju í mars. Kórinn er skipaður þjálfuðu söngfólki og hefur ráðist í fjölbreytt verkefni á þeim fimm árum sem hann hefur starfað. Björn tók við stjórn hans fyrir síðustu áramót.

Tónleikarnir á morgun hefjast kl. 17.

**Breiðdal** opnar sýningu í **Gallerí List** í **Skipholti 50a.** Birgir er búsettur á Ítalíu og starfar sem arkitekt og hönnuður. Málverkin á sýningunni bera augljós tengsl við arkitektúr. Þetta er 5. einkasýning listamannsins

☐ 15.00 **Leifur Þorsteinsson** opnar sýningu á **litljósmyndum** í **Grafíksafni Íslands-sal íslenskrar grafíkur**, Tryggvagötu 17. Sýningin verður opin fim. til sun. frá kl. 14-18.

## SKEMMTANIR

☐ 01.00 Hljómsveitin **Gus Gus** heldur tónleika á **Nasa**.

☐ 22.30 Þingeysku gleðisveitirnar **Túpílakar** og **Ljótu hálfvitarnir** spila og sprella í **Þjóðleikhúskjallaranum**. Húsið opnað kl. 20.

## MÁLÞING

☐ 13.30 **Félag um átjándu aldar fræði** gengst fyrir málþingi um **Tómas Sæmundsson Fjölnismann** í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðunnar. Fluttir verða fjórir fyrirlestrar þar sem fjallað verður um Tómas og hin margvíslegu tengsl hans, þar á meðal um vináttu hans og **Jónasar Hallgrímssonar**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Draumalandið

*eftir Andra Snæ Magnason*

21. apríl lau. 9 sýning kl 20
28. apríl lau. 10 sýning kl 20
5. maí lau. 11 sýning kl 20
12. maí lau. 12 sýning kl 20

***Síðustu sýningar!***

**HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ**
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU
25. starfsár





*Olivier Messiaen:*
*Kvartett um endalok tímans*
Tónleikar í Hallgrímskirkju sunnudaginn 22. apríl kl. 17.

*Flytjendur:*
Kammerhópurinn **Camerarctica**
Ármann Helgason klarinett, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðla, Sigurður Halldórsson selló og Örn Magnússon píanó.

Reykjavíkurborg

Miðaverð kr. 1500/ 750 fyrir listvini, eldri borgara, öryrkja og námsfólk.
**Sjá nánar listvinafelag.is.**




## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR



**Aðdáendur** „uber“ hönnuðarins Tom Ford, sem vann bæði hjá Gucci og YSL, gleðjast því hann ætlar nú að frumsýna eigin hönnun í nýrri búð á Madison Avenue í New York. „Forsýningin“ var á fimmtudaginn með tilheyrandi stjörnufans.

**Næsta andlit** snyrtivörumerkisins Cover Girl er leikkonan Drew Barrymore sem því fetar í fótspor Molly Sims og Christie Brinkley.

**Ítalski hönnuðurinn** Alberta Ferretti mun koma með nýja línu fyrir ungar stúlkur næsta sumar.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**Vatnshelda kremaða augnskugga** í geggjuðum litum frá Shiseido. Fæst í Sigurboganum, Laugavegi.



**Prjónahúfu** frá einu svalasta merki ársins, Girl and the Gorrilla. Fæst í Kisunni, Laugavegi.



**Súper chic tösku** frá Sonia Rykiel. Fæst í Kisunni, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# Baðkrísan mikla

Frá örófi alda hafa böð verið mikill lúxus og stór liður í fegurð kvenna. Persónulega líst mér best á tíma Rómverja og Egypta þegar mörgum tímum var eytt í böð úr fínustu ilmolíum eða jafnvel liggjandi í mjólk og hunangi eins og Kleópatra. Ég hafði mjög gaman af að uppgötva baðmenningu Japana þegar ég bjó þar í hálft ár. Þar er bað hálfgerð trúarathöfn: fyrst sturtar maður sig og þvær áður en maður stígur nakinn ofan í heitt, stílhreint kerið og eys yfir sig vatni úr fögrum sedrusviðarskálum. Ekkert er jafn róandi, slakandi og munúðarfullt og að liggja í heitu ilmandi baði enda ef til vill kærkomin minning úr móðurkviði. En nú er ég, hinn forfallni baðfíkill, að fara á límingunum yfir ástandi baðsins heima hjá mér. Fyrir utan það að börn fatta ekki að plastendur og Playmobil-geimskip passa ekki við hið „zen“-lega baðumhverfi sem ég vil skapa mér, þá missti sonur minn risastóra glerflösku af rándýru Coté Bastide freyðibaði á baðkarsbotninn þar sem nú er stórt, ljótt gat í keramíkinni. Nýjasti meðlimur heimilisins, Abyssiníuköttur með undarlega siði, vill helst hoppa ofan í bað með öllum sem þangað fara sem er vægast sagt ekki til að bæta rólegheitin. Til að toppa þessa atburðarrás þá hvarf kalda vatnið gersamlega fyrir skömmu sem þýðir að maður annaðhvort skaðbrennist eða þarf að nota forljóta tupperware skál til að ausa yfir sig volgu vatni (því að sjálfsögðu svíkur pípulagningamaðurinn mig að vanda). Í fyrradag var ég gráti nær og hringdi í vinkonu mína í örvilnan, það var annaðhvort hún eða rándýrt meðlimakort í LaugarSpa þar sem maður þarf að baða sig með ógnvekjandi miðaldra karlmönnum og saumaklúbbum með sellúlít. Hálftíma síðar lá ég sátt heima hjá henni við kertaljós í hornbaðkari fylltu freyðandi möndlusápu og dreypti á rauðvínsglasi á meðan ég ákvað að næstu mánaðarlaun færu í gagngerar bað-endurbætur áður en sálarheilsan bæri af þessu varanlegan skaða.



**Kleópatra var ekki af baki dottin:** Settu tvo bolla af þurrmjólk í baðið, mjólk hreinsar dauðar húðfrumur og endurnærir húðina.

**Ilmböð hafa misjöfn áhrif á skapið.** Dr. Hauschka baðsápa er í uppáhaldi hjá mér og fæst í tveimur gerðum, slakandi og örvandi.






**COCO CHANEL** á fjórða áratugnum, með perlufesti og rauðan varalit.

### 5 leiðir að Chanel-útlitinu

1. **Svartur beinn jakki, helst með bryddingum.**
2. **Hvítar skyrtur, einfaldar eða með blúndu, undir svartri peysu eða vesti**
3. **Litapallettan á helst að haldast við svart, hvítt og beige.**
4. **Notaðu svartar sokkabuxur við einfalda hvíta kjóla og notaðu svartar slaufur óspart.**
5. **Rauður varalitur og perlufesti fullkomnar hið klassíska Chanel-útlit.**



**PERLUFESTI** Full komnar Chanel-lúkkið og fer við allt. Frá Dyrberg og Kjern.

**GUÐDÓMLEG PEYSA** Þessi svart-hvíta kragapeysa gæti ekki verið einfaldari. Frá Whistles, Kringlunni.

**SUMARLEGUR** Kremlitur kjóll með svörtum hlýrum og belti frá Whistles, Kringlunni.





**„HOT PANTS“** Hvítt og gyllt frá sumarlínunni 2007



**KLASSÍSKT EN FRAMTÍÐARLEGT** Hvítur kjóll með svörtum bryddingum og lakkbelti. Takið eftir rokkaralegum hönskunum í stíl.

# STÍLL SNÝST EKKI BARA UM TÍSKU...“

„Ég hef alltaf gefið mig hundrað prósent í allt sem ég hef tekið mér fyrir hendur,“ sagði Mademoiselle Chanel, ein frægasta tískudrottning allra tíma. Gabrielle „Coco“ Chanel var einstaklega vel gefin kona. Hún var snillingur í samræðulist, framúrskarandi reiðkona og fær í stangveiði. Chanel varð fyrst kvenna til þess að stílfæra karlmannsföt og sníða þau fyrir hina praktísku, útivinnandi konu. Hún stalst oft í jakkaföt vina sinna sem hún breytti svo eftir eigin sniði. Einn besti félagi hennar, hertoginn breski af Westminster veitti henni innblástur í klassískar Chanel-flíkur eins og blazer-jakka úr tweed-efnum, víðar kápur með belti, klassískar peysur með skyrtukrögum undir og hnepptum ermum. Mademoiselle Chanel hafði einstakt dálæti á kamillu-blóminu sem hún notaði óspart í munstrum og skartgripum. Úr svítu sinni á Ritz-hótelinu í París horfði hún yfir hið fagra Place Vendôme torg, en sexhyrnt lag þess endurspeglast til dæmis í úrum og öðrum fylgihlutum frá Chanel. Hún boðaði þá nýbreytni að kona gæti gengið í sömu dragtinni að degi til og að kvöldlagi án þess að skipta um föt. Hið klassíska Chanel lógó var hannað árið 1921 og enn í dag er það afar nútímalegt. Frægasta ilmvatn í heimi er auðvitað Chanel no. 5: einstök blanda af blómailmi og er enn í dag eitt mest selda ilmvatnið. Chanel-taskan með frægu leður- og gullkeðjunni varð einnig til af praktískum ástæðum: áður fyrr þurftu konur alltaf að halda á veskjunum sínum en Mademoiselle fann upp þessa hugvitsamlegu en elegant lausn á að bera töskur á öxlinni. Coco Chanel dó árið 1971 en eins og hún hafði vonað skildi hún eftir sig klassískan stíl sem á eftir að lifa að eilífu. Árið 1982 tók þýski fatahönnuðurinn Karl Lagerfeld við yfirhönnun Chanel og tókst að halda í klassísk gildi Chanel en krydda þau ætíð með örlitlum útúrdúrum. Í sumar koma þunnir sjiffonkjólar yfir hvíta boli sterkt inn ásamt „hot pants“ stuttbuxum úr pallíettuefnum og silfruðum og gylltum málmáferðum. Fyrir vetrarlínuna 2007-2008 poppar Lagerfeld litapallettu Chanel upp með túrkisbláu, gylltu og rauðu og notast mikið við köflótt efni í skoskum stíl. Einfaldi svarti kjóllinn sem Chanel gerði frægan var framúrstefnulegur í ár, með beigelitum lakksaumum og skór voru rokkaðir og uppháir.



annabjornsson@frettabladid.is


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Þú mátt vera lengur úti
í 66° Norður.
Vorum að opna glænýja verslun í Smáralind
Kíktu í heimsókn og klæddu þig vel.
Reykjavík: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12.
Garðabær: Miðhraun 11. Akureyri: Glerárgata 32. Keflavík: Leifsstöð
og söluaðilar um land allt.
www.66north.is
Klæddu þig vel
66°
NORDUR






**EKKI ALKI** Lindsay Lohan telur sig ekki vera alka þrátt fyrir að hafa farið í meðferð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Lohan segist ekki vera alki

Leikkonan Lindsay Lohan segist ekki vera áfengissjúklingur þrátt fyrir að hafa farið í meðferð nýlega. „Mér leið mjög vel í meðferðinni og var örugg. Og ég var þarna í mánuð. Þar með er ég ekki viss um að ég sé endilega fíkill eða alki,“ segir hún. Lindsay viðurkennir þó að hafa hagað sér óviðurkvæmilega og hafi þurft að róa sig niður.

# Segir RÚV ekki hafa viljað sig

**Deila Kristjáns Hreinssonar og Sveins Rúnars Sigurðssonar um enskan texta Eurovision-lagsins er enn og aftur komin í hnút. Fréttablaðinu hefur borist yfirlýsing frá Sveini Rúnari eftir að blaðið birti frétt um að Kristján hefði haft sigur í deilunni og myndi fá greitt fyrir vinnu sem hann hefði innt af hendi.**

Í yfirlýsingunni fer Sveinn Rúnar hörðum orðum um samskipti sín við Skerjafjarðarskáldið. „Engin skuldbinding var um að starfa áfram með Kristjáni Hreinssyni kæmi til sigurs í forkeppni Sjónvarpsins fyrir Eurovision,“ segir Sveinn Rúnar. „Peter Fenner [sem semur textann við Valentine´s Lost] sendi mér textann óumbeðið og ég sendi hann rakleitt áfram á Kristján,“ segir Sveinn Rúnar. „Sem notaði heilu og hálfu hendingarnar úr texta Peters þannig að mér var ekki stætt á að notast við hann,“ bætir hann við.

Sveinn Rúnar segir að Kristján hafi í einum af tölvupóstum sínum til sín lýst því yfir að önnur leið en lagaleg væri best til þess fallin að hann myndi ná fram markmiðum sínum. „Það kom nýlega í ljós að sú leið fólst í því að bíða átekta uns geisladiskur hópsins kæmi út og halda því fram að ekki hefði fengist leyfi til að notast við einn texta hans,“ útskýrir Sveinn Rúnar og bætir því við að tvö vitni hafi borið því við að Kristján hafi gefið umrætt leyfi. „Ég taldi heppilegast þrátt fyrir álit lögmanns míns að um augljóslega kúgun væri að ræða að fórna ekki meiri hagsmunum fyrir minni og fallast á kröfur Kristjáns,“ segir Sveinn.



**SVEINN RÚNAR** Segist hafa látið undan kröfum Kristjáns þótt lögfræðingur hans hafi ráðið honum frá því.

Fréttablaðið hafði samband við Vigni Snæ Vigfússon sem er sagður vera eitt þessara vitna í tölvupósti sem Sveinn Rúnar skrifaði Kristjáni Hreinssyni. „Á þessum tíma voru menn að gera tónlist í sátt og samlyndi í upptökuveri og þá bjóst maður ekki við öðru en að lagið kæmi út eins og gengur og gerist í þessum bransa. Hvað síðar fór fram á milli þeirra Sveins og Kristjáns get ég ekkert tjáð mig um,“ segir Vignir. „Mér finnst þessar deilur milli þeirra tveggja vera mjög leiðinlegar og ég hefði síður kosið að nafn mitt yrði dregið inn í þær.“

Kristján Hreinsson, sem hingað til hefur ekki viljað tjá sig um málið við fjölmiðla, gaf á sér færi í gær vegna yfirlýsingar Sveins. „Það sem gerðist eftir að Sveinn Rúnar hafði tekið þá ákvörðun að nota ekki minn texta, sem heitir To be or Not to be, skiptir mig engu máli,“ segir Kristján en bætir við: „Sveinn Rúnar sagði við mig, bæði skriflega og munnlega, að ástæðan fyrir því að ég væri ekki með í keppninni væri fyrst og fremst sú að RÚV vildi ekki að ég kæmi þarna nærri,“ bætir Kristján við og segir reyndar að þegar hann hafi leitað svara hjá forsvarsmönnum RÚV vegna þessara yfirlýsinga hafi ekki fengist neitt nema loðin svör. Fréttablaðið hefur undir höndum tölvupóst þar sem Sveinn Rúnar skrifar til Kristjáns: „Þetta er verkefni RÚV, RÚV ræður þessu, þú þarft að leita til þeirra með þetta mál. Ég er ekki upphafsmaður þessa máls,“ skrifar Sveinn í tölvupósti 1. mars, um það leyti sem þessar deilur eru að koma upp.



**KRISTJÁN HREINSSON** Sakar Svein Rúnar um lygar en málið er enn og aftur komið í einn allsherjarhnút.

„Þarna var Sveinn búinn að ákveða að texti Fenners yrði notaður en ekki minn,“ útskýrir Kristján. „Sveinn segir jafnframt að ég hafi gefið afdráttarlaust leyfi fyrir að nota textann Nótt eftir nótt í október. Það fyndna við þetta er að textinn varð ekki til fyrr en í nóvember. Ég get sannað það með tölvupóstsamskiptum að þessi texti var ekki til þá,“ segir Kristján en Fréttablaðið hefur undir höndum tölvupóst þar sem Vignir Snær Vigfússon og Gunnar Þór Jónsson staðfesta að Kristján hafi afdráttarlaust leyfi fyrir textanum. „Þetta eru bara lygar og ég get sannað það með tölvupósti að umræddur texti hafi ekki einu sinni verið til,“ segir Kristján.

Kristján bendir á að fyrst engin skuldbinding hafi verið gefin um að hann myndi semja enska textann og fyrst að hann á að hafa gefið leyfið fyrir notkun á textanum Nótt eftir nótt, af hverju gangi Sveinn Rúnar þá að öllum kröfum hans? „Það er skemmtileg kaldhæðni örlaganna að Sveinn Rúnar Sigurðsson þurfi að opinbera heiðarleika sinn á þennan hátt,“ segir Kristján.

freyrgigja@frettabladid.is



# Tarantino tilnefndur

Leikstjórarnir Quentin Tarantino og Gus Van Sant eru á meðal þeirra sem eru tilnefndir fyrir nýjustu myndir sínar á Cannes-kvikmyndahátíðinni í Frakklandi sem hefst 16. maí. Verður hátíðin sú sextugasta í röðinni.



**TARANTINO** Quentin Tarantino er tilnefndur til Gullpálmans fyrir mynd sína Death Proof.

Mynd Tarantinos, Death Proof, og Paranoid Park eftir Van Sant eru tilnefndar til Gullpálmans. Auk þess eru Coen-bræður tilnefndir fyrir spennumyndina No Country For Old Men. Tarantino vann Gullpálmann árið 1994 fyrir Pulp Fiction og Van Sant vann árið 2003 fyrir myndina Elephant.

Á meðal þeirra mynda sem verða frumsýndar á hátíðinni en etja ekki kappi um Gullpálmann er heimildarmyndin Sicko eftir Michael Moore, sem fjallar um heilbrigðiskerfi Bandaríkjanna, og A Mighty Hearth í leikstjórn Michaels Winterbottom. Fjallar hún um morðið á blaðamanninum Daniel Pearl og fer Angelina Jolie með aðalhlutverkið.




# Frábært verð

Nýkomin sending af vönduðum ítölskum sófasettum
Mikið úrval

**Sófasett 3+1+1**
Með koníaksbrúnu leðri eða dökkbrúnu leðri á aðeins kr.
**229.000.-**
m/slitsterku áklæði kr. 198.000.-

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Opið kl. 10-18 Laugard. 11-16 Sími 581-2275 ■ 568-5375




**JÓGVAN** Sigurvegari X-factor verður á meðal dómara í Smáralind.

# Jógvan og Hara dæma

Stjörnurnar úr X-factor, Jógvan, Guðbjörg og Harasysturnar Hildur og Rakel verða dómarar í karókíkeppni fyrir krakka á aldrinum 7-14 ára sem verður haldin í Smáralind á sunnudag.

Sigurvegari keppninnar hlýtur að launum dvöl í sumarbúðunum Ævintýraland sem eru í Grunnskólanum á Hellu. Skráning í karókíkeppnina stendur yfir frá klukkan 13 í dag og hefst keppnin sjálf klukkan 14. Ellý X-factor dómari verður á staðnum til að hvetja krakkana til dáða.



**SKÁTAR** Hljómsveitin Skátar spilar í Stúdentakjallaranum í kvöld.

# Tónleikar og Snuff!

Hljómsveitirnar Plúseinn, Reykjavík! og Skátar ætla að blása til sjón- og tónlistarveislu í Stúdentakjallaranum í kvöld. Auk tónleika sveitanna verður sýnd hin goðsagnarkennda kvikmynd SNUFF! frá árinu 1976, sem var leikstýrt af hjónunum Michael og Roberta Findlay.

Plúseinn ættu þó nokkrir að þekkja undir nafninu Árni + 1. Árni er m.a. í hljómsveitunum Hairdoctor, FM Belfast og Motion Boys. Reykjavík! sendi frá sér frumburð sinn, Glacial Landscapes, Opression and Alcohol, á síðasta ári við mikla hrifningu. Skátar gaf fyrir skömmu út plötuna Ghost of the Bollocks to Come og spilar sveitin á sínum öðrum tónleikum í langan tíma.

Sjón- og tónveislan byrjar kl. 22.00 og kostar 500 krónur inn.




STÓR MEIRIHLUTI KYNFERÐISOFBELDISMANNA ÞEKKJA BARNIÐ EÐA TENGJAST FJÖLSKYLDU ÞESS.

Kynferðisofbeldismönnum er treyst af fjölskyldunni og barninu. Þeir eru í aðstöðu til að "lokka" börn með ástúð og athygli þannig að börnin eiga erfitt með að greina þá athygli sem misnotkun. Þeir verja miklum óáreittum tíma með barninu og gefa því gjafir og peninga að tilefnislausu ... Kynferðisofbeldismenn eru flestir mjög viðkunnalegir.

Kynferðislegt ofbeldi á börnum er glæpur. Kynntu þér hvernig þú getur leitað eftir aðstoð á ***www.blattafram.is.*** Ef velferð barns er í húfi hringdu þá í síma *112*.

**Rjúfum þögnina!**

ÞÖGNIN ER VERSTI ÓVINURINN

BLÁTT ÁFRAM!
WWW.BLATTAFRAM.IS

actavis ÍS HESTAR









# Tónleikaferðin hefst í kvöld

Rokksveitin Sign hefur mánaðarlanga tónleikaferð sína um Bretland í kvöld. Mun sveitin hita upp fyrir bresku hljómsveitina The Wildhearts í ferðinni.

„Þetta verður mjög spennandi. Við höfum aldrei farið í svona langan túr,“ segir trommarinn Egill Rafnsson. „Það er alltaf gaman að spila fyrir nýtt fólk og ferðast hérna um.“ Egill segist afar spenntur fyrir því að hita upp fyrir The Wildhearts. „Þeir eru allir orðnir edrú í dag en þeir voru svolítið villtir. Ég og Ragnar [Sólberg] vorum með risastórt plakat af söngvaranum uppi á vegg án þess að hafa heyrt í þeim, bara af því að hann var svo flottur.“ Að sögn Egils ætla þeir félagar að reyna að semja nýtt efni á meðan tónleikaferðin stendur.

Fyrstu tónleikarnir fara fram á Koko þar sem tímaritið Kerrang! stendur fyrir árlegu klúbbakvöldi. Í nýjasta tölublaði Kerrang! er greint frá komu Sign til Bretlands auk þess sem plakat með sveitinni er birt í miðju tímaritsins. Sign spilar á tuttugu tónleikum alls og lýkur ferðinni í Leicester hinn 17. maí. **- fb**



**SIGN** Hljómsveitin Sign er á leiðinni í tónleikaferð um Bretland.


FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Söngskólinn í Reykjavík

Unglingadeild yngri 11-13 ára
Unglingadeild eldri 14-15 ára
*Almenn deild*
Grunnnám / Miðnám / Framhaldsnám
*Háskóladeild*
Einsöngsnám / Söngkennaranám
Umsóknarfrestur um skólavist veturinn 2007-08 er til 30. apríl 2007
Inntökupróf fara fram 20.-31. maí



Nokkrir nemendur í Unglingadeild eldri

Söngskólinn í Reykjavík er einn fremsti tónlistarskóli landsins og býður upp á alhliða tónlistarnám með söngröddina sem aðalhljóðfæri



Úr sýningu Nemendaóperunnar á "Algjör draumur"

Þjóðlagasöngur / Söngleikjatónlist
Ljóðadeild / Óperudeild
Sviðshreyfingar / Nemendaópera
Umsækjendur eru minntir á að sækja einnig um á https://rafraen.reykjavik.is
Frekari upplýsingar fást á skrifstofu skólans Snorrabraut 54, sími 552 7366 og á heimasíðunni songskolinn.is



Úr sýningu Nemendaóperunnar á "Show business!"




**GUS GUS** Hljómsveitin Gus Gus heldur tónleika á Nasa í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Gus Gus í kvöld

Hljómsveitin Gus Gus heldur tónleika á Nasa í kvöld. Ákveðið var að blása til tónleikanna vegna þess að mun færri komust að en vildu á útgáfutónleika sveitarinnar í síðasta mánuði vegna útgáfu plötunnar Forever.

Þetta verða síðustu tónleikar Gus Gus hérlendis áður en sveitin fer í tónleikaferð um Evrópu. Forsala aðgöngumiða fer fram í verslunum Skífunnar, BT Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi og á midi.is. Miðaverð er 2.500 krónur í forsölu. Húsið verður opnað klukkan 23.00 og fer Gus Gus á svið klukkan eitt.




**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BREACH | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.12 | BECAUSE I SAID SO | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | Leyfð |
| TÍMAMÓT | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð | MRS POTTER | kl. 5:40 | Leyfð |
| THE GOOD SHEPERD | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.12 | 300. | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SHOOTER | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.16 | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | Leyfð |
| SHOOTER VIP | kl. 1:30 - 4 - 8 - 10:40 | | ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL | kl. 1 - 1:30 -3-3:40-5:50 | Leyfð |
| THE GOOD SHEPERD | kl. 8 - 10:40 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:20 | b.i 7 |
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i.16 | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| BREACH | kl. 1:40 - 3:50 - 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.12 | |
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i.16 | |
| ROBINSON FJÖLSK... M/- ÍSL TAL | kl. 1:50 - 4 - 6:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE RO...M/- ENSKU Tali | kl. 8:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10 | B.i.16 | DIGITAL |
| NORBIT | kl. 1:50 - 3:50 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| SHOOTER | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 2- 4 - 6 | Leyfð |
| HAPPILY NEVER AFTER | kl. 2 | Leyfð |
| MEET THE ROBINSONS | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| HOT FUZZ | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BECAUSE I SAID SO | kl. 8 - 10:20 | Leyfð |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| MEET THE ROBINSSON | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 6 | b.i 7 |
| THE MESSENGERS | kl. 8 - 10 | B.i.16 |

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 www.SAMbio.is


# Spiderman heillar

Bono og The Edge úr írsku hljómsveitinni U2 ætla að semja tónlist og texta fyrir söngleik um hasarhetjuna Spiderman sem á að setja upp á Broadway.

Leikstjóri söngleiksins verður Julie Taymor, sem vann tvenn Tony-verðlaun fyrir söngleikinn Lion King sem var frumsýndur árið 1998. Þetta verður í fyrsta sinn sem hasarhetja úr teiknimyndasögum Marvels kemst á Broadway.



**BONO OG THE EDGE** Meðlimir U2 ætla að semja lög og texta fyrir Spiderman-söngleik.

Bono og The Edge hafa áður samið tónlist við uppfærslu Konunglega Shakespeare-hópsins á kvikmyndinni A Clockwork Orange. Ásamt hljómsveitinni U2 sömdu þeir einnig aðallag kvikmyndarinnar Batman Forever, Hold Me, Thrill Me, Kiss Me, Kill Me, árið 1995.

Þriðja kvikmyndin um köngulóarmanninn Pétur Parker verður frumsýnd í maí.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Rapparinn **50 Cent** hefur verið skikkaður til að borga um 650 þúsund krónur í meðlag til fyrrverandi kærustu sinnar. Rapparinn hefur verið fundinn sekur um að sinna ekki uppeldi sonar síns með því að leggja ekki til neitt fé. 50 Cent, eða **Curtis Jackson** eins og hann heitir réttu nafni, mætti fyrir rétt í New York á mánudaginn. Dómarinn fyrirskipaði að hann skyldi greiða 650 þúsund krónur í vangoldið meðlag. Auk þess skyldi hann hér eftir greiða um eina milljón króna mánaðarlega í meðlag með syni sínum.





NÚTÍMALEGT LAGANÁM

SKILAR ÞÉR Í FREMSTU RÖÐ



**Við lagadeild Háskólans í Reykjavík er í boði metnaðarfullt og nútímalegt laganám sem miðar að því að útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi lögfræðingar og í fremstu röð á sínu sviði.**

Lagadeild HR er brautryðjandi í nútímavæðingu laganáms hér á landi, hvort sem litið er til skipulags námsins eða kennsluaðferða. Vorið 2007 útskrifar lagadeild fyrstu laganemana með fullnaðarpróf í lögfræði eftir fimm ára grunn- og meistaranám.

Sérstaða lagadeildar HR:

- Lögð er áhersla á hefðbundnar greinar lögfræðinnar en einnig á nýjar kjarnagreinar s.s. skattarétt, samkeppnisrétt, fjármálaþjónusturétt, hugverkarétt o. fl.
- Stöðugt og fjölbreytt námsmat fer fram, m.a. í formi miðannarprófa og raunhæfra verkefna.
- Námið er krefjandi, hagnýtt og framsækið og fer fram undir leiðsögn afburða kennara.
- Áhersla er lögð á nútímalegt laganám sem er sniðið að þörfum atvinnulífsins og þátttöku íslenskra lögfræðinga í þeirri þróun.
- Vinnuaðstaða nemenda er til fyrirmyndar. Nemendur fá aðgangskort að skólanum. Skólinn og bókasafnið eru opin allan sólarhringinn, allan ársins hring.

**Opið fyrir umsóknir núna.**

Kynntu þér námið á heimasíðu Háskólans í Reykjavík, www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1 • SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

## > Guðjón farinn til Englands

Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, hélt í morgun utan til Englands þar sem hann verður fram í næstu viku að ræða við leikmenn sem hann vill fá í raðir Skagamanna. Ekki er útséð með hvort hinn reyndi varnarmaður Burnley, John McGreal, gengur í raðir Skagamanna en persónulegar ástæður hafa hingað til aftrað honum frá því að gefa Skagamönnum jákvætt svar. Skagamenn hafa áður sagt að þeir vilji bæta tveim til þrem leikmönnum við hópinn fyrir mót og því eru miklar vonir bundnar við þessa ferð Guðjóns.



**sport**

sport@frettabladid.is

**KNATTSPYRNULIÐ BREIÐABLIKS**: VANN ALLA SÍNA LEIKI Í RIÐLAKEPPNI LENGJUBIKARSINS

# *Frammistaðan mikilvægari en úrslitin*



Riðlakeppni Lengjubikarsins lauk í vikunni og í fyrsta sinn síðan núverandi fyrirkomulag var tekið upp á keppninni hefur liði tekist að vinna alla sína leiki í riðlinum. Breiðablik vann KR á fimmtudaginn og þar með alla sjö leiki sína í riðlinum.

„Það er búið að ganga eins og í sögu og erum við afar sáttir, bæði með úrslitin og spilamennsku liðsins," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks.

„Ég er mjög ánægður með leikmannahópinn eins og hann lítur út í dag. Það eru ekki miklar breytingar á hópnum frá því í fyrra en mannskapurinn kemur afar vel undan vetrinum. Ég er ánægður með alla leikmenn og það eru margir sem hafa bætt sig í vetur."

Það er gömul saga og ný að gott gengi á undirbúningstímabilinu er ekki ávísun á gott gengi á Íslandsmótinu.

„Það er eins og með allt annað. Lið geta unnið tvo leiki í röð í deildinni og tapað þeim næsta. En hverjir eru það sem koma oftast með þessa klisju? Eru það ekki liðin sem eru ekki að spila vel?"

Ólafur segir þó að hann sé fyrst og fremst ánægður með frammistöðu liðsins á vellinum. „Við höfum lagt ríka áherslu á það að taka það sem við gerum á æfingum inn í leikina. Á meðan að það gerist og leikmenn eru einbeittir sjá úrslitin um sig sjálf. Frammistaðan í leikjum okkar í vetur er í raun meira virði en úrslitin."

Liðin virðast taka keppnina af mismikilli alvöru en Ólafur segist hafa tekið þá ákvörðun snemma að leggja ríka áherslu á deildabikarinn.

„Nú stendur til að lengja tímabilið og því tilfallið að hefja undirbúninginn þannig að liðið er í sæmilegu ástandi í deildabikarnum. Nú þurfum við að læra af þessum leikjum og kynnast sigurtilfinningunni. Úrslitin sýna að þetta er vel hægt."



**HLYNUR SIGMARSSON** Vill gera Serbaleikinn í sumar að stærsta handboltaleik sögunnar á Íslandi.

Hlynur Sigmarsson:

## Vill fá Serbana í Egilshöllina

**HANDBOLTI Eyjamaðurinn Hlynur Sigmarsson tók sæti í stjórn HSÍ í vikunni og hann býður ekki boðanna með að láta til sín taka.**

**Á heimasíðu ÍBV, ibv.is, var í gær birtur listi yfir þau atriði sem Hlynur vill koma í verk hjá HSÍ. Er óhætt að segja að margt veki þar athygli.**

**Eyjamaðurinn er stórhuga sem fyrr og hann hefur þegar stungið upp á því að landsleikurinn gegn Serbum, sem fram fer hinn 17. júní næstkomandi, verði haldinn í Egilshöll en áætlað er að spila leikinn í Laugardalshöllinni.**

**„Ég tel að við eigum að byrja núna á því að gera landsleik karlalandsliðsins gegn Serbum að stærsta handboltaviðburði sem fram hefur farið á Íslandi með því að færa hann í Egilshöllina og skapa þar umgjörð og umfjöllun sem aldrei hefur sést hér landi fyrr," stendur á heimasíðu ÍBV.**

**Verður áhugavert að sjá hvort Hlyni tekst að láta þennan draum sinn verða að veruleika.**

- hbg

# Leikmenn ÍA sendir í eins og hálfs mínútu ísbað eftir æfingar og leiki

**Það er ekkert elsku mamma í þjálfunaraðferðum Skagamannsins Guðjóns Þórðarsonar. Hann hefur tekið leikmenn sína til kostanna í vetur og kynnt þá fyrir nýjungum. Þar á meðal eru eins og hálfs til tveggja mínútna ísböð utan dyra. Ekki dugir að dýfa tánum í heldur vaða menn ísbaðið alveg upp að eyrum.**

**FÓTBOLTI** „Strákunum er skellt í ísbað í fiskkari. Ég er með tvö kör úti fyrir framan búningsklefana og strákarnir eru sendir ofan í eftir erfiða æfingu eða leiki. Það eru tveir í einu," sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, spurður um hvort það væri rétt að hann sendi sína menn í ísböð utandyra eftir æfingar. „Ég er að hugsa um að taka fjölmiðlamennina líka því þessi böð skerpa blóðflæðið og hressir blóðstreymið til heilans líka. Ykkur er velkomið að koma og prófa," sagði Guðjón kátur og léttur.

„Menn þurfa að fara í baðið alveg upp að eyrum og eru ofan í baðinu í svona eina og hálfa mínútu til tvær. Það kemst enginn upp með að vera styttra en það. Ég stend yfir þeim með skeiðklukkuna þannig að menn ná ekkert að svindla á þessu," sagði Guðjón sem er ekki í nokkrum vafa um að aðferðin virki.

„Ég byrjaði á þessu hjá Stoke þegar við fórum í æfingaferð til Austurríkis. Þetta skilar sér, Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Það hefur engum orðið meint af og þvert á móti þá styrkir þetta ónæmiskerfið. Þessi aðferð er mikið notuð á Englandi og atvinnumennirnir nota þetta mikið. Bæði í fótbolta og rúbbí."

Slíkum þjálfunaraðferðum eiga leikmenn ÍA ekki beint að venjast. Héldu menn nokkuð að kallinn væri orðinn klikkaður þegar Guðjón tilkynnti þeim hvað stæði til?

„Það var snjófjúk og kuldi úti þegar við byrjuðum á þessu og þá fannst þeim þetta frekar hrottalegt. Því er ekki að neita," sagði Guðjón en voru engar mótbárur frá leikmönnum? „Það hafa margir reynt að segja eitthvað við mig eins og þú veist en það þýðir ekkert. Það voru engar málamiðlanir í boði."

Fréttablaðinu er ekki kunnugt um að fleiri lið hér á landi noti slíka aðferð en FH-ingar hafa notað svipaða aðferð í æfingaferðum erlendis. Helsti munurinn er sá að þeir fara aðeins hálfir ofan í.

„Það er ekki nóg að fara bara með helminginn. Það er bara fyrir aumingja. Menn eiga að fara alveg upp að eyrum. Þannig virkar þetta," sagði Guðjón en 19 ára gamall sonur hans, Atli, hefur setið lengst allra í karinu góða. „Hann sat í þrjár og hálfa eða fjórar minnir mig. Þetta er spurning um viljastyrk."

Guðjón segist vera með liðið í góðu líkamlegu ástandi fyrir sumarið enda hafa leikmenn tekið vel á því.

„Við erum búnir að æfa mikið í vetur. Strákarnir verða í betra standi en áður. Ég er samt ekkert hættur með þá og ætla að koma þeim í enn betra stand fyrir sumarið 2008," sagði Guðjón en nokkur meiðsli hafa verið í þunnum hópi Skagamanna.

„Heimir Einarsson er meiddur en hann kemur vonandi fljótt til baka. Þórður og Kári byrja að æfa á fullu eftir helgina og Guðjón Heiðar fór í aðgerð en byrjar að æfa eftir næstu helgi. Við vitum samt ekki hvenær hann verður orðinn leikfær," sagði Guðjón Þórðarson.

henry@frettabladid.is



**ÍSMAÐURINN** Guðjón Þórðarson var iðulega kallaður Ísmaðurinn þegar hann stýrði félögum á Englandi. Hann stendur fyllilega undir þeirri nafngift hér á landi líka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta.

MICHELIN BFGoodrich Tires

pitstop

SUMARDEKK Á FRÁBÆRU VERÐI



Gæðakaffi, nettengd tölva, tímarit og blöð – fyrir þig meðan þú bíður.

Nú á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu – þjónusta í fyrirrúmi.



pitstop Dugguvogi 10 ☎ 568 2020



pitstop Skeifunni 5 ☎ 568 2025



pitstop Hjallahrauni 4 Hfj. ☎ 565 2121

# NÝ TÓNLIST




1.890

Avril Lavigne
The Best Damn Thing



1.890

Nine Inch Nails
Year Zero



999

Avril Lavigne
Let Go



999

Avril Lavigne
Under My Skin




999

Nine Inch Nails
Broken EP



999

Nine Inch Nails
Downward Spiral



2.999

Nine Ince Nails
Beside You In Time DVD




999

Nine Inch Nails
Live and All That Could Have B



999

Nine Inch Nails
The Fragile 2cd




3.299

Nine Inch Nails Live:
And All That Could 2DVD

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

SKÍFAN

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI

Valsmenn geta orðið Íslandsmeistarar með sigri á Haukum á sunnudaginn:

# Margt líkt með árunum 1988 og 2007

**HANDBOLTI** Valsmenn geta á sunnudaginn orðið Íslandsmeistarar í handbolta í fyrsta sinn í níu ár þegar liðið heimsækir Hauka á Ásvelli. Með sigri vinna Valsmenn titilinn í 21. sinn en Íslandsbikarinn hefur ekki komið á Hlíðarenda síðan vorið 1998.

Það er margt líkt með stöðu Valsmanna nú og þeirri fyrir 19 árum. Þá voru Valsmenn nýbúnir að taka í notkun nýtt íþróttahús (eru að byggja nýtt hús núna), þeir höfðu í kjölfar langrar sigurgöngu á undan ekki unnið titilinn í níu ár, liðið var skipað ungum og efnilegum leikmönnum sem höfðu verið nokkur ár í eldlínunni en aldrei unnið titilinn og á milli þeirra og Íslandsbikarsins stóð Hafnarfjarðarlið þjálfað af Viggó Sigurðssyni. Viggó er reyndar aðstoðarþjálfari Hauka og þjálfaði FH fyrir 19 árum síðan. Það er ekki hægt að neita því að það er mjög margt í stöðu Valsmanna í dag sem minnir á þá fyrir 19 árum síðan.

Veturinn 1987 til 1988 vann Valur titilinn eftir harða keppni við FH-inga. Valsmenn tryggðu sér titilinn með 26-23 sigri á FH í lokaleiknum sem fram fór 30. mars fyrir troðfullu húsi á Hlíðarenda. Valsmenn urðu að vinna leikinn því jafntefli hefði dugað FH-liðinu til að vinna titilinn.

Vorið 1988 höfðu Valsmenn höfðu ekki unnið titilinn síðan árið 1979 þegar þeir unnu titilinn þriðja árið í röð en lið þeirra í þá daga bar viðurnefnið Mulningsvélin. Vorið 1998 voru Valsmenn að vinna Íslandsbikarinn í fimmta skiptið á sex árum og liðið vann titilinn fjögur ár í röð frá 1993 til 1996 þar sem Ólafur Stefánsson, og Dagur Sigurðsson voru í aðalhlutverki.

Valsmenn vörðu titilinn 1989, unnu hann aftur 1991 og árið 1998 voru þeir búnir að verða Íslandsmeistarar átta sinnum á ellefu tímabilum. Síðan þá hefur ekkert gengið, liðið komst næst titlinum vorið 2002 þegar þeir misstu niður 2-0 forustu í úrslitaeinvíginu á móti KA. Valsmenn eru því orðnir langþreyttir yfir biðinni eftir Íslandsbikarnum.

- óój



**EINN Í VIÐBÓT** Atli Rúnar Steinþórsson, Davíð Höskuldsson, Ingvar Árnason, Arnór Gunnarsson, Gunnar Harðarson og Ægir Hrafn Jónsson fagna sigri á ÍR um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Von á annarri frábærri úrslitakeppni

**Dallas, Phoenix og San Antonio eru sigurstranglegust í úrslitakeppni NBA sem hefst í kvöld og titilvörn Miami verður enginn dans á rósum. Mesta spennan er í einvígjum Toronto-New Jersey og Chicago-Miami.**

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppni NBA-deildarinnar í körfubolta hefst um helgina. Fjögur einvígi 16 liða úrslitanna hefjast í kvöld og hin fjögur á morgun. Búist er við harðri baráttu milli Dallas, Phoenix og San Antonio í vesturdeildinni en þrátt fyrir lakari deild austan megin eru meistarar Miami ekki líklegir til að komast aftur í úrslitin. Þeir gætu jafnvel dottið úr úr fyrstu umferð enda ekki með heimavallarrétt gegn Chicago Bulls sem vann þrjá af fjórum leikjum liðanna í vetur.

Úrslitakeppnin í fyrra var frábær skemmtun, uppfull af spennandi leikjum og dramatískum einvígum. Alls fóru tíu leikir í framlengingu. Það þykir boða gott fyrir úrslitakeppnina í ár að LA Lakers, Chicago Bulls og Washington Wizards fá öll tækifæri til að hefna fyrir töp í þremur af jöfnustu einvígjunum í fyrra.

Eitt allra jafnasta einvígi síðasta árs var glíma Lakers og Phoenix Suns. Lakers komst í 3-1 en Phoenix vann þrjá síðustu leikina og komst áfram. Phoenix teflir fram sterkara liði í ár og munar þar mestu um Amare Stoudemire og Suns ættu að komast áfram án vandamála.

Það hefur verið mikil harka í leikjum Miami Heat og Chicago Bulls. Margir hafa talað um að ein allra erfiðasta sería Heat í fyrra hafi einmitt verið á móti Chicago í fyrstu umferð. Miami vann tvo síðustu leikina en staðan var jöfn fyrir lokaleikhlutann í fimmta leiknum og leikmenn Chicago hafa talað um að sigur í þeim leik hefði breytt öllu.

Meistaravörn Miami Heat hefur verið nær samfelld sorgarsaga meiðsla og veikinda leikmanna sem þjálfara. Liðið var stóran hluta tímabilsins án þeirra Shaquille O´Neal og Dwyane Wade og það eru fáir sem sjá liðið vinna titilinn á ný. Gamlir og meiddir skrokkar munu hreinlega ekki halda út.

Það er líka ljóst að lið Detroit Pistons bíður handan við hornið og það er yrði annað mjög erfitt einvígi fyrir meistarana í Miami Heat. Pistons-liðið var með besta árangurinn í austrinu og er líklegasta liðið á austurströndinni til þess að komast í úrslitin.

Eitt fróðlegasta einvígið á vesturströndinni er viðureign San Antonio Spurs og Denver Nuggets. Í aðalhlutverkum hjá Denver eru tveir af stigahæstu leikmönnum deildarinnar, Carmelo Anthony og Allen Iverson og liðið endaði tímabilið frábærlega með því að vinna 9 af síðustu 10 leikjum sínum. San Antonio Spurs þykir alltaf líklegt til afreka en verkefni liðsins gæti orðið strembið á móti Denver sem er að leika sinn besta bolta í vetur. Spurs-liðið hefur gríðarlega reynslu og mikla sigurhefð og fer örugglega langt ásamt Dallas og Phoenix.

Dallas Mavericks komst í 2-0 í lokaúrslitunum í fyrra og var á góðri leið með að vinna sinn fyrsta meistaratitil. Miami vann hins vegar fjóra leiki í röð og þar með titilinn. Dallas náði besta árangri allra liða í deildarkeppninni í vetur og er eitt fárra liða í sögunni sem hefur náð að vinna 67 leiki á einu tímabili. Það er því ljóst að lærisveinar Avery Johnson eru liðið til að vinna úrslitakeppnina í ár. „Við höfum talað um að vinna meistaratitilinn frá fyrsta degi tímabilsins,“ sagði Avery Johnson.Í fyrstu umferðinni mætir hann fyrrverandi meistara sínum hjá Dallas, Don Nelsen, sem nú þjálfar lið Golden State Warriors sem er nú komið í úrslitakeppnina í fyrsta sinn í þrettán ár.

Þegar spá fjögurra bandarískra sérfræðinga er skoðuð kemur í ljós að mesta óvissan ætti að vera í kringum einvígi Toronto-New Jersey og Chicago-Miami.

ooj@frettabladid.is



**HVOR VERÐUR Á UNDAN?** Vinirnir Dirk Nowitzki hjá Dallas og Steve Nash hjá Phoenix gera báðir atlögu að fyrsta titli sínum í ár. NORDIC PHOTOS/GETTY

## SPÁ SÉRFRÆÐINGANNA

Hér á eftir fer spá fjögurra bandarískra sérfræðinga yfir það hvernig fyrsta umferð úrslitakeppni NBA-deildarinnar fer. Þetta eru þeir Marc Stein á ESPN, Steve Kerr á Yahoo, David DuPree á USA Today og Marty Burns á CNN. Einvígi austurdeildar eru á undan.

| | |
|---|---|
| **Detroit-Orlando** | |
| Stein: 4-0 | Kerr: 4-1 |
| DuPree: 4-1 | Burns: 4-0 |
| **Cleveland-Washington** | |
| Stein: 4-0 | Kerr: 4-1 |
| DuPree: 4-0 | Burns: 4-0 |
| **Toronto-New Jersey** | |
| Stein: 2-4 | Kerr: 4-3 |
| DuPree: 2-4 | Burns: 4-3 |
| **Chicago-Miami** | |
| Stein: 2-4 | Kerr: 4-2 |
| DuPree: 2-4 | Burns: 4-3 |
| **Dallas-Golden State** | |
| Stein: 4-1 | Kerr: 4-1 |
| DuPree: 4-1 | Burns: 4-1 |
| **Phoenix-LA Lakers** | |
| Stein: 4-1 | Kerr: 4-2 |
| DuPree: 4-2 | Burns: 4-1 |
| **San Antonio-Denver** | |
| Stein: 4-2 | Kerr: 4-2 |
| DuPree: 4-2 | Burns: 4-1 |
| **Houston-Utah** | |
| Stein: 4-2 | Kerr: 4-1 |
| DuPree: 4-1 | Burns: 4-3 |



**ÓÞOLINMÓÐUR** Javier Saviola er farinn að íhuga brottför frá Nou Camp. NORDIC PHOTOS/GETTY

Framtíð Javier Saviola:

## Fær ekki samning hjá Barca

**FÓTBOLTI** **Argentínumaðurinn Javier Saviola hefur gefið upp vonina um að fá nýjan samning hjá Barcelona. Hann hélt blaðamannafund þar sem hann sagðist vera farinn að skoða tilboð frá öðrum liðum.**

**Þessi 25 ára framherji hefur skorað 12 mörk fyrir Börsunga í vetur þar af 7 þeirra í spænska bikarnum en samkeppnin um sæti í liðinu er hörð og það getur okkar maður, Eiður Smári Guðjohnsen, vottað. Barcelona keypti Saviola frá River Plate 2001 en frá árinu 2003 hefur hann verið utan garðs hjá liðinu.**

**Saviola var lánaður til Mónakó 2004 og til Sevilla í fyrra en virtist vera að ná fótfestu í upphafi þessa árs þegar hann nýtti tækifærin sín vel. Saviola er ekki sáttur við að fá ekki nýjan samning og vill því leita annað þegar samningur hans rennur út í júní.**

- óój



**EGGERT OG DEIN** Eggert Magnússon og David Dein eru góðir vinir eins og sjá má. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hreyfingar í Arsenal:

## Kroenke eignast 12% í Arsenal

**FÓTBOLTI** Bandaríski auðkýfingurinn Stan Kroenke á nú 12 prósenta hlut í enska úrvalsdeildarfélaginu Arsenal. Hann hefur haldið áfram að kaupa hlutabréf í félaginu þrátt fyrir að vinur hans, David Dein, sagði starfi sínu lausu sem varastjórnarformaður Arsenal eftir 24 ára starf hjá félaginu.

Talið er að ágreiningur um framtíðarsýn félagsins hafi verið orsök þess að Dein hætti. Peter Hill-Wood, stjórnarformaður Arsenal, hefur áður sagt að honum myndi „hrylla við að sjá eignarhald félagsins fara yfir Atlantshafið“.

- esá


TOYO TIRES



Ekki fara heim með ókunnugum!

Þú getur treyst TOYO dekkjunum til að koma þér öruggum heim.

UNDANFARIN ÁTTA ÁR #1 TOYO TIRES BESTU DEKKIN

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - S: 590 2000

NESDEKK
Sími 561 4110

# LAGER SALA

MIKIÐ ÚRVAL

NÝJAR VÖRUR

## DVD MYNDIR



699

699

699

699

1.599

TAKMARKAÐ MAGN

## TÓNLIST



1.499

999

999

## PSP LEIKIR



2.999

1.999

3.999

## PC LEIKIR



2.999

1.999

1.499

## XBOX LEIKIR



1.499

2.999

1.999

TÓNLIST
TÖLVULEIKIR

DVD MYNDIR
DVD TÓNLIST

SKEIFUNNI 17

OPIÐ ALLA HELGINA:
11:00 -19:00

## > ANTHONY HOPKINS

Maðurinn á bak við mannætuna Hannibal Lecter, Anthony Hopkins, leggur mikið á sig fyrir hverja mynd. Hann les línur sínar upphátt allt að 250 sinnum og æfir minnið með því að læra eitt nýtt ljóð á viku. Hægt verður að berja Anthony augum í myndinni Aðkomumaðurinn í Sjónvarpinu kl. 22.30.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ TVEIMUR HASARHETJUM

# Engin miskunn hjá Seagal og Craig

Hasarmyndir geta verið fínasta afþreying og nýverið sá ég tvær slíkar, aðra með útbrunninni hasarhetju og hina með glænýrri og spengilegri sem er rétt að hefja hasarferilinn.

Fyrst var í tækinu Hard to Kill, ein af fyrstu myndunum sem vöktu athygli á hinum eitursvala Steven Seagal. Myndin fjallar um ribbalda sem ráðast inn á heimili hans og myrða eiginkonu hans og son. Sjálfur fellur hann í dá en vaknar upp sjö árum síðar og þarf enn á ný að eiga við þá sem vilja hann feigan.

Ef horft er framhjá ótrúlegum söguþræðinum er þetta ágætis hasarmynd og var töffarinn með taglið öryggið uppmálað í hverju atriðinu á fætur öðru. Sýndi hann enga miskunn þegar hann tók á andstæðingum sínum og hikaði ekki við að handleggs- og fótbrjóta þá, að sjálfsögðu í sjálfsvörn.



**STEVEN SEAGAL** Töffarinn með taglið vakti mikla athygli í Hard to Kill.

Hin myndin var nýjasta James Bond-myndin með Daniel Craig í aðalhlutverki. Sá er ekki síður öruggur, bæði í atgervi og tilsvörum, rétt eins og sönn hasarhetja á að vera. Þessi nýi, ljóshærði Bond var svipaður Seagal að því leyti að hann gat verið afar miskunnarlaus í slagsmálum en fyrir utan það eiga þeir svo sem ekki margt sameiginlegt. Seagal má þó eiga það að hann náði að skapa sér nafn sem hasarhetja og er dýrkaður af mörgum aðdáendum slíkra mynda. Craig er ekki alveg kominn á þann stall þó svo hann nálgist hann óðfluga.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.30 Aðkomumaðurinn** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.05 Serpico** STÖÐ 2



▶ **20.00 I, Robot** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.10 Supernatural** SIRKUS



▶ **21.00 Happy Birthday Elton!** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00** Morgunstundin okkar **08.01** Fyndin og furðuleg dýr **08.06** Lítil prinsessa **08.17** Halli og risaeðlufatan **08.29** Músahús Mikka **08.53** Skordýr í Sólarlaut **09.18** Tígurinn Karrí **09.24** Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar **09.46** Heimskautalíf **10.10** Stundin okkar
**10.40 Kastljós**
**11.15 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** (2:4) e.
**12.15 Velkomin til Teheran** (1:2) e.
**13.05 Velkomin til Teheran** (2:2) e.
**14.00 Alþingiskosningar 2007 - Kjördæmin** (1:6)
**15.00 Skíðamót Íslands**
**16.05 Deildabikar kvenna í handbolta** **Bein útsending.**
**18.00 Táknmálsfréttir**
**18.10 Vesturálman** (11:22)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Jón Ólafs**
**20.20 Spaugstofan**
**20.50 Síðasta kappræðan** (The Last Debate) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2000. Fjórum fjölmiðlamönnum er falið að leggja spurningar fyrir forsetaframbjóðendur.
▶**22.30 Aðkomumaðurinn** (Hearts in Atlantis) Bandarísk bíómynd frá 2001. Meðal leikenda eru Anthony Hopkins, Hope Davis.
**00.10 Á móti straumnum** (Swimming Upstream)
**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 I, Robot**
**08.00 World Traveler**
**10.00 The Kiss**
**12.00 What a Girl Wants**
**14.00 World Traveler**
**16.00 The Kiss**
**18.00 What a Girl Wants**
**20.00 I, Robot** Hörkuspennandi framtíðartryllir með Will Smith í aðalhlutverki.
**22.00 Boys**
**00.00 Intacto**
**02.00 The Order**
**04.00 Boys**

## STÖÐ 2

**07.00 Ruff's Patch**
**07.10 Barney**
**07.35 Töfravagninn**
**08.00 Gordon the Garden Gnome**
**08.10 Myrkfælnu draugarnir**
**09.20 Kalli kanína og félagar**
**09.45 Bratz**
**10.05 A.T.O.M.**
**10.30 Teen Wolf** Skemmtileg unglingamynd með Michael J. Fox í hlutverki unglings sem gengur ekki alltof vel að falla í hópinn.
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Bold and the Beautiful**
**14.10 Leitin að strákunum**
**15.00 Sálin og sinfónían**
**16.05 The New Adventures of Old Chr** (7:13)
**16.45 Sjálfstætt fólk**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.15 How I Met Your Mother** (6:22) Lily gerist þjófur á nýja vinnustaðnum en hún vill kenna yfirmanninum lexíu og telur þjófnað vera réttu leiðina.
**19.35 Joey** (12:22) Bandarískir gamanþættir um skrautleg ævintýri og framabrölt Joeys Tribbianis í Hollywood.
**20.00 Stelpurnar** (16:20)
**20.25 The Perfect Man** Rómantísk gamanmynd með þeim Heather Locklear og Hilary Duff í aðalhlutverkum. Holly er táningsstelpa sem er komin með hundleið á karlavandamálum móður sinnar og ákveður því að taka til eigin ráða.
▶**22.05 Serpico** Klassísk spennumynd með Al Pachino í aðalhlutverki. Serpico er heiðarleg lögga sem þarf að berjast á móti straumnum í lögregluliði þar sem allir þiggja mútur og glæpastarfsemi einskorðast ekki við glæpamennina. Aðalhlutverk. Al Pacino, John Randolph, Jack Kehoe. Leikstjóri. Sidney Lumet. 1973. Stranglega bönnuð börnum.
**00.10 A Shot at Glory**
**02.00 The Last Shot**
**03.30 Triumph of Love**
**05.20 Joey** (12:22)
**05.45 Fréttir**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17.00 Trading Spouses** (e)
**17.45 KF Nörd** (14:15) Í þessum næstsíðasta þætti um Nördana verður fylgst með þeim í undirbúningi sínum fyrir leikinn stóra gegn Íslandsmeisturum FH. Jafnframt verður litið yfir farinn veg og Nördarnir fá vísindalegar niðurstöður varðandi bætt líkamsástand sitt. Þá fá þeir tækifæri til þess að mæta liði að nýju sem þeir töpuðu stórt fyrir í upphafi þessa ævintýris.
**18.30 Fréttir**
**19.10 American Inventor**
**21.00 George Michael TV Special** (e) Sérstakur þáttur um George Michael í tilefni útgáfu nýrrar plötu kappans.
**22.00 Leitin að strákunum** Leitin að Strákunum er alíslenskur og ofurraunverulegur skemmtiþáttur. Eins og nafnið gefur til kynna gengur Leitin að Strákunum út á að finna sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar og það verða hinir einu sönnu Strákar sem koma til með að stjórna leitinni og velja þá efnilegustu. 10 þáttakendur urðu fyrir valinu eftir áheyrnarprufur og munu Strákarnir leggja fyrir þá hinar ótrúlegustu þrautir og áskoranir, sem allir ættu að þekkja úr gömlu góðu Stráka- og 70 mínútna þáttunum. Strákarnir þurfa síðan að dæma um það hverjir standa sig best og hverjir falla úr keppni. Keppendurnir týna tölunni einn af öðrum, einn í hverjum þætti, þar til þrír standa eftir sem sigurvegarar í Leitinni og fá að launum sinn eigin sjónvarpsþátt á Sirkus.
**22.45 Gene Simmons. Family Jewels** (Fan-Tastic)
▶**23.10 Supernatural** (10:22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
**00.00 Dr. Vegas** (e)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**11.05 Vörutorg**
**12.05 Rachael Ray** (e)
**15.05 Top Gear** (e)
**16.00 Psych** (e)
**16.50 World¿s Most Amazing Videos** (e)
**17.40 Fyrstu skrefin** (e)
**18.10 Survivor. Fiji** (e)
**19.10 Game tíví** (e)
**19.40 Everybody Hates Chris** (e)
**20.10 World¿s Most Amazing Videos** (5:26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu.
▶**21.00 Happy Birthday Elton!** Upptaka frá afmælistónleikum Eltons John. Tónleikarnir voru haldnir í Madison Square Garden í New York 25. mars, á sextugsafmæli kappans. Elton hefur verið á toppnum í tónlistarheiminum í 30 ár og á þessum tónleikum verður allt það besta frá litríkum ferli Sir Eltons. Áhorfendur fá að sjá hann flytja ný lög í bland við gamla smelli.
**22.30 The Dead Zone** (2:12) Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun. Ekki missa af frábærum þáttum byggðum á samnefndri skáldsögu Stephen King.
**23.20 Hack** (5:18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri.
**00.10 Dexter** (e)
**01.00 Kidnapped** (e)
**01.50 House** (e)
**02.40 Tvöfaldur Jay Leno** (e)
**04.20 Vörutorg**
**05.20 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**10.45 Upphitun** (e)
**11.15 Tottenham - Arsenal** (beint)
**13.35 Á vellinum með Snorra Má**
**13.50 Liverpool - Wigan** (beint)
**16.00 Á vellinum með Snorra Má**
**16.10 Man.Utd.- Middlesbrough** (beint)
**18.30 Tottenham - Arsenal** (frá í dag)
**20.30 Fulham - Blackburn** (frá í dag)
**22.30 West Ham - Everton** (frá í dag)
**00.30 Dagskrárlok**




# Helgartilboð!

Beinslausar BBQ kjúklingabringur
á aðeins 1490.- kr.kg

GALLERÍ KJÖT

Opið virka daga frá kl 10 -18:30 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 Búðarkór 1 Tjarnarvöllum 15 gallerikjot.is

## Í KVÖLD



### REAL MADRID - VALENCIA

**Sýn kl. 19.50**

Í kvöld verður bein útsending frá stórleik Real Madrid og Valencia í spænska boltanum. Real tapaði í síðustu umferð en á samt möguleika á titlinum eins og Valencia sem er komið á góða siglingu og skellti Sevilla um síðustu helgi.

### ▶ Við mælum með The Perfect Man Stöð 2 kl. 20.25

Rómantísk gamanmynd með Heather Locklear og Hilary Duff í aðalhlutverkum. Holly er táningsstelpa sem er orðin vön því að búslóðinni sé pakkað niður og flutt í hvert sinn sem einhleyp móðir hennar hættir með enn einum kærastanum. Jean er farin að óttast að hún verði ein þegar dætur hennar flytja að heiman og er hún því í örvæntingarfullri leit að hinum eina rétta. Þegar nýjasta sambandið springur telur hún að réttast væri að flytja aftur en Holly ákveður þá að taka til sinna ráða.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Glætan
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Laumuspil
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Íslensk þjóðmenning - Munnmenntir, bókmenntir
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.00 PGA Tour 2007 - Highlights**
**07.55 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**08.20 Pro bull riding** (Tacoma, WA - Oh Boy! Oberto Invitational)
**09.15 Iceland Expressdeildin 2007** (KR - Njarðvík)
**11.40 NBA 2006/2007 - Regular Season games**
**13.50 Spænska bikarkeppnin** (Deportivo - Sevilla)
**15.30 Spænski boltinn** (Barcelona - Real Madrid)
**17.20 Spænski boltinn - upphitun**
**17.50 Spænski boltinn** (Real Sociedad - Atl. Madrid) Bein útsending frá leik Real Sociedad og Atletico Madrid í spænska boltanum.
**19.50 Spænski boltinn** (Real Madrid - Valencia) Bein útsending frá stórleik Real Madrid og Valencia í spænska boltanum.
21.50 Box - Ricky Hatton - Luis Call
**23.10 Hnefaleikar** (Erik Morales - Manny Pacquiao)
**00.25 Hnefaleikar** (Box - John Ruiz vs. Nikolai Valuez)

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**6.50** Frikvarter 7.15 Australiens Perle 7.45 Ninja Turtles: Tidsrejsen! 8.05 Troldspejlet 8.35 Lovens vogtere 9.00 B¢rneblæksprutten 9.15 Ungdomsprogram 9.30 Viften 10.00 TV Avisen 10.10 Poul Martinsen kavalkade 11.00 Forestillinger 12.10 Boogie Listen 13.10 F¢r melodi grand prix 14.10 Hiv stikket ud med Master Fatman 15.10 F¢r s¢ndagen 15.20 Held og Lotto 15.30 Hit med Kaj og Andrea 16.00 De store katte 16.30 TV Avisen med vejret 16.55 SportNyt 17.30 Når flamingo-morderen slår til 18.00 Matador 19.05 Kriminalkommissær Barnaby 20.40 Conviction 21.25 Nagende tvivl 23.15 Boogie Listen 5.30 Morten 5.55 Den lille r¢de traktor

### NRK 1

**6.00** Mikkes klubbhus 6.45 Skrimmel Skrammel 7.30 Kårni og B¢rni 8.00 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 8.15 Liga 8.45 Fabrikken 9.15 Frokost-tv 10.15 Hjarte i Afrika 11.00 Zero - Når vil mobbingen ta slutt? 11.25 Dok1: Det multinasjonale selskap 12.25 Asterix & Obelix: Oppdrag Kleopatra 14.10 Adresse Helsingfors 15.10 Doc Martin 16.00 Skrimmel Skrammel 16.25 En gul en og en gr¢nn en 16.30 Amigo 17.00 L¢rdagsrevyen 17.45 Lottotrekning 17.55 Hvilket liv! 18.25 Topp 10 19.30 Med hjartet på rette staden 20.15 L¢vebakken 20.40 Veterinær på safari 21.10 Kveldsnytt 21.25 Space Cowboys 5.30 Stå opp! 5.31 Den lille r¢de traktoren 5.40 Lisa 5.50 Teddy og Annie 6.00 Kalle og Molo

### SVT 1

**6.00** Bolibompa hälsar på 6.01 Meckar-Micke 6.15 Dagens visa 6.20 Zoé Kézako 6.35 I Mumindalen 7.00 Karamelli 7.30 Sagoträdet 7.45 Klister 8.00 Amigo 8.25 Hjärnkontoret 8.55 Uppdrag Granskning 9.55 Ishockey: Tre Kronor live 12.50 Playa del Sol 13.20 Innebandy: SM-final 16.00 Disneydags 17.00 Bröderna Lejonhjärta 17.25 Wallace & Gromit: Magnifika mackapärer 17.30 Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Stina! 19.00 Brottskod: Försvunnen 19.40 The Robinsons 20.10 Apport! 20.15 Bingo Royale 21.00 Rapport 21.05 Sagan om furstinnan Grace 22.05 Serverat 0.10 Sändningar från SVT24 6.00 BoliBompa




## PERSÓNAN



*Árni Kópsson*

**Aldur:** 44 ára.
**Starf:** Kafari.
**Fjölskylda:** Kvæntur Brynhildi Jónsdóttur bókara, eiga tvö börn, tvö börn úr fyrra sambandi.
**Foreldrar:** Rannveig Árnadóttir þjónustufulltrúi, látin, og Kópur Sveinbjörnsson vélvirki.
**Búseta:** Holtagerði í Kópavogi.
**Stjörnumerki:** Meyja.

Árni stjórnaði aðgerðum þegar Wilson Muuga var dregið af strandstað.

# Tekur Partílandið fram yfir Harry Potter

„Ég er núna að fara að spila með landsliðinu en auðvitað vilja allir spila með Draumaliðinu,“ segir Jón Páll Eyjólfsson, leikari og leikstjóri, sem stóð frammi fyrir erfiðri ákvörðun í vikunni. Fréttablaðið greindi frá því að hann væri einn þeirra sem þyki koma til greina í hlutverk í sjöttu kvikmyndinni um Harry Potter. Þau áform rákust hins vegar á við leikstjórn Jóns Páls á Partílandinu, leikverki Jóns Atla Jónassonar sem sett verður upp í Þjóðleikhúsinu sem lokapunktur Listahátíðar.

„Þessar fréttir af Harry Potter-dæminu ýttu við mér og komu mér í svolítið uppnám. Ég kýs að ræða það ekkert frekar en eins og staðan er núna er ég að fara að leikstýra Partílandinu,“ segir Jón Páll. „Ég gat bara ekki haldið þessari sýningu í gíslingu og varð að taka ákvörðun. Hitt dæmið er eðli málsins samkvæmt mjög ótryggt.“

Fyrsti samlestur á Partílandinu fór fram í Þjóðleikhúsinu í gær. Í helstu hlutverkum eru Erlingur Gíslason, Kristbjörg Kjeld, Björn Thors og Laufey Elíasdóttir auk höfundarins Jóns Atla og leikstjórans Jóns Páls. „Já, ég er í veigamiklu hlutverki. Leikhópurinn og allir sem koma að þessu eru alveg frábærir – þetta er sannarlega landsliðið í íslensku leikhúsi,“ segir Jón Páll. Auk áðurnefndra leikara munu nokkrir þjóðþekktir einstaklingar koma fram í sýningunni sem þeir sjálfir. Jón Páll fæst ekki til að upplýsa hverjir það er, segir það ekki tímabært. - hdm



**PARTÍLANDIÐ** Björn Thors, Jón Atli Jónasson, Erlingur Gíslason, Friðgeir Einarsson, Laufey Elíasdóttir og Jón Páll Eyjólfsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2.** mælieining á spennu rafstraums, **6.** tveir eins, **8.** fley, **9.** skilaboð, **11.** C, **12.** festa lauslega, **14.** náskyldur, **16.** í röð, **17.** skýra frá, **18.** for, **20.** bardagi, **21.** faðmlag.
**LÓÐRÉTT**
**1.** dýrahljóð, **3.** ógrynni, **4.** ítalskur ofnréttur, **5.** viður, **7.** hugarburður, **10.** rá, **13.** farfa, **15.** nótt, **16.** hryggur, **19.** óreiða.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** volt, **6.** íí, **8.** far, **9.** sms, **11.** sé, **12.** tylla, **14.** náinn, **16.** bd, **17.** tjá, **18.** aur, **20.** at, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT:** **1.** tíst, **3.** of, **4.** lasanja, **5.** tré, **7.** ímyndun, **10.** slá, **13.** lit, **15.** nátt, **16.** bak, **19.** rú.


Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON: SKRIFAR BÓK BYGGÐA Á EIGIN REYNSLU

# Kennir öðrum körlum hvernig umgangast á konur

Þorgrímur Þráinsson er í óða önn að leggja lokahönd á bók sem vafalítið á eftir að vekja mikla athygli þegar hún kemur út. Bókinni hefur verið gefinn titillinn „Hvernig á að gera konuna þína hamingjusama: Skemmtilegra kynlíf, fallegri samskipti, meira sjálfsöryggi“ en þar mun Þorgrímur leggja kynbræðrum sínum línurnar um hvernig þeir geti staðið sig betur í sambandi sínu við hitt kynið.

Fréttablaðið hafði spurnir af því að bókin yrði skrifuð á ensku og að rithöfundurinn ætlaði jafnvel að leggja heiminn undir sig með útgáfunni en Þorgrímur segir af og frá, þetta sé fyrir íslenska karla. „Ég fékk hins vegar hugmyndina á borð til mín á ensku og þá hét bókin „How to make your wife happy: Sexual and practical tips for men,“ útskýrir Þorgrímur og viðurkennir að ef til vill hljómi sá titill jafnvel betur en sá íslenski.

Þorgrímur segir bókina að einhverju leyti frásögn af sjálfum sér þótt hann leyfi sér að taka ráð héðan og þaðan og vitni í aðrar bækur um sambærilegt efni. „Ég hef orðið nokkuð góða reynslu eftir tuttugu ára sambúð,“ segir Þorgrímur og skellir upp úr og bætir því við að ekki hafi ríkt neitt krísuástand á heimilinu þegar ljóst var hvers kyns bókin var og að þar væri að finna einhverjar uppljóstranir. „Konan tók alveg rosalega vel í þetta, hjónabandið er einda það gott að það þolir í raun hvað sem er,“ bætir Þorgrímur við. Þorgrímur segir að þótt hann sé að skrifa svona bók sé hann alls ekki fullkominn, langt frá því. „Ég hika ekkert við að gera grín að sjálfum mér enda hefur mér orðið á í messunni eins og öllum öðrum. En ef maður þorir að vera bæði einlægur og segja frá sínum mistökum þá snertir það miklu frekar aðra,“ segir Þorgrímur sem telur góðan markað fyrir bók af þessu tagi. „Við erum svo miklir durgar, karlmennirnir, að við getum alveg bætt okkur,“ útskýrir Þorgrímur sem sagðist þó ekki vilja ræða efnislegt innihald bókarinnar, það yrði að koma á óvart þegar hún kæmi út.

„Þetta á bara að vera nýr vinkill inn í samskipti kynjanna. Og ég verð alveg að viðurkenna að þetta hefur verið eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert.“

freyrgigja@frettabladid.is



**GOTT HJÓNABAND** Þorgrímur Þráinsson segir konuna sína hafa tekið vel í þá hugmynd að hann skrifaði bók sem byggist að hluta til á eigin reynslu, enda sé hjónabandið traust eftir tuttugu ára sambúð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Frétt Fréttablaðsins um kjarabaráttu ungra leikara vakti þó nokkra athygli en nokkrir þeirra sögðu nei við hlutverkum í sjónvarpsþáttunum Pressa vegna þess að þeir töldu launin vera langt undir þeim taxta sem Félag íslenskra leikara hefur sett. Einn þeirra, **Gísli Pétur Hinriksson**, virðist hafa tekið réttan pól í hæðina því skömmu eftir að hann hafði vísað frá sér bitastæðu hlutverki í sjónvarpinu bauðst honum stórt hlutverk í kvikmyndinni Heiðinni en hún verður tekin upp á sama tíma og sjónvarpsþættirnir. Það fylgir víst sögunni að Gísli fær greitt samkvæmt öllum samningum.



Og meira af Pressu, hugverki **Óskars Jónassonar** og **Sigurjóns Kjartanssonar**. Þór Freysson, framleiðandi þáttanna, lýsti því yfir í samtali við Fréttablaðið að þetta hefði ekki haft nein veruleg áhrif á hlutverkavalið og að þeir hefðu nú þegar verið búnir að ráða í öll helstu hlutverk. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun **Kjartan Guðjónsson** vera einn þeirra sem hefur skrifað undir samning um að leika eitt stærsta hlutverkið.



Salan á fálkaorðunni vakti einnig mikla athygli og voru þó nokkrir bloggverjar sem ljáðu máls á þessu viðkvæma máli enda gilda ströng lög hvað skuli verða um orðuna þegar orðuhafi hverfur yfir móðuna miklu. **Doktor Ármann Jakobsson** skrifar nokkuð reyfarakennda lýsingu á málavöxtum sem lýkur með þeim orðum að lögreglan gruni mann „sem hafi sterk tengsl við bæði Indland og orður“. - fgg


SPRENGJUTILBOÐ
Íbúðir á Benidorm til leigu á ótrúlegu verði.
Í apríl og maí bjóðum við glæsilegar íbúðir til leigu á einum besta stað á Benidorm.
Hver íbúð hefur svefnpláss fyrir allt að fjóra gesti.
Vikuverð aðeins 27.000 kr.
Upplýsingar og bókanir hjá espis@espis.net
Símar: 0034-697-586-424 og 0034-687-797-778.



Bílaréttingar – bílasprautun
Óskum nú þegar að ráða starfsfólk vana bílaréttingum og málun.
Mikil vinna, góð laun og vinnuaðstaða.
Rétt verk
Bílamálun og réttingar
Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - S. 586 2828


# Logi Bergmann í Kenía

„Við fórum þarna um fátæktarhverfin og það var sláandi. Maður upplifði hluti sem við þekkjum alls ekki,“ segir sjónvarpsmaðurinn Logi Bergmann Eiðsson sem ferðaðist um Kenía á dögunum. Logi var þar í félagi við Einar Árnason kvikmyndatökumann og þeir kynntu sér starf ABC barnahjálparinnar. Afrakstur ferðar Loga verður sýndur í Kompás á Stöð 2 á sunnudagskvöldið.

„Við bjuggum á barnaheimili ABC þar sem eru 50 börn en þau eru með 180 börn á sínum vegum þarna í allt. Svo fylgdum við Þórunni Helgadóttur, sem sér um starfið þarna úti, eftir og fengum að sjá hvað þau gera. Við fórum með henni þar sem hún hitti skjólstæðinga sína sem margir voru einstæðar mæður sem búa við erfið skilyrði. Þetta var einstaklega lærdómsríkt.“

Logi segir það sérstaklega hafa verið áhugavert að sjá hversu lítil yfirbygging sé yfir starfsemi ABC í Kenía. Því fari allt fé sem safnast beint til þeirra sem þurfa á því að halda. „Þetta var alveg ótrúlegt,“ segir Logi Bergmann. - hdm



**LOGI BERGMANN Í KENÍA** Sjónvarpsmaðurinn hreifst mjög af starfi ABC barnahjálpar í Kenía.



**LÆRDÓMSRÍK FERÐ** Sjónvarpsmaðurinn Logi Bergmann Eiðsson fékk að verða vitni að mikilli fátækt í Kenía þegar hann dvaldist þar á dögunum. Hér er hann með einum af skjólstæðingum ABC barnahjálpar en sá tók hálfgerðu ástfóstri við Loga.

# ÚTSÖLUMARKAÐUR HOLTAGÖRÐUM

## 30-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

## TROÐFULL BÚÐ AF VÖRUM

## NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

HANDKLÆÐI, SOKKAR, METRAVARA, BARNAVARA, HÚSGÖGN, SÆNGUR OG KODDAR

OPIÐ ALLA DAGA

ALLT Á AÐ SELJAST VERSLUNIN LOKAR

ATH. AÐ TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í RÚMFATALAGERNUM HOLTAGÖRÐUM

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## 260 krónur

Það vatt sér að mér ellilífeyrisþegi um daginn og var nokkuð mikið niðri fyrir. Hann hafði hlýtt á stjórnmálaforingja hér á landi, sem nokkuð lengi hefur setið við völd, lofa því með pomp og prakt að nú skyldi öllum ellilífeyrisþegum tryggður 25 þúsund kall á mánuði í lágmarks lífeyrisgreiðslur, til hliðar við aðrar greiðslur. Þessu var víða tekið nokkuð fagnandi, en þessi tiltekni eldri borgari hafði hins vegar sest niður með blað og penna og farið að reikna. Hann komst að þeirri niðurstöðu að eftir að skerðingar og skattar hefðu verið teknar af þessum 25 þúsund kalli, stæðu eftir einhverjar litlar sjö þúsund krónur á mánuði. „Þetta eru um 260 krónur á dag þegar öllu er á botninn hvolft,“ sagði maðurinn og hristi höfuðið. „Það er nú allt og sumt.“

**SVONA** er mikilvægt að rýna vel í kosningaloforðin. Almannatryggingakerfið á Íslandi er orðið svo flókið og skerðingarnar svo miklar og þvældar að 25 þúsund kall til þeirra sem minnst hafa á milli handanna er alls enginn 25 þúsund kall þegar allt er reiknað. Fátæktargildrurnar, sem koma í veg fyrir að illa stæðir ellilífeyrisþegar beri meira úr býtum, sjá kirfilega til þess að kjarabætur skili sér ekki nema að litlum hluta ofan í þeirra vasa á endanum

**KANNSKI** var þessum stjórnmálaforingja vorkunn. Hann ætlaði að vera grand. En líklega er orðið svo langt síðan að flokkur hans tók við stjórnartaumunum að hann er gjörsamlega búinn að gleyma því hvað þetta kerfi allt saman – sem byggist upphaflega á réttlætishugsjón en stjórnvöld hafa því miður látið algerlega óafskipt í bakgarðinum – er orðið mikið skrímsli.

**SVO** heyrði ég af annarri manneskju, eldri borgara, sem upp á síðkastið hefur glímt við mikil veikindi og telst því öryrki. Í ofanálag liggur húsið hennar undir skemmdum. Vegna fúa þurfti að rífa alla efri hæðina af svo að húsið stóð opið upp á gátt. Þessi kona ákvað því að taka út viðbótarlífeyrissparnaðinn sinn til þess að gera við húsið.

**EN** þá gerðist hið sama og ég sagði frá hér að ofan. Þegar sparnaðurinn var tekinn út komu skerðingar og skattar á móti svo að kona þessi stóð eftir með litlar 70 þúsund krónur á mánuði. Og það sem verra er: Ef kona þessi ætti aur inni á öðrum bókum myndi hann heldur ekki nýtast í þessum aðstæðum. Ef hún tæki hann út og greiddi sér hann, kæmu skerðingarnar enn á ný eins og urrandi hundar til þess að reka hana aftur ofan í gildruna.

**SVONA** þjóðfélag er ekki gott. Kona sem getur ekki gert við húsið sitt og horfir upp um gat á þakinu sínu, fárveik, með 70 þúsund krónur á mánuði eftir langa vinnuævi býr ekki í góðu eða réttlátu þjóðfélagi. Og 260 krónur á dag í viðbótargreiðslur frá ríkinu munu auðvitað engu breyta fyrir hana. Í þessu dæmi þarf ekki bara nýtt þak á hús fyrir konu. Hér þarf róttæka endurreisn réttlætisins.

